

**SKOÐUN** Katrín Jakobsdóttir skrifar um heilbrigðismál og einkarekstrarofstæki. 20



**MENNING** Ekki hætta að anda eftir Auði Övu frumsýnt í Borgarleikhúsinu í kvöld. 32



**LÍFIÐ** CCP greiðir starfsfólki fyrir að ganga, hjóla eða taka strætó í vinnu. 50



**SPORT** Átta leikmenn Íslands á HM í Katar hafa verið með á tíu stórmótum. 46







# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**Fimmtudagur**
15. janúar 2015
12. tölublað 15. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup apríl-júní 2014


## FRÉTTIR




**Brýnt að virkja karla** Rakarastofuráðstefnan hófst í New York í gær. Utanríkisráðherra segir brýnt að virkja karla í baráttunni fyrir jöfnum rétti kynjanna. 4

**Metsala á Charlie** Skopmyndablaðið Charlie Hebdo hefur aldrei selst jafn vel. Hryðjuverkasamtökin al-Kaída í Jemen hafa lýst yfir ábyrgð á ódæðinu í París. 10

**Velgengni í Múlakaffi** Hagnaður Múlakaffis á árinu 2013 nam tæpum 135 milljónum króna og var rúmum 24 milljónum hærri en árið á undan. 18




20

| | | | |
|---|---|---|---|
| Bolungarvík | -3° | N | 13 |
| Akureyri | -4° | NNV | 11 |
| Egilsstaðir | -4° | NNV | 14 |
| Kirkjubæjarkl. | -4° | NNV | 11 |
| Reykjavík | -2° | N | 11 |

**HVASSVIÐRI** Í dag verða víða norðvestan 10-20 m/s með snjókomu um norðanvert landið en léttskýjað syðra. Frost á bilinu 0-8 stig. 4

## 2 SÉRBLÖÐ

Hm í Katar 2015 | Fólk




# Nær 19 milljarðar í afslátt á fimm árum

Átaksverkefnið Allir vinna rann sitt skeið um áramót. Skattafsláttur í þau fimm ár sem verkefnið varði nemur tæpum 19 milljörðum króna. Samtök iðnaðarins þrýstu á um áframhald verkefnisins. Segja að berjast þurfi gegn svartri vinnu.

**EFNAHAGSMÁL** Endurgreiðsla og lækkun skatta vegna átaksverkefnisins Allir vinna nam 18,7 milljörðum króna. Verkefninu, sem upphaflega átti að ljúka í ársbyrjun 2011, lauk nú um áramót.

Nærri 89 þúsund beiðnir bárust ríkisskattstjóra um endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna átaksins og tæplega 39 þúsund nutu lækkunar tekjuskattsstofns. Afsláttur var veittur vegna nýbygginga og endurbóta á húsnæði, bæði íbúðar- og frístundahúsnæði.

Yfir 15,5 milljarðar króna voru endurgreiddir af innheimtum virðisaukaskatti og lækkun tekjuskattsstofns á gjaldaárunum 2011 og 2012 vegna kostnaðar við viðhald og endurbætur á íbúðar- og frístundahúsnæði nam alls tæpum 3,2 milljörðum króna.



GUÐRÚN HAFSTEINSDÓTTIR

Guðrún Hafsteinsdóttir, formaður Samtaka iðnaðarins, segir samtökin hafa lagt á það ríka áherslu við fjármálaráðherra að áfram yrði haldið með verkefnið. „Við náðum því því miður ekki í gegn,“ segir hún. Verkefninu hafi fylgt ávinningur umfram þá tímabundnu innspýtingu sem byggingargeirinn hafi þurft á að halda eftir hrun, svo sem í baráttunni gegn svartri atvinnustarfsemi, auk þess að búa til störf og viðhalda verðmæti eigna. Hér hafi svört atvinnustarfsemi lengi loðað við ákveðnar atvinnugreinar og jafnvel er talið að árlegt tekjutap ríkisins vegna þessa nemi um 70 milljörðum króna.

„Og ég hefði viljað halda þessu inni í 100 prósentum til að koma allri þessari starfsemi upp á yfirborðið.“ - óká / sjá síðu 6

Opna nýjan veitingastað:

## Landsliðskappi í pitsubakstur

**FÓLK** „Við erum bara að leggja lokahönd á staðinn, eins og sést þá er ég bara í vinnugallanum. Svo skiptir maður fljótlega yfir í bakaragallann,“ segir Valgeir Gunnlaugsson, pitsusérfræðingur og rekstrarstjóri.



GUÐJÓN VALUR SIGURÐSSON

Valgeir, ásamt frænda sínum Ísak Runólfssyni bakara og Guðjóni Val Sigurðssyni handboltamanni, opnar pitsustaðinn Íslensku flatbökuna í Kópavogi í lok mánaðarins.

„Guðjón er frændi unnustu minnar, ég bar þessa hugmynd undir hann og honum leist vel á. Hann er meira að hugsa þetta til lengri tíma og fannst spennandi að taka þátt í að byggja upp eitthvað heima á Íslandi. Allt sem Guðjón gerir, það gerir hann vel og við líka,“ segir Valgeir. - asi / sjá síðu 50




**FRAMKVÆMDIR Í FULLUM GANGI** Þessa dagana er unnið hörðum höndum að stækkun Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar. Á síðasta ári fóru 969 þúsund ferðamenn um flugvöllinn sem er um fjórðungs fjölgun farþega milli ára. Í nýju viðbyggingunni eru ekki landgöngubrýr heldur verður farþegum ekið þaðan og að flugvélum. Áætluð verklok eru sumarið 2016. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM






Múslimar verða fyrir ónæði og innanríkisráðherra vill að þeir fái að lifa í friði:

# Eru Íslendingar eins og við hin

**STJÓRNMÁL** „Múslimar eru bara borgarar á Íslandi eins og við hin. Þetta eru Íslendingar sem eiga að fá að lifa sínu lífi í friði,“ segir Ólöf Nordal innanríkisráðherra.

Ingibjörg T. Sigurjónsdóttir, sem er ein þeirra kvenna sem hafa verið ötular í trúarstarfi múslima, segir múslimakonur oft verða fyrir ónæði og að þær ræði það sín á milli. Margir amist við því að þær kjósi að hylja hár sitt með hijab.

„Konur lenda í því að vera spurðar af hverju þær séu með hijab og eru þá gjarnan spurðar að því af hverju þær klæði sig ekki eins og Íslendingar,“ segir Ingibjörg. „Þá eru konur oft spurðar hvort þær séu kúgaðar af eiginmanni sínum. Hvort þær ráði yfir sér sjálfar eða séu neyddar til einhvers af manni sínum.“

Innanríkisráðherra undirstrikar að múslimar njóti allra réttinda eins og annað fólk.

„Ég vona það svo sannarlega að menn fari nú ekki út í að koma því þannig fyrir að þeim finnist þeim vera ógnað hér,“ segir Ólöf Nordal sem kveður alls ekki standa til að kanna bakgrunn þeirra 1.500 múslima sem búa á Íslandi eins og flokksbróðir hennar stakk upp á. „Það er engin heimild í fyrsta lagi til að gera neitt slíkt og kemur auðvitað ekki til nokkurra mála að draga menn í hópa eins og þarna er gert.“ - fbj / kgb sjá síðu 8 og 12



> Þegar ráðist er inn fyrir okkar múra þá á ekki að fara í vörn heldur þvert á móti sækja fram á grundvelli okkar gilda. Við eigum fyrst og fremst að tala fyrir grundvallarmannréttindum og treysta á okkar lýðræðislega samfélag og alla okkar lýðræðislegu uppbyggingu.

*Ólöf Nordal innanríkisráðherra.*




## SPURNING DAGSINS



Björn, á að kenna börnum á sónar?

**„Já, þau eru snjallir tónsmiðir.“**
Sónar Reykjavík stendur fyrir tónlistarnámskeiði með snjalltækjum fyrir börn 9.–12. febrúar samhliða hátíðinni. Björn Steinbeck er framkvæmdastjóri Sónar Reykjavík.

Eldri borgarar sem nýta sér ferðaþjónustu fatlaðra hafa lent í vandræðum vegna breytts fyrirkomulags:

# Breyting á akstri bitnar á eldri borgurum

**SAMGÖNGUR** „Þetta bitnar líka á eldri borgurum sem nýta sér þjónustuna, við erum búin að fá mikið af símtölum frá fólki,“ segir Þórunn Sveinbjörnsdóttir, formaður Félags eldri borgara, um ferðaþjónustu fatlaðra. Mikið hefur verið fjallað um óánægju með ferðaþjónustu fatlaðra eftir að Strætó bs. tók við akstrinum. Fjölmörg óhöpp hafa orðið og öryggið lítið. Kvartað hefur verið yfir því að erfitt sé að ná sambandi til þess að panta akstur. „Þau símtöl sem við höfum verið að fá snúa flest að því að fólk nær ekki sambandi. Ég er með dæmi um konu sem var að koma frá lækni og beið á línunni í fjörutíu mínútur án þess að ná sambandi. Hún endaði á að fara inn í búð þar sem hún ætlaði að fá að hringja og þar var ungt fólk sem tók hana að sér og kom henni heim,“ segir Þórunn og bætir við að ástandið sé alvarlegt. Margir eldri borgarar nýti sér þjónustuna til þess að komast leiðar sinnar.

Þórunn segist einnig hafa heyrt af mörgum dæmum þar sem akstur taki mun lengri tíma en vanalega. „Það var einn sem sat í bílnum í þrjátíu mínútur og það var keyrt fram hjá heimilinu hans vegna þess að bílstjórinn þurfti að vera mættur annars staðar. Þetta er ég búin að heyra oftar en einu sinni. Þegar færðin er svona slæm þá er það nauðsynlegt fyrir marga að geta nýtt sér þessa þjónustu þar sem það er erfitt að komast á milli.“

- vh



**„Ég er með dæmi um konu sem var að koma frá lækni og beið á línunni í fjörutíu mínútur án þess að ná sambandi.“**

*Þórunn Sveinbjörnsdóttir, formaður Félags eldri borgara.*



**ÁSTA GUNNLAUGSDÓTTIR** Segir óvissu í Bandaríkjunum taka við af öryggi á Íslandi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Dómi Hæstaréttar Íslands fullnægt á Keflavíkurflugvelli:

# Ásta flaug með börnin utan í gær

**Ásta Gunnlaugsdóttir fór með börn sín tvö af landi brott í gær. Ástu var gert að afhenda barnsföður sínum börnin eftir að Hæstiréttur sneri við dómi Héraðsdóms Reykjaness sem hafði úrskurðað að það myndi stefna andlegri heilsu barnanna í hættu að taka þau úr umsjá móður þeirra.**

**Faðir Ástu fór utan með henni og barnabörnum sínum til að verða henni innan handar þar til dómstólar vestanhafs hafa tekið málið fyrir.**

**Ásta sagði í samtali við Fréttablaðið í gær að hún vissi ekki hvað tæki við eftir að hún færi út eða hversu langan tíma það myndi taka fyrir dómstóla að úrskurða í málinu.**

- vh

Gæsluvarðhald fellt úr gildi:

# Taldi sig berja djöfla úr konu

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur Íslands hefur fellt úr gildi gæsluvarðhaldsúrskurð Héraðsdóms Reykjavíkur yfir manni sem er grunaður um að hafa ráðist á konu á heimili hennar. Maðurinn tjáði lögreglu þegar hann var handtekinn á heimili konunnar að hann væri Gabríel erkiengill og hefði verið að lemja djöfla úr konunni. Konan var mjög bólgin í andliti og blóðug.

Hæstiréttur taldi ekki sýnt fram á að ætlað afbrot mannsins uppfyllti skilyrði gæsluvarðhalds.

- bo

Hugmyndir um Reykjavík:

# Minni hraði og háskólahraðleið

**REYKJAVÍKURBORG** Fjölmargar hugmyndir af samráðsvefnum Betri Reykjavík voru í gær lagðar fram á fundi skipulags- og umhverfisráðs borgarinnar sem vísaði þeim öllum til skoðunar hjá embættismönnum.

Bekkir við Hlemm, lægri hámarkshraði í íbúðargötum, rauntímakort í strætóskýli og hraðleið á milli stúdentaíbúðanna í Grafarholti og háskólanna eru meðal hugmynda. Einnig er stungið upp á því að flugvöllurinn fari burt og að þeim sem ekki nota nagladekk sé umbunað.

- gar

# Varar unglinga við hvatvísi á Snapchat

Mikilvægt er að foreldrar séu meðvitaðir um internetnotkun barnanna og fræði þau um hættur sem leynast á netinu, segir Hrefna Sigurjónsdóttir, framkvæmdastjóri Heimilis og skóla. Alvarlegt sé að börn séu á vafasömum Snapchat-rásum.

**SAMFÉLAGSMÁL** „Það þarf að koma því á framfæri að þetta sé ekki eftirsóknarvert líferni og skili þeim ekki góðu. Það er auðvitað mjög alvarlegt að þetta sé til,“ segir Hrefna Sigurjónsdóttir, framkvæmdastjóri Heimilis og skóla, um Snapchat-rásina Saurlifnað sem Fréttablaðið fjallaði um í gær. Rásin er vinsæl meðal ungmenna. Þar er meðal annars deilt grófum nektarmyndum ásamt myndum og myndbrotum af eiturlyfjaneyslu.

Heimili og skóli er umsjónaraðili forvarnaverkefnisins SAFT – Samfélag, fjölskylda og tækni, sem er vakningarátak um örugga tækninotkun barna og unglinga á Íslandi. Hrefna segir það vera áhyggjuefni að börn undir lögaldri noti rásina, þar sem dreift er mjög grófu efni.

„Við fáum mjög oft ábendingar um hitt og þetta sem er athugavert á netinu en vissum ekki af þessu fyrr en farið var að fjalla um það. Það er þekkt fyrirbæri að þegar svona síður eru teknar niður þá skjóti þær strax upp kollinum aftur,“ segir Hrefna.

Efnið sem deilt er inn á Snapchat-rásina er aðgengilegt þar í sólarhring en það þarf ekki að þýða að það sé horfið eftir það þar sem hægt er að taka skjáskot auk þess sem sérstök forrit eru til sem vista allt efni af Snapchat.

Hrefna segir ungmenni almennt vera meðvituð vegna fræðslu um að það efni sem fer inn á internetið geti farið í dreifingu.

„Að minnsta kosti þau sem eldri eru. Það er samt ekki alltaf hindrun, hjá sumum er það hindrun en þau hugsa oft ekki þannig á þeim tímapunkti og láta vaða og hugsa ekki endilega lengra. Svo eru auðvitað alltaf einhverjir sem hafa ekki áttað sig á því og eru bara hvatvísir og vilja vera með í fjörinu,“ segir hún.

Hrefna segir mikilvægt að foreldrar séu meðvitaðir um internetnotkun barna sinna og fræði þau um þær hættur sem leynast á vefnum.

„Það er þannig að allt sem er bannað er mjög spennandi. Eins og með þetta, þá er svo auðvelt að komast inn á þetta. Þetta er forvitni en þau sjá efni sem er ekki við þeirra hæfi og það er verið að „normalísera“ það. Þess vegna þarf að fræða þau. Við leggjum líka mikla áherslu á að ef þú gerir mistök og lendir í vandræðum, þá er það ekki heimsendir og það er allt í lagi að leita sér hjálpar. Það er hægt að hringja í okkur og Hjálparsíma Rauða krossins. Það er alltaf einhver sem er hægt að tala við,“ segir hún og bendir í þessu samhengi á heimasíðu SAFT, saft.is, þar sem er að finna fræðsluefni bæði fyrir börn og fullorðna.

viktoria@frettabladid.is



**„Þetta er forvitni en þau eru að sjá efni sem er ekki við þeirra hæfi og það er verið að „normalísera“ það.“**

*Hrefna Sigurjónsdóttir, framkvæmdastjóri Heimilis og skóla.*






**GRÓFAR MYNDIR** Inni á rásinni er að finna gróft myndefni, m.a. af kynferðislegum toga og myndir af fíkniefnum og fíkniefnaneyslu. MYND/SKJÁSKOT AF SÍÐUNNI




Eldfjallafræðingur telur enn vera hættu á öflugu gosi í Bárðarbungu:

# Hætta á sprengigosi gæti aukist

**NÁTTÚRUHAMFARIR** Ármann Höskuldsson eldfjallafræðingur telur hættu aukast á öflugu sprengigosi í Bárðarbungu eftir því sem dragi úr yfirstandandi gosi í Holuhrauni. Þá telur hann enn hættu á því að ný eldsprunga opnist undir Dyngjujökli með flóðbylgju niður í Jökulsá á Fjöllum.

„Það þarf voðalega lítið til þess að það verði einhver höft í þessari hraunrás, sem er að leiða kvikuna upp á yfirborð, og ef það gerist er allt eins víst að kvikan brjóti sér leið undir jöklinum,“ sagði Ármann í kvöldfréttum Stöðvar 2 í gær.

Þótt eldgosið teljist enn mjög öflugt hefur talsvert dregið úr þrótti þess og kvikumagnið sem upp kemur á hverri sekúndu er núna um fimmtungur af því sem mest var í haust. Kvikan er talin koma úr Bárðarbungu og ein stærsta spurningin hefur verið sú hvort gos komi þar upp.

Ármann segir vísbendingar um að Bárðarbunga hafi verið að safna í sig kviku allt frá árinu 1974, að minnsta kosti. Varmaforðinn undir Bárðarbungu sé þar ennþá til staðar.

„Það er eins víst að þegar dregur úr þessu gosi, kannski fyrstu vikurnar eftir að þetta gos fer virkilega að minnka, eða jafnvel hættir, þá bara eykst hættan á því að Bárðarbunga fari af stað.“ - kmu



**ÁRMANN HÖSKULDSSON ELDFJALLAFRÆÐINGUR** Segir eins víst að hættan á að Bárðarbunga fari af stað aukist þegar dregur úr núverandi gosi. FRÉTTABLAÐIÐ/EINAR ÞORSTEINSSON




KRINGLAN.IS
FACEBOOK.COM/KRINGLAN.IS
PIPAR\TBWA • SÍA

## SVONA ERUM VIÐ



**199.500** tonn af þorski

**hafa veiðst að meðaltali við Ísland á tímabilinu 2000 til 2014.**

Áhrif klámvæðingar á rannsókn nauðgunarbrota er töluverð að mati fagaðila í réttarvörslukerfinu:

# Ungir menn sjá ekki mun á broti og kynlífi

**DÓMSMÁL** Klámvæðingin hefur haft þær afleiðingar í samfélaginu að erfitt getur reynst að sanna ásetning ákærðra í kynferðisafbrotamálum fyrir dómstólum. Þetta er mat Hildar Fjólu Antonsdóttur sem gerði rannsókn á viðhorfum fagaðila til meðferðar nauðgunarmála innan réttarvörslukerfisins.

Af viðtölum við saksóknara má skilja að aukin klámvæðing í íslensku samfélagi og klámneysla ungra einstaklinga geri það að verkum að mörkin milli kynlífs og ofbeldis séu mjög óskýr.

Í rannsókn Hildar Fjólu er stuðst við viðtöl við einstaklinga sem koma að þessum málum í starfi sínu. Margir viðmælenda töldu sig merkja breytingu á hegðun fólks og áhrif kláms vera augljós meðal ungra einstaklinga. Sumir viðmælenda í rannsókninni töldu sig sjá fjölgun á brotum þar sem brotaþoli og sakborningur kynnast á samskiptamiðlum þar sem eldri karlmenn nálgast ungar stúlkur.

Ingibjörg Elíasdóttir, lögfræðingur hjá Jafnréttisstofu, segir það alvarlegt ef rétt sé. „Það er alveg ljóst að þetta þarf að skoða betur. Í rannsókn Hildar Fjólu eru tekin viðtöl við sérfræðingana í málaflokknum, saksóknara og verjendur, einstaklinga sem eru í miklum samskiptum við þolendur og gerendur. Þessi lýsing rímar að einhverju leyti við þá tilfinningu sem maður hefur og það sem maður heyrir í umræðunni," segir Ingibjörg. - sa



**HILDUR FJÓLA ANTONSDÓTTIR** Rannsakaði viðhorf fagaðila innan réttarvörslukerfisins til nauðgunarmála.



**REYKJANESBRAUTIN** Aðeins er kveikt á öðrum hverjum ljósastaur á Reykjanesbrautinni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Skert lýsing ógnar ekki öryggi ökumanna á Reykjanesbraut:

## Slökkt á staurum í sparnaðarskyni

**SAMGÖNGUR Aðeins er kveikt á öðrum hverjum ljósastaur á Reykjanesbrautinni. G. Pétur Matthíasson, upplýsingafulltrúi Vegagerðarinnar, segir að ákveðið hafi verið að slökkva á öðrum hverjum staur í sparnaðarskyni fljótlega eftir hrun. Að sögn Péturs sparar Vegagerðin með þessu milljónir á hverju ári.**

**Aðspurður hvort skert lýsing ógni ekki öryggi ökumanna segir Pétur ekki svo vera. „Lýsingin hjálpar fólki að sjá leiðina fram undan fremur en að lýsa veginn sem slíkan," segir hann.** - ih

Kvartað undan þingmanni:

## Sagðist vera Palestínumaður

**BRETLAND** „Ég er Palestínumaður," skrifaði breski þingmaðurinn David Ward á frönsku á Twittersíðu sína þegar hann sá að Benjamín Netanjahú, forsætisráðherra Ísraels, tók þátt í samstöðugöngunni miklu í París á sunnudag.

Daniel Taub, sendiherra Ísraels í Bretlandi, brást við hart og skrifaði Nick Clegg, aðstoðarforsætisráðherra Bretlands, bréf þar sem hann kvartaði undan tiltækinu.

Ward er þingmaður Frjálslynda flokksins en Clegg er formaður flokksins. - gb

Styrkir úr Rannsóknasjóði:

## Úthlutuðu alls 724 milljónum

**RANNSÓKNIR** Stjórn Rannsóknasjóðs hefur úthlutað styrkjum til 67 nýrra rannsóknarverkefna fyrir árið 2015. Alls bárust 226 gildar umsóknir í sjóðinn. Meðalupphæð styrkja er 10,8 milljónir króna.

Veittir voru fimm svokallaðir öndvegisstyrkir, samtals 164 milljónir króna. Rannsóknastöðustyrkir eru til tíu verkefna sem samtals fá 77 milljónir. Þá voru veittar 483 milljónir í 52 verkefnastyrki.

Samtals nema styrkveitingarnar því um 724 milljónum. - gar

# Vill fá karla með í jafnréttisumræðuna

Rakarastofuráðstefnan hófst í New York í gær. Markmið ráðstefnunnar er að vekja karla til umhugsunar um jafnréttismál. Ísland og Súrínam skipulögðu ráðstefnuna. Utanríkisráðherra segir brýnt að virkja karla í baráttunni fyrir jöfnum rétti kynjanna.

**JAFNRÉTTISMÁL** „Þetta hefur gengið mjög vel hingað til og verið vel sótt," segir Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra um Rakarastofuráðstefnuna sem nú er haldin í höfuðstöðvum Sameinuðu þjóðanna í New York. Ísland og Súrínam standa saman að ráðstefnunni sem hófst í gær. Markmið ráðstefnunnar er að fá karla til að taka þátt í umræðunni um jafnrétti kynjanna.

Gunnar Bragi segir að lögð hafi verið áhersla á karlmenn á ráðstefnunni til þess að auka umræðuna um jafnréttismál meðal karla.

„Við vildum fá þá til að taka meiri þátt í umræðunni og taka þátt í breyta hlutum til hins betra. Og til að fá þá til að viðurkenna að það þurfi að breyta umræðunni um jafnréttismál. Við náum seint fullu jafnrétti nema að fá karlmennina með í umræðuna," segir Gunnar Bragi.

Ráðstefnan hefur vakið athygli víða um heim. Blaðamenn á ráðstefnunni eru margir hverjir komnir langt að. Gunnar Bragi var í viðtali á sjónvarpsstöðinni Al Jazeera í gær. Greinar um ráðstefnuna hafa birst í bresku blöðunum The Guardian, The Telegraph og The Independent.

Gunnar Bragi segir ánægjulegt hve mikla athygli ráðstefnan hefur vakið. „Umræðan ein og sér mun skila okkur eitthvað áfram. Þetta hefur vakið athygli á Íslandi og því sem við höfum gert vel. Þetta mun ýta við okkur að gera enn betur heima fyrir," segir hann.

Ráðstefnan er framlag Íslands til átaksins HeForShe, sem leikkonan Emma Watson kom af stað. Í átakinu eru karlar hvattir til þátttöku í baráttunni fyrir jöfnum rétti kynjanna.




**RÁÐSTEFNAN SETT** Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra og Ismanto Adna, ráðherra íþrótta- og ungmennamála í Súrínam, takast í hendur við upphaf ráðstefnunnar.

Gunnar Bragi segir að yfir 100 fulltrúar hafi setið fyrsta hluta ráðstefnunnar í gær, þar á meðal frá Ástralíu, Afganistan, Bandaríkjunum og öllum Norðurlöndunum.

Ráðstefnunni lýkur í dag með málþingi og blaðamannafundi. Meðal þeirra sem munu ávarpa málþingið eru Jan Eliasson, aðstoðarframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, Phumzile Mlambo-Ngcuka, framkvæmdastýra UN Women, Donald McPherson, fyrrverandi atvinnumaður í amerískum fótbolta, Gabriel Wikström, heilbrigðis- og velferðarráðherra Svíþjóðar, og Magnús Scheving. Þá flytur Vigdís Finnbogadóttir ásamt fleirum ávarp af myndbandi.

> **Við náum seint fullu jafnrétti nema að fá karlmennina með í umræðuna.**
> *Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra.*

ingvar@frettabladid.is


## Námskeið fyrir vinnuverndarfulltrúa
(öryggisverði, - trúnaðarmenn og mannauðsstjóra)

Vinnuvernd ehf. og Mannvit hf. standa fyrir námskeiði sem ætlað er vinnuverndarfulltrúum.

Námskeiðið, sem stendur í tvo daga, fer fram í Reykjavík dagana **3. og 4. febrúar** milli kl. 8:30-15:30.

Skráning fer fram á www.vinnuvernd.is

VINNUVERND ehf
vellíðan í vinnu

MANNVIT

Viðurkenndir þjónustuaðilar á sviði öryggis og heilbrigðis á vinnustöðum.


## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 20° | Friedrichshafen | 8° | New York | 1° |
| Aþena | 14° | Gautaborg | 6° | Orlando | 19° |
| Basel | 6° | Kaupmannahöfn | 6° | Ósló | 4° |
| Berlín | 8° | Las Palmas | 20° | París | 10° |
| Billund | 7° | London | 11° | San Francisco | 15° |
| Frankfurt | 8° | Mallorca | 20° | Stokkhólmur | 3° |







**VONSKUVEÐUR** víða, einkum norðantil á landinu, í dag með norðvestan hvassviðri og snjókomu og mögulega stormi í kvöld. Dregur bæði úr vindi á morgun en áfram snjókoma eða él um tíma fyrir norðan.



**Elísabet Margeirsdóttir**
veðurfréttamaður

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson svanur@365.is **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Hjalti Egilsson hjalti@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Gunnhildur Geira Dan Þorláksdóttir geira@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Jónatan Atli Sveinsson jonatan@365.is, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is



ARGH!!! 120115 #3

Rekkjan ehf ·· Ármúla 44 ·· 108 Reykjavík ·· 588 1955 ·· www.rekkjan.is ·· Opið virka d. 10–18 og lau 11–16

H E I L S U R Ú M

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Hver lét þau orð falla hvort ekki væri æskilegt að skoða bakgrunn íslenskra múslima?
**2.** Hve stórt var fyrsta upplag Charlie Hebdo eftir voðaverkin í París?
**3.** Hvað heitir leigufélagið sem rekið er af Íbúðalánasjóði.

**SVÖR**
**1.** Ásmundur Friðriksson. **2.** Þrjár milljónir eintaka. **3.** Klettur.

Geimfarar flúðu hinn bandaríska hluta alþjóðlegu geimstöðvarinnar vegna ótta um ammoníakleka:

# Bilun í tölvukerfi olli ótta um stundarsakir

**BANDARÍKIN, AP** „Engin merki um leka,“ sagði á Twitter-síðu bandarísku geimferðastofnunarinnar NASA í gær, nokkrum klukkustundum eftir að geimfarar um borð í alþjóðlegu geimstöðinni flúðu bandaríska hluta stöðvarinnar.

Talið er að tölvubilun hafi valdið því að viðvörunarljós kviknuðu og sýndu að kælivökvi hefði lekið úr búnaði. Geimfararnir sex forðuðu sér hið snarasta frá bandarískum hluta geimstöðvarinnar, en þar átti lekans að hafa orðið vart.

„Þakkir, öll sömul, fyrir að hafa áhyggjur,“ sagði ítalski geimfarinn Samantha Cristoferetti á Twitter-síðu sinni eftir að þetta gerðist. „Við erum öll óhult og höfum það gott í rússneska hlutanum.“

Í öryggisskyni ætluðu allir geimfararnir að hafast við í rússneska hlutanum enn um sinn, en hann er töluvert minni og þrengri en bandaríski hlutinn.

Þrír Rússar, tveir Bandaríkjamenn og einn Ítali hafa dvalið um borð í geimstöðinni síðustu vikurnar. Atvikið í gær er sagt einsdæmi í sögu geimstöðvarinnar, sem hefur nú verið á braut umhverfis jörðu í fjórtán ár. Aldrei hefur komið til þess að geimfararnir hafi þurft að yfirgefa stöðina vegna hættuástands. - gb



**GEIMFARARNIR SEX** Þrír Rússar, tveir Bandaríkjamenn og einn Ítali hafa dvalist um borð í alþjóðlegu geimstöðinni síðustu vikurnar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**ALDREI FLEIRI** Flestir ferðamenn koma frá Bretlandi. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Metár í ferðaþjónustu:

## Ferðamenn rúm milljón

**FERÐAÞJÓNUSTA** Samtals kom 1,1 milljón ferðamanna til landsins á síðasta ári, samkvæmt tölum frá Ferðamálastofu.

Alls komu 997 þúsund ferðamenn til landsins um Keflavíkurflugvöll, Seyðisfjörð og aðra flugvelli en Keflavík sem er fjölgun upp á 23,6 prósent milli ára. Þá komu 104 þúsund ferðamenn til landsins með skemmtiferðaskipum en árið 2013 voru þeir 92 þúsund. Um þriðjungur ferðamanna kom frá Bretlandi og Bandaríkjunum. - ih

Breytingar í Bláskógabyggð:

## Einum skóla skipt í tvennt

**SKÓLAMÁL** Skipta á Bláskógaskóla upp í tvær skólastofnanir; í grunnskóla í Reykholti og grunn- og leikskóla á Laugarvatni sem sérstofnun.

„Þetta mun leiða af sér breytingu á núverandi yfirstjórn Bláskógaskóla þar sem um grundvallarbreytingu á skipulagi skólastofnana er að ræða. Þar af leiðandi þarf að segja upp núverandi samningum við alla stjórnendur Bláskógaskóla, skólastjóra og þrjá deildarstjóra, og vinna að nýju skipulagi og skipuriti fyrir næsta skólaár,“ segir sveitarstjórn Bláskógabyggðar. - gar

# Tæpir 19 milljarðar króna í skattafslátt vegna Allir vinna

Nærri 89 þúsund beiðnir bárust ríkisskattstjóra um endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna átaksins Allir vinna á meðan það stóð. Þá nutu tæplega 39 þúsund lækkunar tekjuskattsstofns. Átakinu lauk um áramótin síðustu.

**EFNAHAGSMÁL** Á þeim fimm árum sem átakið Allir vinna stóð nam endurgreiðsla og lækkun skatta alls tæpum 18,7 milljörðum króna. Átakið rann sitt skeið um áramótin síðustu. Yfir 15,5 milljarðar króna voru endurgreiddir af innheimtum virðisaukaskatti vegna viðhalds og byggingar húsnæðis. Samkvæmt upplýsingum frá ríkisskattstjóra voru afreiddar 88.838 beiðnir um endurgreiðslu og meðalfjárhæð á hverja þeirra því tæpar 174.536 krónur.

Þá nam lækkun tekjuskattsstofns á gjaldaárunum 2011 og 2012 vegna kostnaðar við viðhald og endurbætur á íbúðar- og frístundahúsnæði alls tæpum 3,2 milljörðum króna. Þá heimild nýttu sér ríflega 39 þúsund manns og nam meðallækkun skattstofnsins tæplega 81 þúsundi króna hjá hverjum.

Í svari Óskars Helga Albertssonar, skrifstofustjóra atvinnurekstrarsviðs ríkisskattstjóra, við fyrirspurn Fréttablaðsins kemur fram að við gildistöku laga um virðisaukaskatt í ársbyrjun 1990 hafi endurgreiðsluhlutfall virðisaukaskatts vegna vinnu við íbúðarhúsnæði numið 100 prósentum vegna vinnu manna á byggingarstað við nýbyggingu, viðhald og endurbætur íbúðarhúsnæðis. „Endurgreiðsluhlutfallið var lækkað í 60 prósent frá og með 1. júlí 1996 samkvæmt lögum númer 86/1996, samhliða því að felld voru niður vörugjöld af ýmsum byggingarefnum,“ segir Óskar.

Endurgreiðsluhlutfallið var svo, frá og með 1. mars 2009, tímabundið hækkað á ný í 100 prósent, auk þess sem endurgreiðsluheimildin var látin taka til þess virðisaukaskatts sem greiddur var vegna vinnu við nýbyggingu, viðhald og endurbætur frístundahúsnæðis og jafnframt til virðisaukaskatts sem greiddur var af þjónustu vegna hönnunar eða eftirlits með byggingu, viðhaldi og endurbótum íbúðar- og frístundahúsnæðis. Þá tók endurgreiðsluheimildin einnig til annars húsnæðis sem alfarið er í eigu sveitarfélaga eða stofnana og félaga sem alfarið eru í eigu sveitarfélaga. Upphaflega átti endurgreiðsluheimildin að gilda til 1. janúar 2011, en var framlengd árlega og nú síðast til 1. janúar 2015.

Að sögn Óskars Helga eru heimildir til endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna vinnu manna við íbúðarhúsnæði nú því eins og þær voru fyrir 1. mars 2009 að því frátöldu að samkvæmt bráðabirgðaákvæði við lög um virðisaukaskatt, er heimilt að endurgreiða virðisaukaskatt vegna kaupa á varmadælu til upphitunar íbúðarhúsnæðis. „Þessi heimild gildir í fimm ár frá gildistöku bráðabirgðaákvæðisins þann 5. júní 2014.“

olikr@frettabladid.is




**HJÁ RÍKISSKATTSTJÓRA** Átakið Allir vinna stóð frá marsbyrjun 2009 til loka árs 2014. Enn er hægt að sækja um endurgreiðslu VSK vegna varmadæla. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

### ENDURGREIÐSLUR „ALLIR VINNA“ 2009-2014

| Ár | (A) Viðhald | (B) Nýbyggingar | Alls kr. | Fjöldi A | Fjöldi B | Heildarfjöldi |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 2009 | 1,8 ma. kr. | 772,2 m. kr. | 2,6 ma. kr. | 12.047 | 1.880 | 13.927 |
| 2010 | 2,2 ma. kr. | 732,0 m. kr. | 2,9 ma. kr. | 16.095 | 1.952 | 18.047 |
| 2011 | 2,0 ma. kr. | 694,0 m. kr. | 2,7 ma. kr. | 14.449 | 1.922 | 16.371 |
| 2012 | 2,1 ma. kr. | 758,5 m. kr. | 2,8 ma. kr. | 14.465 | 1.816 | 16.281 |
| 2013 | 2,1 ma. kr. | 668,6 m. kr. | 2,7 ma. kr. | 12.986 | 1.547 | 14.533 |
| 2014* | 1,5 ma. kr. | 321,4 m. kr. | 1,8 ma. kr. | 8.909 | 770 | 9.679 |
| Alls: | 11,6 ma. kr. | 3,9 ma. kr. | 15,5 ma. kr. | 78.951 | 9.887 | 88.838 |

** Tölurnar miðast við 8. janúar 2015 og taka ekki til allra endurgreiðslubeiðna sem enn eru óafgreiddar hjá ríkisskattstjóra.* *Heimild: Ríkisskattstjóri*

### ➜ Verkefni sem nýttist í baráttu gegn svartri atvinnustarfsemi



Samtök iðnaðarins (SI) lögðu fyrir áramót á það mikla og þunga áherslu við fjármálaráðherra að haldið yrði áfram með átaksverkefnið Allir vinna. „Við náðum því því miður ekki í gegn,“ segir **Guðrún Hafsteinsdóttir**, formaður SI, en bendir um leið á að endurgreiðsluhlutfallið hafi færst í að vera það sama og var fyrir 2009, 60 prósent. Rök ríkisstjórnarinnar hafi verið að komin hefði átt með tímabundna innspýtingu í mannvirkjageirann í hruninu. Ekki sé lengur sami skortur á verkefnum og var.

Guðrún segir nokkuð til í þessu, en þó sé langur vegur frá því að rífandi gangur sé í geiranum. Verkefninu hafi hins vegar fylgt annar ávinningur líka, svo sem í baráttunni gegn svartri atvinnustarfsemi, auk þess að búa til störf og viðhalda verðmæti eigna. Guðrún bendir á að Svíar hafi náð miklum árangri með því að fella niður virðisaukaskatt á heimilisþrifum og þannig varið réttindi fólksins sem sinnt hafi þeim störfum. Hér hafi svört atvinnustarfsemi lengi loðað við ákveðnar atvinnugreinar og er jafnvel talið að árlegt tekjutap ríkisins vegna þessa nemi um 70 milljörðum króna. „Og ég hefði viljað halda þessu inni í 100 prósentum til að koma allri þessari starfsemi upp á yfirborðið.“




Yfirmenn geta ýtt undir sköpunargleði starfsmanna samkvæmt nýrri könnun:

# Bráðamóttakan afar skapandi

**HEILBRIGÐISMÁL** „Það kom mér skemmtilega á óvart hvað starfsfólkið upplifir sig skapandi,“ segir Birna Dröfn Birgisdóttir, doktorsnemi við viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík, um niðurstöður könnunar sem hún gerði um sköpunargleði starfsfólks á bráðamóttöku Landspítalans.

Niðurstöðurnar gefa til kynna að ríflega tveir af hverjum þremur starfsmönnum bráðamóttökunnar telja sig skapandi og að sköpunargleði sé mikilvæg í þeirra huga.

Birna segir að mörgum hugnist illa hugmyndin um skapandi starfsfólk á bráðamóttöku því margir misskilji hvað sköpun er.

Út frá skilgreiningunni á sköpunargleði: hugsanamynstur sem leiðir af sér nýjar og nytsamlegar hugmyndir, geti heilbrigðisstarfsfólk gert ýmislegt skapandi að sögn Birnu. „Til dæmis að nýta niðurstöður úr rannsóknum, finna nýjar leiðir til að koma sjúklingum fyrir þegar deild er full eða finna nýjar leiðir til að eiga betri samskipti við sjúklinga og samstarfsfólk,“ segir hún.

Hún segir að niðurstöður könnunarinnar bendi til að yfirmenn geti ýtt undir sköpunargleði. „Leiðtogastíllinn þjónandi forysta, þar sem stjórnandi einbeitir sér að því að efla samstarfsfólk sitt, virðist ýta undir sköpunargleði,“ segir Birna. - ih



**SKAPANDI** Starfsfólk bráðamóttökunnar telur sig skapandi. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# ÚTSALA

# 40%

**FRÁBÆR VERÐ**

upphaflegt verð (eftir vsk. breytingu)

| upphaflegt verð | |
|---|---|
| ~~979~~ → | 587 |
| ~~1.279~~ → | 767 |
| ~~1.679~~ → | 1.007 |
| ~~1.969~~ → | 1.181 |
| ~~2.469~~ → | 1.481 |
| ~~2.959~~ → | 1.775 |
| ~~3.449~~ → | 2.069 |
| ~~3.949~~ → | 2.369 |
| ~~4.439~~ → | 2.663 |
| ~~4.939~~ → | 2.963 |
| ~~5.919~~ → | 3.551 |
| ~~6.909~~ → | 4.145 |
| ~~7.899~~ → | 4.739 |

# TIL

**FRÁBÆR VERÐ**

upphaflegt verð (eftir vsk. breytingu)

| upphaflegt verð | |
|---|---|
| ~~979~~ → | 294 |
| ~~1.279~~ → | 384 |
| ~~1.679~~ → | 504 |
| ~~1.969~~ → | 591 |
| ~~2.469~~ → | 741 |
| ~~2.959~~ → | 888 |
| ~~3.449~~ → | 1.035 |
| ~~3.949~~ → | 1.185 |
| ~~4.439~~ → | 1.332 |
| ~~4.939~~ → | 1.482 |
| ~~5.919~~ → | 1.776 |
| ~~6.909~~ → | 2.073 |
| ~~7.899~~ → | 2.370 |

# 70%

# AFSLÁTTUR

af útsöluvörum í fatnaði, skóm og heimilisvöru

24 Hagkaup

**OPIÐ**
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan
& Eiðistorg

**HAGKAUP**
Skemmtilegast að versla

# GOTT ÚRVAL NOTAÐRA BÍLA

Skoðaðu úrvalið á

bilaland.is

ALLT AÐ 90%

FJÁRMÖGNUN




MERCEDES BENZ ML 300 CDI
Nýskr. 01/11, ekinn 124 þús. km.
dísil, sjálfskiptur.
Rnr. 142599.

Frábært verð!
7.970 þús.



MMC PAJERO INSTYLE
Nýskr. 06/12, ekinn 51 þús km.
dísil, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 7.590 þús.
Rnr. 120557.



CHEVROLET AVEO LTZ
Nýskr. 02/12, ekinn 60 þús. km.
bensín, beinskiptur.
VERÐ kr. 1.980 þús.
Rnr. 102273.



RENAULT MEGANE SP. TOURER
Nýskr. 06/13, ekinn 56 þús km.
dísil, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 2.990 þús.
Rnr. 142535.



NISSAN QASHQAI SE
Nýskr. 02/13, ekinn 28 þús. km.
bensín, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 4.370 þús.
Rnr. 282127.



HYUNDAI i30 COMFORT
Nýskr. 04/12, ekinn 36 þús. km.
dísil, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 2.990 þús.
Rnr. 142621.



BMW X3 2.0d
Nýskr. 11/06, ekinn 235 þús. km.
dísil, beinskiptur.
VERÐ kr. 1.970 þús.
Rnr. 102411.

bílaland

Klettháls 11 -110 Reykjavík
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is
www.bilaland.is

www.facebook.com/bilaland.is




Landsbankinn telur að Hagstofan hafi vanáætlað einkaneyslu og hagvöxt:

# Örlítil aukning í jólakortaveltu

**VIÐSKIPTI** Kortavelta í jólamánuðinum desember jókst um 2,2 prósent milli ára á föstu verðlagi að því er kemur fram í Hagsjá hagfræðideildar Landsbankans.

Þá jókst kortavelta um 5,5 prósent á fjórða ársfjórðungi milli ára. Alls jókst kortaveltan um 3,3 prósent á síðasta ári og kortavelta í verslun innanlands um 1,7 prósent á föstu verðlagi. Þá jókst kortavelta erlendra ferðamanna talsvert í desember, eða um 20 prósent á föstu verðlagi.

Daníel Svavarsson, forstöðumaður hagfræðideildar Landsbankans, telur tölur um kortaveltu benda til þess að Hagstofan hafi vanáætlað einkaneyslu og þar af leiðandi hagvöxt. „Okkur sýnist að vísbendingar, bæði varðandi kortaveltu og innflutning á neysluvörum, bendi til að vöxtur einkaneyslu hafi verið meiri en fyrstu bráðabirgðatölur Hagstofunnar bentu til,“ segir Daníel. Einnig hafi fjárfesting verið metin of lágt. **- ih**



**JÓLAVERSLUN** Kortavelta í desember jókst milli ára. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



**RÖDD MANNRÉTTINDA SÉ HÁVÆR** Ólöf Nordal innanríkisráðherra segir að Íslendingar eigi að tala fyrir fjölbreytni í skoðunum og trúarbrögðum. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Kemur ekki til greina að rannsaka múslima

Ólöf Nordal innanríkisráðherra hafnar alfarið orðum flokksbróður síns um að þörf sé á að rannsaka bakgrunn múslima. Mikilvægt sé að múslimar upplifi að þeim sé ekki ógnað hér og tala eigi hátt fyrir frjálsum gildum og mannréttindum.

**STJÓRNMÁL** „Múslimar eru bara borgarar á Íslandi eins og við hin. Þetta eru Íslendingar sem eiga að fá að lifa sínu lífi í friði. Þeir njóta allra réttinda eins og annað fólk. Ég vona það svo sannarlega að menn fari nú ekki út í að koma því þannig fyrir að þeim finnist þeim vera ógnað hér,“ segir Ólöf Nordal innanríkisráðherra, sem jafnframt er ráðherra útlendinga- og mannréttindamála.

Mikil viðbrögð hafa orðið í kjölfar ummæla Ásmundar Friðrikssonar, þingmanns Sjálfstæðisflokksins, í vikunni sem velti því upp hvort ráðuneytið eða lögreglan hefði gripið til einhverra ráðstafana til að vernda Íslendinga fyrir árásum á borð við þá sem varð í París í síðustu viku þegar ráðist var á ritstjórnarskrifstofur tímaritsins Charlie Hebdo.

Ásmundur spurði einnig hvort bakgrunnur þeirra 1.500 múslima sem búa á Íslandi hefði verið kannaður og hvort einhverjir „íslenskir múslimar“ hefðu farið í þjálfunarbúðir hryðjuverkamanna eða barist í Afganistan, Sýrlandi eða öðrum löndum þar sem óöld ríkir meðal múslima.

Ólöf segir ekkert þessu líkt hafa komið til tals hjá innanríkisráðuneytinu. „Að sjálfsögðu ekki. Það er engin heimild í fyrsta lagi til að gera neitt slíkt og kemur auðvitað ekki til nokkurra mála að draga menn í hópa eins og þarna er gert.“

Ólöf telur Ásmund hafa hlaupið á sig og að hann ætti að gæta orða sinna. Sjálfstæðismenn hafa fjölmargir, bæði þingmenn, borgar- og bæjarfulltrúar og aðrir, gagnrýnt Ásmund harðlega fyrir málflutning hans. Þar á meðal formaður flokksins, Bjarni Benediktsson, sem sagði í samtali við RÚV í gær að Ásmundur hefði farið fram úr sjálfum sér. Orð hans endurspegluðu svo sannarlega ekki þau viðhorf að byggja eigi upp samfélagið á grundvallarmannréttindum.

Ólöf segir rétt að taka þessum atburðum alvarlega en að þjóðir eins og Íslendingar, sem standa fyrir frjáls gildi og mannréttindi, þar með talið bæði trú- og tjáningarfrelsi, tali hátt fyrir þeim hvar sem þeir geta.

> **Við eigum fyrst og fremst að tala fyrir grundvallarmannréttindum og treysta á okkar lýðræðislega samfélag og alla okkar lýðræðislegu uppbyggingu.**

„Við eigum að láta þá rödd vera mjög háværa. Þegar ráðist er inn fyrir okkar múra þá á ekki að fara í vörn heldur þvert á móti sækja fram á grundvelli okkar gilda. Við eigum fyrst og fremst að tala fyrir grundvallarmannréttindum og treysta á okkar lýðræðislega samfélag og alla okkar lýðræðislegu uppbyggingu. Við eigum að treysta þeim stofnunum sem halda hér uppi lögum og reglu og treysta okkur sjálfum í því að tala fyrir því að hér ríki fjölbreytni, bæði í skoðunum sem og trúarbrögðum,“ segir Ólöf.

**fanney@frettabladid.is**

## Engar frekari rannsóknarheimildir lögreglu til umræðu

Ásgeir Karlsson, yfirmaður greiningardeildar ríkislögreglustjóra, sagði í samtali við Fréttablaðið í gær að ekki hefði verið talið tilefni til að hækka vástig hér á landi í kjölfar hryðjuverkanna í París. Í skýrslu ríkislögreglustjóra um hættu á hryðjuverkum frá 2013 kemur meðal annars fram að ekki séu fyrirliggjandi neinar upplýsingar um að verið sé að skipuleggja eða undirbúa hryðjuverkaaðgerðir gegn skotmörkum eða viðburðum hérlendis. Þó er tekið fram að lögreglan búi ekki yfir sambærilegum forvirkum rannsóknarheimildum innan þessa málaflokks og tíðkast á Norðurlöndum.




Ólöf segir frekari rannsóknarheimildir lögreglunnar ekki hafa verið til umræðu undanfarið í ráðuneytinu. „Við erum aðilar að Schengen. Við höfum aðgang að gagnabönkum þeirra og ríkislögreglustjóri getur leitað í þá þegar ástæða þykir til ef verið er að skoða fólk sem liggur sérstaklega undir grun. Því er ekki beitt nema út af einhverjum sérstökum ástæðum.“

Ólöf segir jafnframt mikilvægt að fylgjast með því sem sé að gerast í þessum málum á alþjóðavettvangi. „Maður býst alveg eins við því að þessi umræða verði háværari. Á sama tíma verður að passa að ganga ekki of langt, að ganga ekki of nærri persónulegum högum fólks. Þarna vegast á persónufrelsissjónarmið og öryggissjónarmið og þetta er auðvitað vandasamt. Við þurfum alltaf að vanda okkur og fylgjast vel með,“ segir Ólöf.

# Nýárssprengja!



Töfrahorn

Sturtustangasett



Eldhúsinnréttingar, 65% afsláttur af sýningareldhúsum



Baðinnrétting með tvöfaldri handlaug



Sturtuhorn



Speglar



Baðinnréttingar

Opið virka daga frá 9 til 18
laugardaga 11 - 15
Ármúla 31 - Sími 588 7332

**i-t.is**

INNRÉTTINGAR & TÆKI
- fyrir þitt heimili

Flóð í Malaví og Mósambík:

# Þúsundir hafa misst heimilin

**MÓSAMBÍK, AP** Að minnsta kosti tíu manns hafa látist í Mósambík og nærri 50 í Malaví í flóðum undanfarna daga.

Meira en nítíu þúsund manns hafa hrakist að heiman, þar af um 20 þúsund í Mósambík og 70 þúsund í Malaví.

„Fólk hefur flúið inn í skóla og kirkjur þar sem landið liggur hærra,“ segir Grey Mkwanda, skipulagsstjóri í Malaví. „Aðrir eru úti á víðavangi því plássið dugar ekki til.“ - gb

Giorgio Napolitano Ítalíuforseti sagði af sér í gær enda nærri níræður og ætlaði að vera lengu hættur:

# Lítil sátt meðal þingmanna um arftakann

**ÍTALÍA, AP** Giorgio Napolitano sagði af sér forsetaembætti Ítalíu í gær. Þjóðþing landsins fær nú hálfs mánaðar frest til að kjósa nýjan forseta, en harla djúpt virðist á samkomulagi um eftirmann Napolitanos.

Napolitano er orðinn 89 ára. Fyrir tveimur árum hugðist hann láta af embætti, en féllst á að sitja áfram um sinn vegna þess að þingið gat engan veginn komið sér saman um nýjan forseta.

Matteo Renzi forsætisráðherra hefur átt í nokkru basli með að halda saman ríkisstjórn sinni, og þarf að auki stuðning úr stjórnarandstöðunni til þess að ná fram fyrirhuguðum breytingum á ítalska kosningakerfinu.

Óttast er að harðvítugar deilur um næsta forseta grafi undan stjórnarsamstarfinu og geri stjórnarandstöðuna enn ólíklegri til að fallast á kosningakerfisbreytingarnar.

Markmið breytinganna er að stjórnarsamstarf á Ítalíu verði stöðugra, en Renzi forsætisráðherra hefur lagt mikla áherslu á þetta baráttumál sitt síðan hann tók við af Enrico Letta fyrir tæpu ári. - gb



**GIORGIO NAPOLITANO** Hugðist segja af sér fyrir tveimur árum, en lét verða af því nú. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**FJÖLDAMORÐ** Börn standa við vettvang sprengjuárásar í Tobiskum fyrr í vikunni. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Boko Haram herðir árásir í aðdraganda kosninga:

# Hvert voðaverkið á fætur öðru í Nígeríu

**NÍGERÍA, AP** Öfgasamtökin Boko Haram fremja nú hvert voðaverkið á fætur öðru í Nígeríu, en aðeins mánuður er til forseta- og þingkosninga þar í landi. Jonathan Goodluck forseti, sem sækist eftir endurkjöri, minnist þó lítið á verstu atburðina í kosningabaráttunni.

Í síðustu viku náðu samtökin bænum Baga á sitt vald og myrtu þar hundruð manna, hugsanlega allt að tvö þúsund. Mannréttindasamtökin Amnesty International segja þetta verstu fjöldamorð samtakanna frá því herferð þeirra hófst fyrir fimm árum.

Sprengjur hafa einnig verið festar við börn og þau send inn í hóp af fólki til að drepa sem flesta. Þá hafa liðsmenn Boko Haram gert árásir á herbúðir bæði í Nígeríu og nágrannaríkinu Kamerún.

Samtökin hafa árum saman herjað á fólk í norðaustanverðri Nígeríu með grimmilegum hætti, framið fjöldamorð og rænt fólki í stórum stíl. Talið er að um tíu prósent alls landsvæðis Nígeríu sé á valdi þeirra.

Í sumar lýstu þau yfir stofnun íslamsks kalífadæmis sem á að ná yfir hluta af Kamerún, Tsjad og Níger auk hluta Nígeríu.

Ekki verður séð hvernig stjórnvöld ætla að koma kosningum í framkvæmd í þeim hluta Nígeríu sem samtökin hafa á sínu valdi. Aukin harka í aðdraganda kosninganna gæti auk þess stefnt framkvæmd þeirra í voða annars staðar í landinu. - gb



**LANGAR BIÐRAÐIR** Mikil eftirspurn var eftir skopblaðinu Charlie Hebdo víða um heim í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Frakkar handtaka tugi hatursboðbera

Skopmyndablaðið Charlie Hebdo hefur aldrei selst jafn vel. Þriggja milljóna upplag kláraðist fljótt í verslunum svo prenta þurfti tvær milljónir hefta í viðbót. Hryðjuverkasamtökin al-Kaída í Jemen hafa lýst yfir ábyrgð á ódæðinu í París.

**FRAKKLAND** Meira en fimmtíu manns voru handteknir í Frakklandi í gær, sakaðir um hatursáróður, gyðingahatur eða stuðning við hryðjuverk. Þetta var gert að boði franska dómsmálaráðuneytisins, sem sendi saksóknurum landsins sérstakar leiðbeiningar með tilvísunum í viðeigandi lagagreinar.

Meðal hinna handteknu var grínistinn Dieudonne, sem nýtur töluverðra vinsælda í Frakklandi en hefur ítrekað gengið fram af fólki og verið sakaður um gyðingahatur og aðra kynþáttafordóma.

Dieudonne skrifaði innanríkisráðherra Frakklands í gær opið bréf þar sem hann sagði ráðherrann ekki vilja hlusta á það sem hann hefði fram að færa, heldur aðeins leita að átyllu til að banna það: „Þú lítur á mig eins og Amedy Coulibaly, en í raun er ég í engu frábrugðinn Charlie,“ segir þar, en Coulibaly er einn hinna þriggja árásarmanna sem ollu dauða sautján manna í París í síðustu viku.

Í Frakklandi eru í gildi ströng lög gegn hatursáróðri, ekki síst gyðingahatri og þá meðal annars í tengslum við umræðu um helför gyðinga á tímum þýskra nasista. Sambærileg lög eru víða í gildi í ríkjum Evrópu, þar á meðal í Þýskalandi sjálfu.

Jafnframt tilkynntu Frakkar að þeir myndu senda flugmóðurskip til Mið-Austurlanda og vinna náið með herliði Bandaríkjanna og fleiri ríkja í baráttu þeirra gegn vígasveitum Íslamska ríkisins í Sýrlandi og Írak. Francois Hollande forseti sagði ástandið nú, eftir árásirnar í París í síðustu viku, réttlæta það að Frakkar hefðu flugmóðurskip í Mið-Austurlöndum.

Einn af leiðtogum al-Kaída í Jemen lýsti í gær yfir ábyrgð á voðaverkunum, sagði þau vera „hefnd fyrir spámanninn“ sem tímaritið Charlie Hebdo hefur ítrekað birt skopmyndir af. Þá sagði Nasr al-Ansi, einn helstu forsprakka al-Kaída á Arabíuskaga, að liðsmenn al-Kaída í Jemen hefðu bæði ákveðið á hvað skyldi ráðist, skipulagt árásina og fjármagnað hana.

Einn árásarmannanna þriggja hafði lýst yfir stuðningi við al-Kaída, en annar sagðist tengdur vígasveitum Íslamska ríkisins.

Tíu manns voru myrtir á ritstjórn skopmyndablaðsins á miðvikudaginn í síðustu viku. Þeir sem eftir lifa á ritstjórninni létu þó þetta hryðjuverk ekki stöðva sig, heldur gáfu í gær út nýtt hefti í þremur milljónum eintaka. Það er meira en fimmtugfalt venjulegt upplag þess.

Gríðarleg eftirspurn var eftir blaðinu og þrátt fyrir þetta risaupplag seldist það fljótt upp svo ákveðið var að prenta enn fleiri eintök, samtals fimm milljónir.

Þetta tölublað kom út á sex tungumálum, þar á meðal ensku, arabísku og tyrknesku. Á forsíðu blaðsins er enn ein myndin af Múhameð spámanni, en inni í blaðinu er víða gert grín að íslömskum öfgamönnum.

gudsteinn@frettabladid.is



**ÖRYGGISRÁÐSTAFANIR** Hermenn eru víða á ferli á götum Parísar þessa dagana. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

> **Þú lítur á mig eins og Amedy Coulibaly, en í raun er ég í engu frábrugðinn Charlie.**
>
> *Franski grínistinn Dieudonne.*


LYFJA
– Lifið heil

www.lyfja.is
Lægra verð í Lyfju



Nicorette lyfjatyggigúmmí

Allar pakkningastærðir, 2 og 4 mg

20% afsláttur

Gildir til 31. janúar 2015

# DEBENHAMS

# ÚTSALAN
# Í FULLUM GANGI
## ENN MEIRI LÆKKUN
# 50-70%
## AFSLÁTTUR
## AF ÖLLUM ÚTSÖLUVÖRUM

**20% VIÐBÓTAR** AFSLÁTTUR AF:
- Öllum dömu útsöluvörum frá:

principles BY BEN de LISI · STAR BY julienmacdonald · JASPER CONRAN · RJR. JOHN ROCHA

**70%** AFSLÁTTUR AF:
- Öllum dömu útsölutöskum
- Öllum dömu og herra útsöluskóm frá redherring

*Gerðu lífið skemmtilegra*

**NÝTT KORTATÍMABIL**

**Opið** 11 - 21 í dag

DEBENHAMS SMÁRALIND

KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR

Finndu okkur á facebook

FJÖLMENNING OG FORDÓMAR Á ÍSLANDI 1 2 3

## HLUTFALL MÚSLIMA Í LÖNDUM HEIMSINS




### Fjöldi Íslendinga í trúfélögum múslima 2014

| FÉLAG MÚSLIMA Á ÍSLANDI | | |
|---|---|---|
| ♂ 261 | ♀ 220 | 461 alls |

| MENNINGARSETUR MÚSLIMA Á ÍSLANDI | | |
|---|---|---|
| ♂ 209 | ♀ 151 | 360 alls |

**Á ÍSLANDI** búa fáir múslimar. Á lista Hagstofunnar eru tvö trúfélög múslima, annars vegar Félag múslima á Íslandi og hins vegar Menningarsetur múslima á Íslandi. Árið 2014 voru 481 skráðir í Félag múslima og 360 í Menningarsetur múslima.

Samtals var því 841 múslimi skráður í trúfélag á síðasta ári. Hins vegar má ætla að þeir séu mun fleiri. Á Norðurlöndum er tilhneigingin sú að aðeins 20% múslima skrá sig í trúfélag. Ef tilhneigingin hér er sú sama, eru múslimar 4.205 talsins. Anna Kristinsdóttir, mannréttindastjóri Reykjavíkurborgar, bendir á að í borginni einni búi 130 þjóðahópar og hóparnir séu jafn ólíkir og þeir eru margir.

*Heimild: Hagstofa Íslands*

➜ Samtals var 841 múslimi skráður í trúfélag á síðasta ári. Hins vegar má ætla að þeir séu mun fleiri.

➜ Múslimakonur skráðar í trúfélög eru 371. Þær hittast gjarnan og biðja saman þvert á trúfélög.

# Múslimakonur verða fyrir ónæði og fordómum vegna trúar sinnar

Konur taka virkan þátt í trúarstarfi múslima hér á landi og eru 371 talsins. Þær verða oft fyrir ónæði og fordómum. Ingibjörg T. Sigurjónsdóttir segir þær takast á við fordóma með jákvæðni að vopni. Arabískumælandi ráðgjafi verður ráðinn til borgarinnar og mun fara í moskur borgarinnar og gefa konum og körlum góð ráð. Mannréttindastjóri Reykjavíkurborgar segir 130 þjóðarhópa búa í borginni.

**Kristjana Björg Guðbrandsdóttir**
kristjanabjorg@frettabladid.is



Konur eru virkar í trúarstarfi í þeim moskum sem eru starfandi hér á landi. 220 konur eru skráðar í Félag múslima og 151 í Menningarsetur múslima. Ingibjörg T. Sigurjónsdóttir, eiginkona Salmans Tamimi, er ein þeirra kvenna sem hafa verið ötular í trúarstarfi og verið múslimakonum innan handar. Þótt trúfélög múslima séu tvö hér á landi og aðskilin þá hittast konur úr sitt hvoru trúfélaginu oft á samkomum. „Við hittumst nokkrar saman, erum allt frá fjórum konum upp í tíu á hverri samkomu. Stundum erum við í moskunni í Ármúla en stundum í heimahúsi,“ segir Ingibjörg.

Hún segir samkomur oftast byrja á spjalli um daginn og veginn. „Við hittumst og ræðum tilveruna, svo þegar kemur að því að biðja, þá gerum við það. Svo fáum við okkur kaffisopa og ræðum ýmislegt, oft eitthvað sem tengist trúnni.“

Ingibjörg segir múslimakonur oft verða fyrir ónæði og þær ræði það sín á milli. Þær hafi jákvæðni í fyrirrúmi og gefi hver annarri ráð til þess að takast á við ónæði og jafnvel fordóma. „Við ræðum oft um það þegar einhver okkar verður fyrir ónæði sökum trúar sinnar og hvernig er hægt að takast á við vandamálið. Við erum svo bjartsýnar og jákvæðar að við reynum að leysa allt slíkt.“

### Spurðar út í klæðaburðinn

Hún nefnir dæmi um ónæði og fordóma sem konur verða fyrir. Margir amist við því að þær kjósi að hylja hár sitt með hijab. „Konur lenda í því að vera spurðar af hverju þær séu með hijab og eru þá gjarnan spurðar að því af hverju þær klæði sig ekki eins og Íslendingar. Sumar hafa svarað á þá leið að þeim líði vel þannig og það skapi þeim engin vandamál. Við útskýrum að klæðnaðurinn sé eitt af atriðum trúarinnar sem við kjósum sjálfar að fylgja. Þá eru konur oft spurðar hvort þær séu kúgaðar af eiginmanni sínum. Hvort þær ráði yfir sér sjálfar eða séu neyddar til einhvers af manni sínum.“

Anna Kristinsdóttir, mannréttindastjóri Reykjavíkurborgar, nefnir að í borginni búi og starfi fólk frá yfir 130 þjóðlöndum og með ólíka menningu í farteskinu. Múslimar skiptist í fjölda hópa sem geta verið jafn ólíkir og þeir eru margir. Nú hefur verið ákveðið að bæta arabískum ráðgjafa við starfslið borgarinnar til að mæta þörfum fólks frá arabískumælandi löndum.

„Við tökum á móti fólki með ólíka menningu í farteskinu. Fólk sem starfar hér þarf að hafa kunnáttu til þess. Þessa dagana erum við að ráða inn arabískumælandi ráðgjafa í hálft starf sem mun reyna að mæta þörfum þessara ólíku hópa því þjóðarhóparnir eru misjafnir og einangrunin frá íslensku samfélagi er misjöfn.

Ráðgjafar á okkar vegum sérhæfa sig í því að aðstoða fólk í því að glíma við kerfið og tala við það bæði um réttindi þess og skyldur. Þeir munu fara í moskurnar til að hitta fólk og upplýsa það um samfélagið.“

Anna tiltekur að þetta sé mikilvægt starf. Sé ekki unnið að því að mæta þörfum þjóðarhópanna sem og því að upplýsa fólk um skyldur þess felist í óefni. „Þá gerist það að önnur og þriðja kynslóð sem hefur einangrast rís upp. Sú kynslóð á ekki föðurland. Við reynum að koma í veg fyrir þessi mistök,“ segir Anna.

### Kjörnir fulltrúar gæti hófs

Hún segir það óhjákvæmilegt að íslenskt samfélag taki örum breytingum. Ekki boði gott að vinna á móti því. „Við erum bara hluti af þessum stóra heimi, það hafa ekki verið fleiri flóttamenn í heiminum frá því eftir seinni heimsstyrjöld. Það er hópur sem hingað mun sækja. Svo er sagt að árið 2022 verði atvinnumarkaðurinn á Íslandi ekki lengur sjálfbær. Við verðum því að fá fleira fólk hingað til að halda uppi samfélaginu, en þá verðum við líka að vera tilbúin til að taka á móti þessu fólki.“

Anna verður vör við fordóma og segir miklu máli skipta að kjörnir fulltrúar gæti hófs í orðavali en nýverið sagðist Ásmundur Friðriksson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, telja að kanna þurfi bakgrunn allra múslima á Íslandi og hvort þeir hafi farið í einhvers konar þjálfunarbúðir.

„Auðvitað eru hér fordómar, þessi umræða um múslima undanfarið hefur gruggað svolítið upp. Við erum vakandi fyrir því og bregðumst við því sem við á. Við líðum ekki fordóma. Hér ber að sýna þessum fjölbreytta hópi virðingu. Mér þykir miður að kjörinn fulltrúi láti svona út úr sér og auðvitað er ólöglegt að kanna bakgrunn þessa fólks. Eitt af því sem við höfum lært í verkefninu Intercultural Cities sem Reykjavíkurborg á aðild að er að talsmenn verða að gæta hófs í orðavali. Það eru þeir sem gefa út orðræðuna. Um leið og kjörnir fulltrúar fara að taka sér slík ummæli í munn þá erum við að segja við allan almenning að þeir geti leyft sér slík ummæli.“

### Mikil vinna fram undan

Anna segir ennfremur að Verkefnið sem Anna vísar í styður borgir í að endurskoða stefnumótun út frá sjónarhorni fjölmenningar í þeim tilgangi að móta heildstæða fjölmenningarstefnu. Fjölmenningarstefnan á að gera íbúum borgarinnar auðvelt fyrir að njóta kosta þess að búa í fjölbreyttu samfélagi. Þátttökurétt í verkefninu hafa einungis borgir með að minnsta kosti 30 þúsund íbúa og þurfa minnst 5% íbúa að vera af erlendum uppruna. Hlutfall íbúa Reykjavíkur með erlent ríkisfang var 8,1% í árslok 2013.

Anna segir alla þætti borgarinnar til skoðunar, ekki bara þá sem snúa að þjónustu borgarinnar heldur líka þá er snúa að daglegu lífi borgarbúa. „Þetta er mikil vinna sem er fram undan, við munum skoða þjónustu borgarinnar, félagsþjónustuna og skólana, skipulagið. En líka aðra þætti mannlífsins, svo sem fjölmiðla þar sem innflytjendur þurfa að vera sýnilegri.“



**TAKAST Á VIÐ FORDÓMA MEÐ JÁKVÆÐNI** Ingibjörg Sigurjónsdóttir, Nazima Kristín og Rakel Dögg, dætur Ingibjargar, og Sara Ósk Vífilsdóttir, ömmubarn hennar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**„Konur lenda í því að vera spurðar af hverju þær séu með hijab og þá gjarnan spurðar að því af hverju þær klæði sig ekki eins og Íslendingar.**

*Ingibjörg Sigurjónsdóttir.*



**„Við líðum ekki fordóma. Hér ber að sýna þessum fjölbreytta hópi virðingu.**

*Anna Kristinsdóttir.*


ÞREK ER GULL ÞEIM
SEM ÞVÍ HEFUR GLATAÐ
RÉTTU ÞEIM VINARHÖND NÚNA
Þúsundir treysta á endurhæfingu að Reykjalundi
Tryggðu þér vinanúmer á
sibs.is eða í síma 560 4800
DRÖGUM Í DAG
HAPPDRÆTTI
SÍBS
... fyrir lífið sjálft


RÍS ÚT
DIDRIKSONS 25% AFSLÁTTUR
47% AFSLÁTTUR
COLUMBIA NEWTON GÖNGUSKÓR
Stærðir 37–50
11.990 KR.
VERÐ ÁÐUR 24.690 KR.
SNJÓÞRÚGA REDFEATHER 25
19.990 KR.
VERÐ ÁÐUR 29.690 KR.
COLUMBIA GO TO ÚLPA
KVK stærði S–XL
KK stærðir M–2XL
Ýmsir litir
12.990 KR.
VERÐ ÁÐUR 24.690 KR.
35% AFSLÁTTUR
DIDRIKSONS KLARA ÚLPA
Stærðir 36–44
21.990 KR.
VERÐ ÁÐUR 39.490 KR.
45% AFSLÁTTUR
COLUMBIA ROPE TOW KULDASKÓR
Stærðir 25–31
8.990 KR.
VERÐ ÁÐUR 13.790 KR.
DIDRIKSONS RONJA ÚLPA
Stærðir 36–48
14.990 KR.
VERÐ ÁÐUR 24.990 KR.
COLEMAN BUGABOO KULDAGALLI
Stærðir 3–24 mán. Ýmsir litir
8.990 KR.
VERÐ ÁÐUR 12.890 KR.
COLUMBIA BUGABOO BARNASETT
Stærðir 2T, 3T og 4T
12.990 KR.
VERÐ ÁÐUR 19.790 KR.
SKOTVEIÐI-FATNAÐUR 30% AFSLÁTTUR
EASTON GÖNGUSTAFIR TRAIL AL3
6.990 KR.
VERÐ ÁÐUR 12.890 KR.
47% AFSLÁTTUR
COLUMBIA 25% AFSLÁTTUR
55% AFSLÁTTUR
FERÐAVÖRUR 30% AFSLÁTTUR
COLUMBIA REDMOND GÖNGUSKÓR
Stærðir 37–41.5
11.990 KR.
VERÐ ÁÐUR 22.690 KR.
ALLIR GRILL-AUKAHLUTIR 30% AFSLÁTTUR
COLUMBIA ALPINE BARNAÚLPA
Stærðir XS–XXL
Nokkrir litir
9.990 KR.
VERÐ ÁÐUR 15.790 KR.
CAMPINGAZ FERÐAGASGRILL
2 brennarar
29.990 KR.
VERÐ ÁÐUR 49.390 KR.
COLUMBIA GLOBAL AD. GÖNGUBUXUR
Stærðir 6–16
8.990 KR.
VERÐ ÁÐUR 19.790 KR.
MUCKBOOT ARTIC SPORT KIDS 30 STÍGVÉL
Stærðir 30–37
5.990 KR.
VERÐ ÁÐUR 11.990 KR.

# ÚTSALA

# 20-70% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM

ELLINGSEN



**COLUMBIA** ALPINE ÚLPA
KVK stærðir S–XL
KK stærðir M–2XL

**39.990 KR.**
VERÐ ÁÐUR 68.990 KR.



**DIDRIKSONS** ALVAR PARKA
Stærðir S–3XL

**27.990 KR.**
VERÐ ÁÐUR 43.990 KR.



**MUCKBOOT** STÍGVÉL RUGGED KIDS
Stærðir 31–37

**7.990 KR.**
VERÐ ÁÐUR 14.700 KR.



**COLUMBIA** PEAKFREAK NOMAD
Stærðir 41–47

**11.990 KR.**
VERÐ ÁÐUR 22.690 KR.

**COLUMBIA** POWDERBUG KULDASKÓR
Stærðir 25–31

**5.990 KR.**
VERÐ ÁÐUR 11.990 KR.





44% AFSLÁTTUR

**BERGANS** BIRKEBEINER BAKPOKI 50
Blár og rauður

**24.990 KR.**
VERÐ ÁÐUR 44.490 KR.



DEVOLD* 40% AFSLÁTTUR
*ELDRI GERÐ

AÐRAR DEVOLD VÖRUR 20% AFSLÁTTUR

BERGANS 25% AFSLÁTTUR

MOUNTAIN HARDWEAR 25% AFSLÁTTUR



55% AFSLÁTTUR

**COLUMBIA** PASSO ALTO GÖNGUBUXUR
Stærðir 32–40

**8.990 KR.**
VERÐ ÁÐUR 19.790 KR.



40% AFSLÁTTUR

**BROWNING** DIRTY BIRD VEIÐIJAKKI
Stærðir M–3XL

**29.990 KR.**
VERÐ ÁÐUR 49.390 KR.



49% AFSLÁTTUR

**MERIDA** MERIDA BIG SEVEN 40

**64.990 KR.**
VERÐ ÁÐUR 128.990 KR.



**MUCKBOOT** STÍGVÉL WOODY MAX CAMO 43
Stærðir 39–47

**11.990 KR.**
VERÐ ÁÐUR 23.990 KR.



**BROWNING** DIRTY BIRD VEIÐIBUXUR
Stærðir M–3XL

**24.990 KR.**
VERÐ ÁÐUR 39.490 KR.



**CAMPINGAZ** HELLUBORÐ 400 SG

**19.990 KR.**
VERÐ ÁÐUR 29.690 KR.



KÆLIBOX 40% AFSLÁTTUR



**SJÓNAUKI** PANORAMA 3-9X40
Fyrir veiðiriffla

**19.990 KR.**
VERÐ ÁÐUR 32.590 KR.

**Leitaðu ráða hjá okkur.** Hjá Ellingsen starfa sérfræðingar í öllum deildum. Við veitum faglega og vandaða ráðgjöf og finnum réttu vörurnar sem uppfylla þínar þarfir. Við seljum eingöngu þrautreyndar hágæðavörur sem henta fyrir íslenskar aðstæður.

REYKJAVÍK • Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • mánud.–föstud. 10–18 • laugard. 10–16
AKUREYRI • Tryggvabraut 1-3 • Sími 460 3630 • mánud.–föstud. 10–18 • laugard. 10–16 • ellingsen.is

OPIÐ Á SUNNUDAGINN Í REYKJAVÍK

Ellingsen – FULLT HÚS ÆVINTÝRA

Nýr vefur auðveldar skólum móttöku og samskipti við nema:

# Vefurinn Velkomin styður aðlögun

Velkomin er nýr vefur á Tungumálatorginu, tungumalatorg.is. Um er að ræða samskiptatæki til að auðvelda skólum móttöku, aðlögun og samskipti við nemendur með annað móðurmál en íslensku og foreldra þeirra.

Við þróun verkefnisins kom í ljós að efnið hentar einnig vel til tungumálanáms, að því er bent er á í fréttatilkynningu.

Það styður jafnframt markvisst við félagsleg tengsl nýju nemendanna við samnemendur sína auk þess að gera móðurmál sýnilegri í skólunum.



**AÐLÖGUN** Efnið á vefnum Velkomin hentar einnig til tungumálanáms. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Tölvur virðast lýsa betur persónuleika manna en vinir og vandamenn:

# Facebook afhjúpar persónuleika manna

Tölvur virðast geta greint persónuleika manna betur en vinir og samstarfsmenn ef marka má niðurstöður rannsókna vísindamanna við Stanford-háskólann og Háskólann í Cambridge. Rúmlega 18 þúsund einstaklingar svöruðu 100 spurningum í persónuleikaprófi. Þeir gáfu samtímis vísindamönnunum aðgang að „lækum“ sínum á Facebook. Vinir, fjölskylda og makar svöruðu 10 spurningum um persónuleika hvers þátttakanda.

Tölvur virtust geta lýst persónuleika betur en vinir eða herbergisfélagar þegar tekið var mið af 70 „lækum“ á Facebook og betur en foreldrar og systkini miðað við 150 „læk“. Þegar tölvur gátu miðað við 300 „læk“ gátu þær sagt betur til um persónuleika þátttakenda en makar. - ibs



**FACEBOOK** „Læk“ á Facebook gefa vísbendingar um persónuleika. NORDICPHOTOS/AFP






RosenbergCph teppi
17.900.-



RosenbergCph teppi
17.900.-



RosenbergCph teppi
17.900.-

Mikið úrval af fallegum hönnunarvörum.
Fáðu sent heim að dyrum.

Snúran

www.snuran.is
vefverslun S: 537-5101






**KOSNINGAR** Tæplega fjórðungur kjósenda á aldrinum 18 til 29 ára taldi í könnun Félagsvísindastofnunar að bætt aðgengi að utankjörstaðafundi hefði aukið líkurnar á kosningaþátttöku. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Greina leiðir til að ná til unga fólksins

**Kosningaþátttaka ungs fólks er dræm. Á ráðstefnu Landssambands æskulýðsfélaga verður rætt um utankjörstaðafundi á hjólum í Danmörku, árangur rafrænna kosninga í Eistlandi og fleiri leiðir sem reyndar hafa verið til að ná til ungs fólks.**

Dræm kosningaþátttaka ungs fólks er meginástæðan fyrir ráðstefnu sem Landssamband æskulýðsfélaga á Íslandi heldur núna 16. til 18. janúar. „Við erum eiginlega ráðalaus. Ráðstefnan er upphafið að því að finna lausn og hún er stíluð á ungt fólk sem er mjög mikilvægt,“ segir Unnsteinn Jóhannsson, framkvæmdastjóri Landssambands æskulýðsfélaga.

Á meðal um 100 þátttakenda á ráðstefnunni verða félagar frá systrasamtökum landssambandsins á Norðurlöndum og Eystrasaltslöndunum, að því er Unnsteinn greinir frá. „Við þurfum að snúa vörn í sókn og byrja að undirbúa okkur undir næstu kosningar og ræða hvernig eigi að bregðast við. Þar sem þessi systrasamtök okkar hafa í nokkurn tíma verið að vinna með stjórnvöldum í sínum löndum í að ná til ungs fólks verður frábært að fá þeirra innlegg.“

Kosningaþátttaka eftir aldri var skoðuð í fyrsta skipti í sveitarstjórnarkosningunum á Íslandi í fyrra. Heildarþátttaka var 66,5 prósent en þátttaka ungs fólks var 45 til 50 prósent. Í net- og símakönnun sem Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands vann fyrir innanríkisráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga í sumar, sem rúmlega 3.400 kjósendur tóku þátt í, sögðu þrír af hverjum fjórum meðal ungs fólks að rafrænar kosningar hefðu aukið líkurnar á kosningaþátttöku.

Unnsteinn bendir á að kosningar um betri hverfi í Reykjavík hafi verið rafrænar. „Vissulega er netið miðill unga fólksins en rafrænar kosningar eru kannski engin töfralausn.“

Tæplega fjórðungur kjósenda á aldrinum 18 til 29 ára taldi í könnun Félagsvísindastofnunar að bætt aðgengi að utankjörstaðafundi hefði aukið líkurnar á kosningaþátttöku. „Sjálfum fyndist mér það skrítið að þurfa að aka úr Vesturbænum, þar sem ég bý, í Laugardalshöll til að kjósa ef ég væri að fara til útlanda um kosningahelgi,“ tekur Unnsteinn fram.



**„Sjálfum fyndist mér það skrítið að þurfa að aka úr Vesturbænum, þar sem ég bý, í Laugardalshöll til að kjósa ef ég væri að fara til útlanda um kosningahelgi.**

*Unnsteinn Jóhannsson, framkvæmdastjóri Landssambands æskulýðsfélaga.*

Liður í tilraunum Dana til að fá ungt fólk til að kjósa hefur verið að koma upp svokölluðum utankjörstaðafundi á hjólum, að því er Unnsteinn greinir frá. „Þá hefur bíl verið ekið að til dæmis skólum og ungu fólki boðið að kjósa í kosningabílnum. Það verður mjög spennandi að fá að heyra á ráðstefnunni af aðgerðum annarra þjóða til að fá ungt fólk til að kjósa. Vandamálið er margþætt og við þurfum að finna lausn til að fá fólk til að taka upplýstar ákvarðanir.“

Upplýsingar um ráðstefnuna má finna á heimasíðu landssambandsins, aeska.is. ibs@frettabladid.is

Niðurstöður rannsókna norskra vísindamanna á sýn barna á réttlæti:

# 11 ára börn vilja skipta jafnt

Sýn barna á réttlæti breytist eftir því sem þau verða eldri. Þriggja ára börn eru eigingjörn, ellefu ára börn skipta jafnt en börn á efsta stigi grunnskólans vilja veita þeim mest sem hefur verið duglegastur. Því eldri sem börn eru þeim mun mikilvægara finnst þeim að réttlætis sé gætt.

Þrír af hverjum fjórum fullorðnum eru þeirrar skoðunar að það sé réttlátt að laun fullorðinna séu misjöfn sé miðað við vinnuframlag. Aðeins fjórðungur er þeirrar skoðunar að allir eigi að fá jafnhá laun. Þetta eru niðurstöður rannsóknar Ingvild Almås, norsks doktors í hagfræði, og samstarfsmanna hennar við Viðskiptaháskóla Noregs. Vísindamennirnir létu 500 börn á aldrinum 10 til 19 ára vinna verkefni í tölvu og skipta á milli sín peningum með tilliti til áunnins stigafjölda í spilinu, að því er norrænir fjölmiðlar greina frá.

Rannsókn bandaríska sálfræðingsins Alex Shaw hefur leitt í ljós að bæði börn og fullorðnir verða örlátari og taka frekar mið af réttlæti þegar þeir eiga að skipta fé annarra milli annarra einstaklinga, heldur en þegar þeir eiga að skipta sínu eigin fé. - ibs



**SÆLGÆTI** Nær 90 prósent sex til átta ára barnanna fleygðu frekar sælgætinu en að gefa einu barni meira en hinum. NORDICPHOTOS/GETTY




# Nýtt hverfi rís í grónum bæjarhluta

**Kópavogsbær auglýsir laus til umsóknar byggingaleyfi í Glaðheimum, nýju hverfi í grónum hluta Kópavogs.**

Glaðheimar eru miðsvæðis í Kópavogi, í nálægð við alla helstu þjónustu, verslanir, skóla, íþróttamiðstöð og útivistarsvæði.

Skipulagsuppdrættir, skipulags- og byggingarskilmálar ásamt umsóknareyðublöðum og úthlutunarreglum eru á heimasíðu Kópavogsbæjar www.kopavogur.is/gladheimar.

**Umsóknum um byggingarrétt á lóðum í Glaðheimum – reit 2 ásamt öllum fylgigögnum skal skila í þjónustuver Kópavogsbæjar fyrir kl. 13 þriðjudaginn 3. mars 2015.**

Þjónustuver Kópavogs, Fannborg 2, er opið frá kl. 8–16 mánudaga til fimmtudaga og á föstudögum frá kl. 8–15.




*Glaðheimar eru í göngufæri við alla þjónustu.*

**Allar nánari upplýsingar má finna á www.kopavogur.is/gladheimar.**

Kópavogsbær

kopavogur.is

PIPAR\TBWA • SÍA • 150083

Rekstur Múlakaffis og dótturfélaga er umsvifamikill og hagnaður fyrirtækisins jókst um 24 milljónir árið 2013 frá fyrra ári

# Múlakaffi hagnaðist um tæpar 140 milljónir króna

Hagnaður Múlakaffis ehf. á árinu 2013 nam tæpum 135 milljónum króna og var rúmum 24 milljónum hærri en árið á undan. Þetta má lesa úr samandregnum ársreikningi félagsins sem var birtur í ársreikningaskrá á föstudaginn.

Meginstarfsemi Múlakaffis og dótturfélaganna GJ veitinga ehf. og KH veitinga felst í mötuneytis- og veitingarekstri ásamt veisluþjónustu. Eini eigandi félagsins er Jóhannes Stefánsson.

Bókfærðar eignir móðurfélagsins nema 429 milljónum króna en eignir samstæðunnar nema 754 milljónum króna. Stærstur hluti eigna samstæðunnar er fasteignir en þær eru metnar á 325 milljónir króna og bílar, innréttingar, áhöld og tæki eru metin á 754 milljónir.

Veitingastaðurinn Múlakaffi er í Hallarmúla. Á vefsíðu fyrirtækisins segir að þangað komi daglega hátt í 300 gestir í morgunmat, hádegismat, kaffi eða kvöldmat. Múlakaffi rekur einnig veisluréttaþjónustu og undirbýr mat fyrir smáa viðburði sem stóra.



JÓHANNES STEFÁNSSON

Múlakaffi rekur veitingasalinn í Vodafonehöllinni á Hlíðarenda og Versali við Hallveigarstíg. Þá rekur Múlakaffi mötuneyti Eimskipa, mötuneyti í Borgartúni 7, mötuneyti í Tollhúsinu, mötuneyti hjá Hafró, mötuneyti lögreglunnar í Reykjavík og Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins. Daglega borða að meðaltali um 800 manns í þessum mötuneytum.

Í gegnum dótturfélög sín á Múlakaffi svo veitingastaðinn Nauthól og Hörpudisk og Kolabrautina í Hörpu. - jhh



**NAUTHÓLL** Múlakaffi rekur meðal annars veitingastaðinn Nauthól. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**REYNSLUBOLTI** Jón Steinar á langan feril að baki og mun nú miðla syni sínum af reynslu sinni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Feðgar í starf hjá Veritas:

## Jón og Konráð hefja samstarf

Jón Steinar Gunnlaugsson hæstaréttarlögmaður og Konráð Jónsson héraðsdómslögmaður ætla að hefja störf á Veritas lögmannsstofu þann 1. mars.

Konráð hefur fimm ára reynslu af lögmannsstörfum og hefur starfað hjá lögmannsstofunni Opus undanfarin ár. Faðir hans, Jón Steinar, er fyrrverandi hæstaréttardómari. „Mig hefur mikið langað til að vinna með pabba mínum á lögmannsstofu og núna er rétti tímapunkturinn bæði hjá honum og mér. Þannig að við ákváðum að stökkva á þetta tækifæri,“ segir Konráð. - jhh

Til liðs við Pálma Haraldsson:

## Ferðaskrifstofan fær liðsauka

Berg Steinarsson er nýr framkvæmdastjóri Ferðaskrifstofu Íslands. Hann tekur við starfinu af Margréti Helgadóttur.



BERG STEINARSSON

Undir Ferðaskrifstofu Íslands heyra meðal annars ferðaskrifstofurnar Úrval Útsýn, Sumarferðir og Plúsferðir.

Ferðaskrifstofa Íslands er í eigu Pálma Haraldssonar athafnamanns. - jhh

# Hverfin gera kröfur til reksturs lágverðsverslana

Þrjár Nóatúnsverslanir verða lagðar niður og Krónan opnuð í húsnæði þeirra. Forstjóri Festu, sem rekur verslanirnar, segir að stemning sé fyrir verslunum með hefðbundið kjötborð. Vanda þurfi val á staðsetningu þeirra.

Á næstu mánuðum mun Krónan opna þrjár nýjar verslanir þar sem nú eru Nóatúnsverslanir. Verslanirnar í Grafarholti, Hamraborg og Nóatúni munu breytast úr Nóatúni í Krónuna. Með þessum breytingum verða verslanir Krónunnar alls sextán, víðs vegar um landið.



JÓN BJÖRNSSON

Jón Björnsson, forstjóri Festu, sem rekur matvöruverslanirnar segir að ákvörðunin eigi sér töluverðan aðdraganda og hafi verið rædd-ar þegar Festi tók verslanirnar yfir í mars. „En þetta var ekki gert fyrr en að fullkönnuðu máli hvað varðar viðskiptavini hvers hverfis og framtíðarmöguleika hverrar búðar,“ segir hann.

Jón segir að stemningin fyrir verslunum á borð við Nóatúnsverslanirnar, með fínu kjötborði og meiri lúxus, hafi þó alls ekki minnkað. „Við höldum í rauninni að það sé ágætis farvegur fyrir búðir sem leggja áherslu á hefðbundið kjötborð sem við þekkjum. Við teljum að það sé frjór jarðvegur. Það þarf hins vegar að vanda mjög til staðsetningar slíkra verslana. Sum hverfi gera ekki kröfur til þeirra á meðan þau gera kröfur til lágverðsverslana,“ segir Jón.

Hann bendir á að þegar verslun hafi einungis eitt hús á hverjum stað þá verði að meta vel hvað eigi að bjóða viðskiptavinum upp á. „Það er það sem ræður stöðunni á hverjum stað. Við höfum ekki verið með Krónuverslun í þessum hverfum,“ segir Jón. Það sé ekkert útilokað að fyrirtækið fjárfesti í annars konar smásölustarfsemi sem tengist mat og sé ekki byggð á lágverðsverslunarhugmyndafræði.




**Í AUSTURVERI** Jón Björnsson forstjóri Festu segir að ef það verða tækifæri á öðrum stöðum til að uppfylla sömu kröfur og gerðar eru til Nóatúns í Austurveri þá verði horft á það. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Við ætlum að halda áfram með Nóatún í Austurveri sem hefur að mínu viti verið hin raunverulega Nóatúnsbúð og getað staðið vel undir því loforði, þó að við ætlum að gera enn betur þar,“ segir hann. Ef það verða tækifæri á öðrum stöðum til að uppfylla sömu kröfur og í Nóatúni í Austurveri þá verði horft á það. „Hvort sem það væri undir nafni Nóatúns eða öðrum nöfnum,“ segir Jón.

Jón segir að Festi hafi jafnframt mikinn áhuga á því að bæta við Krónuverslunum. Verið sé að undirbúa opnun nýrrar verslunar í Hafnarfirði. „Þar erum við að byggja hús í Flatahrauni þar sem við ætlum að opna búð 2016.

### Lágverðsverslanir sækja í sig veðrið



Hagar og Festi eru helstu aðilar á matvörumarkaðnum. Hagar reka meðal annars verslanirnar Hagkaup og Bónus. Finnur Árnason, forstjóri fyrirtækisins, vildi lítið tjá sig um framtíðarplön fyrirtækisins vegna þess að hlutabréf þess eru skráð í Kauphöll Íslands. Hann sagði þó að Bónus væri að undirbúa opnun nýrrar verslunar í Skipholti. Einnig væri horft til Vestmannaeyja. „Langtímaþróunin hefur verið sú að lágverðsverslanir hafa sótt í sig veðrið. Það hefur gerst hjá okkur og öðrum líka,“ sagði Finnur í samtali við Fréttablaðið.

En við höfum haft áhuga á öðrum staðsetningum líka,“ segir hann.

Jón segir að fjárfesting að baki opnun nýrrar verslunar sé slík að það sé ákvörðun sem sé tekin til margra ára. „Og það þarf virkilega að vanda til,“ segir Jón.

jonhakon@frettabladid.is

Landsvirkjun selur bréf:

## Tilboð bárust fyrir 7 milljarða

Landsvirkjun lauk í fyrradag útboði á 30 milljóna Bandaríkjadala, eða 3,9 milljarða króna, skuldabréfi til 10 ára.

Tilboð bárust í skuldabréfið fyrir alls 54 milljónir dala. Skuldabréfið ber 4,3% fasta vexti sem greiðast tvisvar á ári en höfuðstóll greiðist í einu lagi á lokagjalddaga.

Það var Íslandsbanki sem hafði umsjón með útgáfu skuldabréfsins, en bréfið er selt til íslenskra lífeyrissjóða með heimild frá Seðlabanka Íslands. Peningarnir verða nýttir til almennrar endurfjármögnunar. - jhh

Breytingar hafa verið gerðar á stjórnendahópi 365 með nýjum framkvæmdastjóra og forstöðumönnum:

# Petrea verður framkvæmdastjóri hjá 365

Petrea Ingileif Guðmundsdóttir tekur við starfi framkvæmdastjóra þjónustu-, sölu- og markaðsmála. Hún var framkvæmdastjóri Tals á liðnu ári og þar áður framkvæmdastjóri hjá Símanum og Skjánum, ásamt því að vinna ýmis sérfræðings- og stjórnunarstörf hjá Símanum.

Petrea er viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands. Hún er gift Benedikt K. Magnússyni og saman eiga þau þrjár stúlkur.

Samfara ráðningu Petreu hefur verið gengið frá ráðningu þriggja forstöðumanna á sviðið. Guðmundur Halldór Björnsson verður forstöðumaður vörustjórnunar og markaðssetningar og Fríða Rut Hallgrímsdóttir tekur við starfi forstöðumanns þjónustu. Þau komu bæði frá Tali. Þá hefur Svanur Valgeirsson verið ráðinn auglýsingastjóri og mun hann gegna því starfi samhliða starfi mannauðsstjóra félagsins. Hann hefur unnið hjá 365 í tæp tvö ár.

„Við höfum unnið að því að einfalda skipurit og fækka stjórnendum. Samruninn við Tal er genginn í gegn og við komin niður á það skipulag sem við teljum best fyrir 365. Markmiðið var að einfalda og straumlínulaga reksturinn,“ segir Sævar Freyr Þráinsson, forstjóri 365, í tilkynningu.

Sævar Freyr bætir við að við þessar breytingar verði jafnt hlutfall kynja í yfirstjórn félagsins. „Það eru sérstaklega ánægjuleg tímamót,“ segir hann. - jhh



**NÝ Í STARFI** Petrea Ingileif Guðmundsdóttir er framkvæmdastjóri þjónustu-, sölu- og markaðsmála hjá 365.

➜ Petrea er viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands. Hún var framkvæmdastjóri Tals á liðnu ári og þar áður framkvæmdastjóri hjá Símanum og Skjánum, ásamt því að vinna ýmis sérfræðings- og stjórnunarstörf.




KOMDU OG REYNSLUAKTU NÝJUM VOLVO V40, ÖRUGGASTA BÍL Í HEIMI
UPPLIFÐU EINSTAKA HÖNNUN OG SKANDINAVÍSKAN LÚXUS

OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17 OG LAUGARDAGA KL. 12-16

brimborg
Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 I Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050 I volvo.is

Volvo V40 D2 115 hö, 6 gíra beinskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 3,4 l/100 km. $CO_2$ 88 g/km.
Volvo V40 Cross Country D2 115 hö, 6 gíra beinskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 3,8 l/100 km. $CO_2$ 99 g/km.
Volvo V40 dísil beinskiptur uppfyllir þau skilyrði sem þarf til að fá frítt í stæði í miðborg Reykjavíkur. Volvo V40 fékk hæstu einkunn sem hefur verið gefin í öryggisprófunum Euro NCAP.
Brimborg og Volvo áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

# SKOÐUN

Valið stendur á milli upplýsingar og hindurvitna:

# Hinn vanginn

Tansanía hefur bannað töfralækna í landi sínu í viðleitni til þess að stöðva árásir á albínóa. Frá þessu er greint á fréttavef breska ríkisútvarpsins, BBC. Nýlega fordæmdu Sameinuðu þjóðirnar brottnám fjögurra ára stúlku í norðvesturhluta landsins.

Árásir þessar eru alvöru vandamál. Fólkið er drepið og líkamshlutar þess ganga kaupum og sölum í þeirri trú að þeir færi kaupandanum gæfu og hagsæld. BBC greinir frá því að yfir 33 þúsund albínóar séu í Tansaníu og að sjötíu hafi verið drepnir á síðustu þremur árum. Á sama tíma hafa bara tíu árásarmenn hlotið dóm fyrir glæpi sína.



**Óli Kristján Ármannsson**

olikr@frettabladid.is

Barátta stjórnvalda í Tansaníu er við fáfræði og hindurvitni. Í glæpunum speglast vanþróað samfélag.

Fólk ætti hins vegar að fara varlega í að hrista hausinn yfir vitleysunni sem viðgengst í fjarlægjum löndum, því ekki er nema stigsmunur á þessum glæpum og öðrum sem framdir eru í nafni trúar af einhverjum toga. Nærtækt er að nefna árásir öfgatrúarmanna á ritstjórnarskrifstofur Charlie Hebdo í Frakklandi, en líka árásir öfgafólks á læknastofur þar sem framkvæmdar eru fóstureyðingar og jafnvel kristna trúarhópa sem neita sér (og börnum sínum) um nauðsynlegar læknisaðgerðir á borð við blóðgjöf. Þá má líka rifja upp andstöðu kaþólskunnar við notkun getnaðarvarna og árásir á samkynhneigða víða um heim, ekki síst þær sem trúboðum hefur tekist að æsa upp í Úganda.

Eins má hafa í huga að örfáir áratugir eru síðan hér á landi þótti móðgun við almættið að læra að synda. Lenti fólk í vatni þá væri augljóslega vilji guðs að það endaði þar líf sitt. Líklega er ekki svo fjarri lagi að stilla trúarbrögðum og trú upp sem andstæðu þekkingar og upplýstrar ákvarðanatöku, líkt og rithöfundurinn og þróunarlíffræðingurinn Richard Dawkins hefur gert. Að með trú á líf fyrir dauðann væri fólk líklegra til að reyna að lifa góðu og um leið siðlegu lífi, í sátt við aðra.

Í gegnum tíðina hefur trúin og trúarbrögðin líka verið notuð sem nokkurs konar friðþægingarsnuð í munn þeirra sem orðið hafa undir í samfélaginu með einhverjum hætti. Vegir almættisins eru jú órannsakanlegir. Hin hliðin á þeim peningi er þegar trúin er notuð sem réttlæting ofbeldisverka. Atvinnulaus og hliðarsett ungmenni í úthverfum stórborga eru þægileg skotmörk æsingamanna sem koma vilja sverði (eða byssu) í hönd þeirra.

En þótt hugsandi manneskja geti hafnað trú og trúarbrögðum þá þarf hún ekki að hafna öllu því sem gert, sagt og skrifað hefur verið í nafni trúar. Sumt af því getur nefnilega verið alveg ágætt. Þannig fer ágætlega á því, sem viðbrögð við voðaverkunum í París, að bjóða hinn vangann, eins og Kristur bauð. Með átökum og ofsafengnum viðbrögðum er nefnilega fórnað frelsinu sem við viljum verja. Norðmenn fóru fram með góðu fordæmi í viðbrögðum við voðaverkum kristna hægriöfgamannsins Anders Behring Breivik. Ofbeldinu á að svara með meira frelsi, opnara og upplýstara samfélagi. Með aukinni menntun dregur úr vandamálum sem æsinga- og ofbeldismenn geta nýtt sér í liðssöfnun sinni.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Sigurjón M. Egilsson *sme@frettabladid.is.* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871






## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Maður dagsins og daganna

Hinn annars ágæti og kröftugi maður, Ásmundur Friðriksson, varð óvænt maður dagsins, eða jafnvel daganna, eftir að hafa tjáð sig á Facebook. Greinilegt er að mörgum finnst þingmaðurinn hafa farið fram úr sér. Þeirra á meðal eru allir samþingmenn hans, sem hafa á annað borð tjáð sig. Bjarni Benediktsson hefur sagt ekkert tilefni til að skoða bakgrunn múslima á Íslandi í ljósi hryðjuverkanna í Frakklandi. Hugmyndir Ásmundar Friðrikssonar alþingismanns endurspegli ekki viðhorf Sjálfstæðisflokksins, Ásmundur hafi farið fram úr sér. Viðbrögð talsmanna Sjálfstæðisflokksins eru hiklaus og ákveðin og þeir ákveða að slökkva eldinn strax.



### Er Ásmundur voða vitlaus?

„Haldi Ásmundur Friðriksson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, að íslensk stjórnvöld hafi heimild til að gera bakgrunnsathugun á öllum sem játa múhameðstrú á Íslandi, sýnir það best fávisku hans,“ skrifar flokksbróðir Ásmundar Friðrikssonar og dómsmálaráðherrann fyrrverandi Björn Bjarnason, og skefur ekki utan af því. Ásmundur hefur sjálfur sagt að hann hafi verið á hóteli í Kaupmannahöfn, í næsta nágrenni við franska sendiráðið þar í borg þegar andinn kom yfir hann. Franska sendiráðið er á horni Kongens Nytorv og Bredgade, rétt við Nýhöfn. Eina hótelið við Kongens Nytorv er hið fimm stjörnu d'Angleterre. Ætli þingmaðurinn hafi verið þar?



### Hríðskotabyssuskaupið

Höfundur Staksteina Morgunblaðsins í gær, sennilega Davíð Oddsson, segir frá áðurnefndum Birni Bjarnasyni, nú vegna umræðu um leyniþjónustu og vopn og umræður um þau mál. „…um styrkingu á vopnabúri þeirra íslensku yfirvalda sem skipta mestu um að tryggja öryggi þjóðarinnar, bæði inn á við og út á við. Sú umræða átti það sameiginlegt með „Skaupi“ Ríkisútvarpsins að vera undarleg, ekki fyndin, og að þeir sem höfðu sig mest í frammi virtust ómeðvitaðir um að þeir væru úti á túni, þegar þeir áttu ekki að vera þar. Það var hins vegar tilviljun að vonlausa skaupið og vélbyssurnar kostuðu það sama, 27 milljónir.“

**sme@frettabladid.is**

## HALLDÓR




# Heilbrigð skynsemi ráði

HEILBRIGÐISMÁL



**Katrín Jakobsdóttir**
formaður Vinstri grænna

Það er fagnaðarefni að samningar hafi náðst í læknadeilunni. Hvert sem ég kom á meðan deilan stóð yfir varð ég vör við þungar áhyggjur, ekki síst vegna þess að fólki fannst velferðarkerfinu og þar með undirstöðum samfélagsins ógnað. Nú blasir við að í kjölfarið munu ýmsir hópar gera harðari kröfur um kjarabætur í takt við kjarabætur lækna sem er flókið úrlausnarefni þegar vilji er til að viðhalda hinum efnahagslega stöðugleika. Það breytir því ekki að stöðugleiki snýst um fleira en kaup og kjör og áherslan á stöðugleika má ekki verða til þess að viðhalda eða jafnvel auka misskiptingu í samfélaginu. Þá má ekki gleyma því að stjórnendur fyrirtækja fengu ríflegar hækkanir í fyrra en venjulegir launamenn sættu sig við litlar hækkanir í nafni stöðugleika. Þessu þarf að snúa við í komandi kjarasamningum.

Yfirlýsing stjórnvalda og lækna í kjölfar samninga vekur hins vegar upp ýmsar spurningar. Vissulega er gott og þarft að auka framlög til heilbrigðisþjónustu og ekki vanþörf á, þótt ekki væri nema af lýðfræðilegum ástæðum. Um það ætti að geta náðst samstaða. Hins vegar vekur það undrun að stjórnvöld lýsi því yfir að opna þurfi fyrir „fjölbreytt rekstrarform“ í heilbrigðiskerfinu. Nú er það svo að ýmsir þættir íslenska heilbrigðiskerfisins eru ekki reknir af hinu opinbera og enginn skortur á fjölbreytni þar. Ekki er því hægt að túlka þessa yfirlýsingu öðruvísi en sem sérstakan vilja stjórnvalda til frekari einkavæðingar í heilbrigðiskerfinu án þess að það sé rökstutt sérstaklega.

Rannsóknir hafa sýnt að félagslega rekin heilbrigðiskerfi tryggja besta aðgengið að þjónustunni, besta lýðheilsu og eru fjárhagslega hagkvæmust. Einu rökin fyrir því að auka vægi einkarekstrar er pólitísk hugmyndafræði eins og einn af stofnendum og eigendum Sinnum ehf. kynnti eftirminnilega á dögunum. Tók hún þá Albaníu sem dæmi um land þar sem konur gætu valið ólíka fæðingarþjónustu en láðist að nefna að þar er ungbarnadauði margfalt meiri en hér óháð öllu vali.

Það er ógnvænlegt ef pólitískt einkarekstrarofstæki á að vera sterkara en heilbrigð skynsemi og raunverulegur árangur í heilbrigðismálum. Góð heilbrigðisþjónusta er samfélagsleg verðmæti sem við eigum að eiga saman. Hún á ekki að vera gróðavegur einkaaðila á kostnað annarra í samfélaginu. Í þessu kerfi þarf að standa vörð um jöfnuð og réttlæti. Við eigum ekki að fylgja fordæmi Albaníu.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **AÐSTOÐARFRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **VIÐSKIPTI:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Erla Björg Gunnarsdóttir *erla@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **VÍSIR:** Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Náttúrupassi býr til nýja stétt landgreifa

FERÐA-ÞJÓNUSTA



**Þórarinn Eyfjörð**
formaður Ferðafélagsins Útivistar

Iðnaðar- og viðskiptaráðherra, Ragnheiður Elín Árnadóttir, heldur sig við sama heygarðshornið í baráttu sinni fyrir svokölluðum náttúrupassa. Herferð sinni fyrir þessari afleitu hugmynd heldur hún áfram þrátt fyrir afgerandi andstöðu allra hagsmunaaðila í ferðagreinum og almennings í landinu. Einnig virðir hún að vettugi efasemdir þingmanna úr stjórnarliðinu jafnt sem annarra þingmanna. Fátt virðist því geta komið vitinu fyrir ráðherrann í þessu efni og vekur það furðu. Það læðist að manni sá grunur að ætlun hennar eigi sér fleiri hliðar en þær sem haldið er á lofti. Eðlilega vakna spurningar um hvort það séu einhverjir sérstakir hagsmunir sem hún er að verja og þá hverjir tengjast þeim hagsmunum.

Lítum rétt sem snöggvast á spurningar og svör af heimasíðu atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis. Þar er meðal annars spurt hvar náttúrupassinn muni gilda. Svarið á heimasíðunni er: „Náttúrupassinn mun gilda á ferðamannastöðum í eigu og umsjón opinberra aðila, en auk þess verður einkaaðilum boðin aðkoma að passanum.“ Gott og vel. Náttúrupassinn á að gilda á fáum afmörkuðum stöðum í eigu ríkisins. Einnig er tekið fram að svokallaðir einkaaðilar (lesist: eigendur að íslenskri náttúru), geti tekið þátt í náttúrupassanum. Hér er hlið á málinu sem alltof litla athygli hefur fengið. Lítum aftur á spurningu og svar á heimasíðu ráðuneytisins. Spurt er hvort náttúrupassinn komi í veg fyrir gjaldtöku einkaaðila á einstökum ferðamannastöðum. Svarið er: „Nei, einstakir landeigendur geta eftir sem áður í krafti eignarréttar síns rukkað aðgangseyri á sína staði“. Það er nefnilega það!

Ímyndum okkur „eiganda“ að mjög sérstökum fossi sem við köllum Skvettifoss og hefur sterkt aðdráttarafl. Eða annan „eiganda“ sem á goshver sem við köllum Þeysi með ekki veikara aðdráttarafl. Þegar ferðamannafjöldinn verður kominn í eina milljón, heimsækja 50.000 ferðamenn árlega hvorn stað. Þessum svokölluðum „eigendum“ mun væntanlega ekki detta í hug að taka þátt í einhverjum valkvæðum náttúrupassasjóði, sem ríkið er að vasast með. Með smávægilegum úthlutunum eftir einhverjum samræmdum ríkisreglum. Nei takk kærlega! Þá er nú betra að leggja sitt eigið gjald á og hagnast pínulítið. Segjum 2.000 kall á haus. Það gerir 100.000.000.- (hundrað milljónir) árlega á hvorn stað.

### Versta útfærslan

Þessi arfavitlausa hugmynd Ragnheiðar Elínar um náttúrupassa er óskiljanleg eins og margoft hefur verið bent á í ræðu og riti. Öðrum leiðum, sem eru einfaldari, skilvirkari, ódýrari, tekjudrýgri og betri til sátta meðal landsmanna og ferðamanna, hafnar ráðherra og velur verstu útfærsluna. Þarna undir er einnig heimild ráðherra til landeigenda, að aftengja lög um almannarétt Íslendinga til aðgangs að sínu eigin landi. Gæti það verið vegna þess að einhverjir munu hagnast verulega á útfærslu ráðherrans á náttúrupassanum með því að taka ekki þátt í passanum heldur rukka aðgangseyri prívat og persónulega? Getur verið að ástæðan sé sú að nú eigi að nota tækifærið og færa sameign þjóðarinnar í hendur á fámennum hópi svokallaðra landeigenda?

Almannaréttur Íslendinga til umgengni á eigin landi hefur verið heilagur réttur frá landnámi. Ætli einhverjir hafi komið auga á tækifærið til að ræna rétti Íslendinga á frjálsri för um eigið land? Að hér skuli búa til stétt landgreifa með ótakmarkaðan rétt til gjaldtöku af íslenskum almenningi og erlendum ferðamönnum? Kvótakóngar í íslenskri náttúru? Hugmyndin að náttúrupassa Ragnheiðar Elínar er svo fjarstæðukennd að það má heita með ólíkindum að ráðherra, sem kosinn er á þing til að gæta hagsmuna almennings, skuli láta þvílíkt og annað eins frá sér fara. En það vekur einnig eftirtekt að ekkert heyrist frá svokölluðum landeigendum um málið. Virðist ekki vera mikil andstaða þar. Gæti verið að þeir séu dálítið ánægðir með hugmyndina?

**➜ Fátt virðist því geta komið vitinu fyrir ráðherrann í þessu efni og vekur það furðu.**

# Getum við lært?

SAMFÉLAG



**Ari Trausti Guðmundsson**
jarðvísindamaður og rithöfundur

Hryðjuverkin í París bergmála víða. Það var eflaust einn þátturinn í ætlunarverki þeirra sem þau frömdu. Sama dag voru um 100 lögreglunemar í Jemen drepnir í sprengjutilræði og við höfum fregnað um samtímaatburðina í Nígeríu þar sem allt að 2.000 sakleysingjar liggja í valnum. Gefa glæpsamleg tilræði, jafnt í Evrópu sem annars staðar, tilefni til annars konar bergmáls en ummæla til dæmis um vonda Framsóknarmenn, trúarbyggingar á Íslandi sem uppsprettu hryðjuverka, vinstri menn sem múslimasleikjur og um nauðsyn þess að reynt sé að rekja bakgrunn og gerðir sumra innflytjenda til landsins en ekki annarra? Óskandi væri að bergmálið vekti uppbyggilega umræðu, lausa við fordóma og fáfræði. Margir eiga leik í henni og brátt kemur í ljós hvort íslenskt samfélag getur borið uppi þau mannréttindi, það frelsi og þá mannúð sem það segist hvíla á og oft hefur raunar sést til.

### Fjarveran var mistök

Einnig kemur í ljós hvort þeir sem áttu að mæta til samstöðu í París samkvæmt hvatningu til þjóðarleiðtoga (þ.e. forsætisráðherra á Norðurlöndum – eða annars ráðherra) kunni að viðurkenna mistök.

Allir sem íhuga að mæta á samstöðufundi velta fyrir sér tilefninu og eigin tímaramma. Í umræddu tilviki var málefnið afar brýnt á alþjóðavísu og unnt að komast til Parísar að kvöldi dags og heim aftur að kvöldlagi næsta dag þannig að einn sólarhringur dugði. Fjarveran var mistök sem orðið óheppilegt nær ekki yfir. Gleymum því heldur ekki að fjarveran vekur allt of margar spurningar. Skrif í minningarbók, viðvist góðs sendiráðsstarfsmanns eða skeyti til ráðamanna í Frakklandi duga varla til að svara þeim.

Á samstöðufundi við franska sendiráð sá ég engan úr pólitíska armi samfélagsins nema Ragnheiði Elínu ráðherra, Elínu Hirst þingmann og Hjálmar Sveinsson úr borgarkerfinu. Kannski voru þar fleiri. Þarna höfðu margir slíkir tækifæri til að sýna hug sinn í verki en vissulega var auglýsing á þessari látlausu en áhrifamiklu samkomu lítil.

Nú er tækifæri fyrir þá, sem orðið hafa á mistök í sambandi við afstöðu til atburðanna í Frakklandi, við umræður um trúarbrögð, átök í Austurlöndum – eða skortir umburðarlyndi – að ýta undir gagnlegar umræður og aðgerðir sem stuðla að samstöðu en ekki sundrungu. Reyndar á það við okkur öll.

**➜ Einnig kemur í ljós hvort þeir sem áttu að mæta til samstöðu í París samkvæmt hvatningu til þjóðarleiðtoga (þ.e. forsætisráðherra á Norðurlöndum – eða annars ráðherra) kunni að viðurkenna mistök.**



markhönnun ehf

netto
Kræsingar & kostakjör

# Heilsublað Nettó er komið út!




**Tilboðin gilda 15. janúar –01. febrúar 2015**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.





**RAGGA NAGLI** ER MEÐ RÁÐGJÖF **FIMMTUDAGINN 15. JANÚAR**
Í **NETTÓ MJÓDD FRÁ KL. 13-15** OG Í **NETTÓ GRANDA FRÁ 16-18**

# heilsu & lífsstílsdagar

Blaðið í heild sinni er aðgengilegt á netto.is

**www.netto.is**

| Mjódd · Grandi · Salavegur · Hverafold · Akureyri · Höfn · Grindavík · Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss |

# Staða ferðaþjónustunnar í íslensku samfélagi

FERÐA-
PJÓNUSTA



Ólöf Ýrr Atladóttir
ferðamálastjóri

Hefðbundin sýn okkar á hugtakið auðlindir felur í sér að við horfum til náttúrulegra auðlinda, þ.e. lífríkis, efnis og orku. Hugtakið getur þó haft mun víðtækari merkingu en svo, ekki síst með hliðsjón af ferðaþjónustunni. Ferðaþjónustan nýtir margvíslegar uppsprettur sem grundvöll tekjuöflunar. Vissulega er náttúra landsins helsta aðdráttarafl þess gagnvart gestum, en ekki má gleyma að upplifun ferðamannsins er ekki einhlítt fyrirbæri. Einstök náttúra leiðir ekki til einstakrar upplifunar nema að allt komi saman: gæði og fagmennska þeirrar þjónustu sem veitt er, gestrisni heimamanna, öryggi á ferðalögum, sköpunarkraftur innan afþreyingargeirans, sjálfbærni áfangastaða í náttúrunni og lifandi menning sem byggir á raunverulegum samfélagslegum gildum. Sameiginlegt þessum auðlindum er að þær eru hvorki sjálfbærar né endurnýjanlegar nema að við hlúum að þeim og stýrum nýtingunni á þeim með fagmennsku og framtíðarsýn að leiðarljósi. Ekkert af þessu verður til eða viðhelst af sjálfu sér – og það gildir um þessi fyrirbæri eins og flest önnur, að það eyðist sem af er tekið.

### Orðspor og ímynd

Viðhorfskannanir Ferðamálastofu hafa ítrekað sýnt að orðsporið skiptir íslenska ferðaþjónustu öllu. Ríflega þriðjungur þeirra sem svara hverju sinni nefnir að upplýsingar frá vinum og vandamönnum hafi haft veruleg áhrif á ákvörðun um heimsókn til landsins. Neikvæð upplifun gesta okkar og neikvæð umfjöllun í kjölfarið getur því haft mikil áhrif á samkeppnisstöðu okkar gagnvart öðrum þjóðum, ekki síst á tímum samfélagsmiðla og samtímalýsinga.

Til þess að viðhalda því orðspori sem við höfum er því mikilvægt að allt sem við gerum og bjóðum á borð sé gert af metnaði og alúð. Og þetta á jafnt við um ferðaþjónustustörf sem önnur störf sem við sinnum.

### Samstarf og hlutverk hins opinbera

Í kjölfar gossins í Eyjafjallajökli árið 2010, sem raskaði flugumferð með afdrifaríkum hætti, höfðu ýmsir áhyggjur af því að orðspor okkar myndi bíða skaða af. Í kjölfarið var ráðist í sameiginlegt kynningarátak atvinnugreinarinnar og hins opinbera. Afraksturinn varð ekki síst sá að opna augu hagsmunaaðila fyrir því með hvaða hætti er hægt að starfa saman að því að koma íslenskri ferðaþjónustu á framfæri og hvar hið opinbera á að staðsetja sig í þeirri vinnu. Það má nefnilega færa rök að því að ríkið eigi ekki að einbeita sér að því að sinna markaðsstarfi með einstökum fyrirtækjum, heldur sé hlutverk þess að koma á framfæri almennum, sterkum skilaboðum um fyrir hvað atvinnugreinin stendur, hvað landið í heild hefur að bjóða ferðamönnum og með hvaða hætti við vinnum saman að því að tryggja einstaka upplifun gesta okkar.

### Byggjum á raunverulegum styrkleikum

Kynningarstarf þarf að grundvallast á raunverulegum styrkleikum, ekki ímynduðum. Það er þannig ekki hægt að slíta kynningar- og markaðsstarf úr samhengi við önnur verkefni ferðaþjónustunnar, en ekki heldur hægt að leggja það á herðar fyrirtækjum að þau standi ein fyrir því að senda skilaboðin út – vegna þess að við Íslendingar allir erum gestgjafarnir, ekki bara starfsfólk ferðaþjónustufyrirtækja og ferðamannastaða.

Við getum ekki byggt upp áfangastað sem stendur undir þeim kröfum sem gerðar eru til hans af gestum sem og okkur sjálfum, án þess að taka öll þátt í þeirri uppbyggingu með einhverjum hætti, eins og nú verður vikið að.

### Náttúra Íslands sem aðdráttarafl

Í nýjustu könnun Ferðamálastofu á viðhorfum okkar erlendu gesta nefna 80% náttúruna sem helsta aðdráttarafl Íslands. Þegar nánar er að gáð kemur í ljós að hugtakið náttúra hefur nokkuð margbreytilega merkingu í huga fólks, en þó má greina þann rauða þráð að gestir okkar horfa til víðernanna, víðsýnisins, margbreytileikans og sérstöðunnar.

Því er alveg ljóst að ásýnd landsins og þær hugmyndir sem fólk gerir sér um viðhorf okkar til náttúrunnar skipta sköpum fyrir framtíðarhorfur atvinnugreinarinnar.

### Uppbygging ferðamannastaða

Mikilvægt er að okkur auðnist að taka á móti gestum okkar án þess að náttúran hljóti skaða af. Hröð fjölgun ferðamanna á undanförnum árum hefur kristallað hvar skórinn kreppir í þessu tilliti. Þar til á allra síðustu árum hefur engan veginn nægu fjármagni verið veitt til uppbyggingar og viðhalds ferðamannastaða, og ekki heldur hefur verið unnt að sinna rekstri þjóðgarða og friðaðra svæða með nægilega myndarlegum hætti. Síðastliðin tvö ár hefur þó orðið breyting á þessu; ríflega milljarði króna var t.a.m. veitt samtals til verkefna á þessu sviði gegnum Framkvæmdasjóð ferðamannastaða á árunum 2013 og 2014.

Þegar fjármögnunin jókst kom hins vegar í ljós að margir staðir voru ekki búnir undir framkvæmdir; mikið verk var óunnið í skipulagsmálum á öllum stigum; víða skorti mannskap til að vinna verkin á hábjargræðistíma; og óvissan um framtíðarfyrirkomulag fjárveitinga leiddi til þess að sótt var um verkefni sem ýmist þurfti lengri aðdraganda eða framkvæmdatíma en ráð var fyrir gert. Auk þessa var í mörgum tilfellum sótt um styrki til framkvæmda sem hefði þurft að vera löngu búið að huga að og því verið að taka á uppsöfnuðum vanda að hluta til.

**➜ Til þess að viðhalda því orðspori sem við höfum er því mikilvægt að allt sem við gerum og bjóðum á borð sé gert af metnaði og alúð. Og þetta á jafnt við um ferðaþjónustustörf sem önnur störf sem við sinnum.**

### Skipulag, stefnumörkun og langtímaáætlun

Þannig má segja að staðan núna sé sú að flöskuháls uppbyggingar sé ekki einvörðungu fjárskortur – þó að seint verði vanmetið mikilvægi þess að tryggja ásættanlega fjármögnun til uppbyggingar til frambúðar – heldur felast ekki síðri hindranir í skorti á skipulagi, stefnumörkun og langtímaáætlanagerð. Aðkallandi er að úr þessu verði bætt.

Sú umræða sem hefur átt sér stað um fjármögnunarleiðir má ekki leiða til þess að fólk missi sjónar á eftirfarandi: það liggur á að finna þessum þætti ferðaþjónustunnar farveg til framtíðar, mikilvægt er að sú leið sem farin verður sé einföld, stöðug og skilvirk og engin ein leið tryggir endanlegt jafnræði og sátt meðal allra hagsmunaaðila.

Ekki er víst að svigrúm gefist til þess að bjarga málum eftir á í framtíðinni og það mun ekki reynast auðvelt að vinda ofan af skemmdum sem leiða af auknum ágangi ferðamanna. Ekki þeim skemmdum sem verða á sjálfri náttúru og lífríki, ekki þeim skemmdum sem orðspor landsins verður fyrir sem afleiðing þessa – og ekki þeim skemmdum sem við, tímabundið vörslufólk þessa lands, munum verða fyrir á sálinni þegar okkur hefur mistekist að skila landinu í hendur barnanna okkar. Eins og fram kemur í næstu greinum er frumskilyrði áframhaldandi viðgangs ferðaþjónustunnar, að við sem þjóð getum stolt stutt við atvinnugreinina með ráðum og dáð.

*Grein Ólafar er önnur af fjórum um sama málefni.*

ÚTSALAN
ER HAFIN
20-70%
AFSLÁTTUR

POTTAR • PÖNNUR • GLÖS • HNÍFAR • DISKAR
BOLLAR • ÁHÖLD • KÖNNUR • ÞEYTARAR •
SIGTI • KÖKUHNÍFAR • BLANDARAR • SÍUR
VATNSFLÖSKUR • KRUKKUR • KÖRFUR • O.M.FL.

FASTUS
Veit á vandaða lausn

Síðumúli 16 • 108 Reykjavík • sími 580 3900 • www.fastus.is • opið mán - fös 8.30 - 17.00

Vissir þú að…
Það er bannað að mismuna
börnum eftir litarhætti

Barnaheill
Save the Children á Íslandi

# Flæktu ekki líf þitt að óþörfu

**GEÐORÐIN 10**
**Grein 6**

Greinin er sjötta greinin af tíu í greinaröð jafn margra úrræða og/eða félaga á geðheilbrigðissviðinu á höfuðborgarsvæðinu um Geðorðin 10.

GEÐHEILBRIGÐI



Þórdís Guðjónsdóttir
f.h. Lækjar, athvarfs fyrir fólk með geðraskanir

Þegar ég hugsa um þetta geðorð „Flæktu ekki líf þitt að óþörfu“ detta mér fyrst í hug hugmyndir Eckhart Tolle úr bókinni „Máttur-inn í núinu“. Oft erum við að flækja líf okkar að óþörfu með því að hugsa stöðugt um framtíðina og teljum að hamingjan sé þar. Eða að við erum með hugann við fortíðina og hugsum stöðugt um það sem miður hefur farið en gleymum að staldra við í núinu.

Í formálanum í bókinni lýsir Tolle, sem hafði átt við langvarandi þunglyndi að stríða, hvernig honum leið eina andvökunótt eins og svo oft áður. Hann sá allt svart. Hann var farinn að hugsa: „Ég get ekki lifað með mér lengur.“

Allt í einu áttaði hann sig á því hvað hann var að hugsa. „Ég get ekki lifað með mér lengur“, eins og hann væri tvær manneskjur. Þar með skildi hann að hugurinn er ekki við sjálf, heldur erum við sjálf á bak við hugann og við getum nýtt okkur hann til að hjálpa okkur í stað þess að vera stöðugt undir stjórn hans. Eftir að Tolle varð þetta ljóst, sá hann allt í öðru ljósi. Hann hafði orðið fyrir hugljómun. Við það sofnaði hann vært og þegar hann vaknaði var allt bjartara. Hann sá umhverfið í allt öðru ljósi. Skynjun hans var betri, hann sá og heyrði allt betur. Hann komst að því að ef hugurinn er við stjórn, þá leitar hann í fortíðina, þá helst þegar okkur hefur liðið illa. Hann lætur okkur kvíða fyrir framtíðinni og fer sem minnst í núið.

### Njótum andartaksins

Mér er í fersku minni þegar sonur minn sagði við mig þegar hann var lítill drengur, og einhver pirringur var á heimilinu: „Mikið vildi ég að jólin væru komin.“ Þegar ég bað hann um nánari útskýringu á þessum ummælum, þar sem jólin voru ekki í nánd, sagði hann: „Þá eru allir í svo góðu skapi.“ Ég lærði mikið af þessu. Það á ekki að þurfa jól til að við séum í góðu skapi. Við þurfum bara að vera meðvituð og ákveða í hvernig skapi við viljum vera. Tolle leggur ríka áherslu á að vera ekki að dæma það sem er, heldur að upplifa það og njóta þess. Hann vill líka að við setjum okkur markmið og ákveðum hvernig við ætlum að ná þeim, í framhaldi af því eigum við að einbeita okkur að því að vera í núinu og þá færumst við sjálfkrafa að markmiðunum. Hann segir að við getum ekki verið örugg um framtíðina. Eina sem við vitum, er að við eigum næsta andartak og við eigum að njóta þess.

Það eru ýmsar leiðir til að komast í núið. Margir hugleiða reglulega til að komast í núið, aðrir fara á námskeið í gjörhygli (e. mindfulness) og enn aðrir lesa bækur til að þjálfa sig í að vera í núinu. Allt þetta kemur sér vel. Það er líka hægt að æfa sig með því að slaka á og hlusta á sinn eigin andardrátt í smá stund og komast þannig í núið.

Í bókinni bendir Tolle á þrjá möguleika sem geta hjálpað þeim sem eru óánægðir með hlutskipti sitt og eru jafnvel stöðugt að kvarta undan því. Það er í fyrsta lagi að koma sér í burt frá vandamálinu, í öðru lagi að gera eitthvað til að breyta því, og í þriðja lagi að sætta sig við stöðuna eins og hún er og gera það til fulls.

# ÚTSALA Á HREINLÆTISTÆKJUM!

## Góður afsláttur af MÚRBÚÐARVERÐI – það er gott verð

**ALLT FYRIR BAÐIÐ**



Guoren 1L Hitastýrt baðtæki standard
~~17.685~~
13.264

25%

Guoren-BO Hitastýrt tæki með niðurstút
~~14.810~~
11.108

Guoren TLY Sturtusett
~~47.414~~
35.561

Náttúrusteins Mosaic
**MIKIÐ ÚRVAL**
20% afsláttur





- Handlaugar **20-50%**
- Blöndunarartæki **25-50%**
- Sturtuklefar og sturtuhorn **15-40%**
- Hitastýrð blöndunartæki **25%**
- Sturtusett m/hitastýrðu tæki **25%**
- Baðherbergisflísar **20-50%**
- Náttúrusteinsvaskar **30-50%**
- Stálvaskar **20-30%**
- Skolvaskar **20%**

VERÐDÆMI:



25% afsláttur

VITA handklæðaofn kúptur króm 50x80 cm
~~15.190~~
11.393

25%

Úrval af WC fylgihlutum. Króm og burstað stál.



~~3.190.-~~ 2.393
~~2.990.-~~ 2.243
~~1.690.-~~ 1.268
~~3.790.-~~ 2.841
1.493 ~~1.990.-~~
~~5.990~~ 4.493
~~2.290.-~~ 1.718
1.118 ~~1.490.-~~
~~1.590.-~~ 1.193
~~1.590.-~~ 1.193
~~2.990~~ 2.243

VitrA GÆÐI
35% afsláttur
VITRA SLOPE
~~11.990~~ 7.794

MAYA Náttúrusteinn
~~53.990~~
37.793

S20 line
45 cm handlaug
margar stærðir

MIKIÐ ÚRVAL AF HANDLAUGUM
Dæmi:
~~7.790~~
4.674
40% afsláttur

Margar gerðir



W&M PF209D sturtuhorn 90 cm
~~54.990~~
38.493
30%
4cm SMC botn

Náttúrusteinn
35% afsláttur
Handlaug á borð
~~44.990~~ 29.244

30% afsláttur
Bol-834 80x48x18cm þykkt 0,8mm
~~11.990~~ 8.393

30% afsláttur
Bol-871 48x cm þvermál þykkt stáls 0,8mm
~~7.390~~ 5.173

20% afsláttur
Gua-543-1 vegghengdur,
1mm stál ~~18.673~~
14.938

Ceravid hornbaðkar
~~37.990~~
30.392



20% afsláttur

Hágæða glerhleðslusteinn
SEVES GLASSBLOCK
30% afsláttur





25% afsláttur
Flísalím Profiflex 25 kg
~~3.150~~
2.520

Flísar
80 tegundir
**20-50%**
AFSLÁTTUR

Meiri gæði / Lægra verð

**MÚRBÚÐIN**

| | | |
|---|---|---|
| Reykjavík | Kletthálsi 7. | Opið virka daga kl. 8 -18, laug. 10-16 |
| Reykjanesbær | Fuglavík 18. | Opið virka daga kl. 8 -18 |

*Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is*

*Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!*

## MERKISATBURÐIR

**1967** Gífurlegt hrun verður úr Innstahaus, nyrst við Steinsholtsjökul, sem er skriðjökull norður úr Eyjafjallajökli.

**1983** Bandalag jafnaðarmanna á Íslandi er stofnað að frumkvæði Vilmundar Gylfasonar.

**1994** Hjúkrunarfélag Íslands og Félag háskólamenntaðra hjúkrunarfræðinga eru sameinuð í Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga.

**1994** R-listinn ákveður sameiginlegt framboð minnihlutaflokkanna í Reykjavík.

**2001** Wikipedia, frjálst alfræðirit á netinu, fer í gang.

# Sýningar og fræðsla árið um kring auk útlána

Borgarbókasafnið og Menningarmiðstöðin Gerðuberg hafa sameinast. Bókasöfnin eiga að verða menningarhús með aukna áherslu á sýningar, fræðslu og aðra viðburði.

„Framtíðarsýnin er sú að smám saman verði allar starfsstöðvar Borgarbókasafnsins þannig að þar verði viðburðir og sýningar, auk útlána bóka og diska, sem verður áfram kjarnaþjónusta safnsins. Yfirheitið verður alls staðar Borgarbókasafn en undirheiti verða ólík eftir hverfum, Spöngin menningarhús, Grófin menningarhús, Gerðuberg menningarhús og svo framvegis. Við leggjum aukna áherslu á staðsetninguna," segir Guðrún Dís Jónatansdóttir, nýr deildarstjóri viðburða, fræðslu og miðlunar Borgarbókasafnsins.

Guðrún Dís segir húsnæði Borgarbókasafnsins nú gefa mismikil tækifæri til sýningarhalds og annarra menningarviðburða en margt sé þar að breytast. Grófarhúsið verði til dæmis stækkað, og ný miðstöð sé að rísa í Úlfarsárdal, með skóla, sundlaug, íþróttasvæði og bókasafni með aðstöðu fyrir frekari menningarstarfsemi.

Undanfarin ár hefur Guðrún Dís gegnt starfi forstöðumanns Gerðubergs. Hún segir að í þeim framtíðarpælingum sem fram hafi farið hjá starfsfólki Borgarbókasafnsins og víðar á Norðurlöndum undanfarið hafi gjarnan verið litið til starfsemi Gerðubergs, stefnan sé að þróa bókasöfnin áfram í anda þess. Haldið verði þeirri stefnu sem þar hefur ríkt, að vera með fjölbreytt sýningarhald. „Við verðum áfram með kaffikvöldin á miðvikudagskvöldum í Gerðubergi sem eru ótrúlega vel sótt og vinsæl, erum með tvær nýjungar í því sambandi, sagnakaffi og leikhúskaffi. Heimspekikaffið er að sprengja staðinn utan af sér. Svo hjálpa sjálfboðaliðar frá Rauða krossinum krökkum við heimanám, bæði í Gerðubergi og í Grófarhúsi, og sú þjónusta verður í boði í Spönginni líka. Það verkefni var stílað á börn af erlendum upprunan í byrjun en er nú opið fyrir alla.

gun@frettabladid.is



**STJÓRNANDI VIÐBURÐA** „Útlán bóka og diska verður áfram kjarnaþjónusta safnsins," segir Guðrún Dís Jónatansdóttir hjá Borgarbókasafninu.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

---



Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**BENT SCHEVING THORSTEINSSON**

lést á Landspítalanum við Fossvog þann 7. janúar síðastliðinn. Útförin fer fram frá Dómkirkjunni í Reykjavík, föstudaginn 16. janúar kl. 13.00. Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á líknarstofnanir.

**Margaret Scheving Thorsteinsson**
**börn, tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**STEFANÍA JÓNSDÓTTIR**
**Melagötu 3, Neskaupstað,**

lést á Fjórðungssjúkrahúsinu í Neskaupstað föstudaginn 9. janúar. Hún verður jarðsungin frá Norðfjarðarkirkju laugardaginn 17. janúar kl. 14.00.

**Ari Sigurjónsson**

**Sigurjón Arason — Margrét Sigurðardóttir**
**Jóna Katrín Aradóttir — Benedikt Sigurjónsson**
**Ingibjörg Aradóttir — Sigurður Friðjónsson**
**Eysteinn Arason — María Ásmundsdóttir**
**Hilmar Már Arason — Katrín A. Magnúsdóttir**
**Pjetur St. Arason**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Elsku móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**MARGRÉT S. MAGNÚSDÓTTIR**

lést þann 4. janúar síðastliðinn á hjúkrunarheimilinu Ási í Hveragerði. Þökkum auðsýnda samúð og hlýhug, sérstakar þakkir til starfsfólks hjúkrunardeildar Áss.

**Þór Hafsteinn Hauksson — Sigrún Alfreðsdóttir**
**Magnús Hauksson — Elín N. Arnardóttir**
**barnabörn og langömmubörn.**

---



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar elskulegs föður okkar, tengdaföður, afa, langafa og langalangafa,

**KARLS ELÍASAR KARLSSONAR**

**Guðfinnur Karlsson — Jóna Kristín Engilbertsdóttir**
**Jón Karlsson**
**Karl Sigmar Karlsson — Guðrún Sigríks Sigurðardóttir**
**Erla Karlsdóttir — Þórður Eiríksson**
**Kolbrún Karlsdóttir**
**Sigríður Karlsdóttir — Jóhann Magnússon**
**Halldóra Ólöf Karlsdóttir — Svavar Gíslason**
**Jóna Svava Karlsdóttir — Sveinn Jónsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Ástkær eiginkona, móðir og amma,

**KRISTÍN BJÖRG HERMANNSDÓTTIR TÖNSBERG**
**sjúkraliði,**

lést föstudaginn 9. janúar á líknardeild Landspítalans. Hún verður jarðsungin frá Hallgrímskirkju föstudaginn 16. janúar kl. 11.00.

**Steinar Sigurðsson**
**Stefanía Steinarsdóttir**
**Rebekka Steinarsdóttir**
**Kolbrún Lind Steinarsdóttir**
**Anton Helgi Steinarsson**
**og barnabörn.**

---



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma, tengdadóttir og systir okkar,

**LAUFEY STEINGRÍMSDÓTTIR**
**hjúkrunarfræðingur,**

lést þann 11. janúar. Útför hennar fer fram frá Keflavíkurkirkju föstudaginn 23. janúar kl. 13.00. Sérstakar þakkir fær starfsfólk HSS fyrir einstaka aðhlynningu.

**Hannes Einarsson**
**Ína Björk Hannesdóttir**
**Einar Hannesson — Hrund Óskarsdóttir**
**Brynja Huld Hannesdóttir — Jakob Hafsteinn Hermannsson**
**Ellert Hannesson — Magnea Lynn Fisher**
**María Jónsdóttir**
**barnabörn, systkini og aðrir aðstandendur.**

---



Elskulegur maðurinn minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**HILMAR HARALDSSON**
**vélfræðingur,**
**Hæðarbyggð 8, Garðabæ,**

lést þann 31. desember. Útförin fór fram í kyrrþey að ósk hins látna

**Helga Jónsdóttir**
**Jón Leví Hilmarsson — Elísabet Þorsteinsdóttir**
**Hafsteinn Hilmarsson — Sigríður Bárðardóttir**
**Ingibjörg Hilmarsdóttir — Guðmundur Blöndal**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**INGIBJÖRG JÓHANNESDÓTTIR**
**Syðri-Bakka (Lilla frá Framnesi),**

sem lést laugardaginn 3. janúar verður jarðsungin frá Garðskirkju laugardaginn 17. janúar kl. 14.00.

**Eyrún Egilsdóttir — Bernharð Grímsson**
**Egill Egilsson — Erla Björk Helgadóttir**
**Eva Bryndís Bernharðsdóttir**
**Heimir Bernharðsson**
**Erla Bernharðsdóttir**
**Máney Ósk Egilsdóttir**
**Haukur Bjarmi Egilsson**

---



Elsku móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**SIGURLAUG JÓNA JÓNSDÓTTIR**
**Gullsmára 7 (áður Víðihvammi19),**
**Kópavogi,**

lést 11. janúar síðastliðinn. Útför hennar fer fram frá Digraneskirkju mánudaginn 19. janúar kl. 13.00.

**Birna Guðmundsdóttir — Sverrir Davíð Hauksson**
**Sigríður Guðmundsdóttir — Heimir Þór Sverrisson**
**Jón Orri Guðmundsson — Júlía Ágústsdóttir**
**Benedikt Þór Guðmundsson — Guðrún Pétursdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**AÐALBJÖRG ÁRNADÓTTIR**
**hjúkrunarfræðingur,**
**Brautarlandi 15, Reykjavík,**

verður jarðsungin frá Langholtskirkju í dag fimmtudaginn 15. janúar kl. 13.00.

**Gerður Aagot Árnadóttir**
**Elín Huld Árnadóttir**
**Kristín Sif Árnadóttir — Páll Sveinsson**
**Stefán Baldur Árnason — Ásdís Sigmundsdóttir**
**og barnabörn.**

---



Ástkær eiginmaður, faðir, tengdafaðir og afi,

**GUÐBJARTUR GUÐMUNDSSON**
**Húnabraut 34, Blönduósi,**

lést í faðmi fjölskyldunnar á lyfjadeild Sjúkrahússins á Akureyri mánudaginn 12. janúar sl. Útför auglýst síðar.

**Margrét Ásmundsdóttir**
**Ragney Guðbjartsdóttir**
**Þórhalla Guðbjartsdóttir — Vilhjálmur Karl Stefánsson**
**Jónína Margrét Guðbjartsdóttir — Sigurjón Þór Vignisson**
**Kristinn Ólafsson — Mareva Nardelli**
**Margrét Arna Vilhjálmsdóttir — Ágúst Þorvaldsson**
**Guðbjartur Sindri Vilhjálmsson — Ágústa Rós Ingibjörnsdóttir**
**Freyja Rán Sigurjónsdóttir**
**Jónatan Þór Sigurjónsson**

# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



## NÝR GALLIANO

**John Galliano hélt sína fyrstu tískusýningu frá 2011 í London á mánudag, nú undir merkjum Maison Martin Margiela. Margir komu til að sýna Galliano stuðning, þar á meðal vinkona hans Kate Moss.**








**SMEKKMAÐUR**
„Indriði sagði oft að hans yfirlýsta markmið í þessu öllu væri að koma mönnum úr flíspeysum og fótboltatreyjunni."

MYND/ARI MAGG

# LEYSUM VANDAMÁL

**EFTIRMINNILEGUR** *Indriði Guðmundsson klæðskeri lést langt fyrir aldur fram. Hönnun hans þótti mjög vönduð og persónan sjálf er eftirminnileg. Árið 2013 hófst aftur framleiðsla á skyrtum hans en þær skipuðu stóran sess í lífi margra.*

Um eitt og hálft ár er síðan fatamerkið Indriði var endurvakið en maðurinn á bak við hönnun þess, Indriði Guðmundsson klæðskeri, lést árið 2006, langt fyrir aldur fram. Indriði var þekktastur fyrir skyrturnar sem hann seldi undir eigin nafni auk þess sem hann hannaði og seldi um tíma bómullarbuxur og jakka, sérhannaða ermahnappa, leðurbelti, silkislaufur og hálsbindi. Hann var nýlega farinn að selja eigin jakkaföt og frakka þegar hann féll frá stuttu eftir opnun nýrrar verslunar sinnar í Kaupmannahöfn. Áður hafði hann rekið verslunina Indriða við Skólavörðustíg í nokkur ár.

Indriði var að mörgu leyti einstakur maður í verslunar- og hönnunarflóru Íslendinga; bæði þótti hönnun hans falleg og afar vönduð en ekki síður var Indriði sjálfur einstakur maður og eftirminnilegur þeim sem honum kynntust.

Styrmir Goðason, sem var samstarfsfélagi Indriða, hefur umsjón með nýju framleiðslunni ásamt eftirlifandi eiginkonu Indriða, Bryndísi Marteinsdóttur, og dóttur þeirra, Írisi Indriðadóttur. Hann segir aldrei hafa verið fyrirhugað að hefja aftur framleiðslu á skyrtum Indriða enda hafi persóna hans verið svo stór hluti af vörumerkinu.

Eftir að hafa ítrekað heyrt sögur frá saumastofum og klæðskerum þess efnis að menn væru að láta gera við slitna kraga og manséttur á Indriðaskyrtunum sínum var þó farið að íhuga framleiðslu á ný. „Allt frá 2007 heyrðum við sögur af mönnum sem voru að ganga að Indriðaskyrtunum sínum dauðum, svo oft klæddust þeir þeim. Margir gengu lengi í hálfónýtum skyrtum með slitnum manséttum eða snjáðum kraga eftir skeggbrodda."

Það var þó fyrst í upphafi árs 2012 sem Styrmir og Bryndís ræddu þann möguleika að hefja framleiðslu á ný. Í kjölfarið skoðaði hún gömlu glósurnar hans ▶























**SKYRTUR INDRIÐA**
Indriða þótti mikilvægt að efnið væri gott og þægilegt viðkomu og ekki síður auðvelt í meðhöndlun, slitsterkt og fallegt. Sniðið var þó aðalatriðið í huga hans.

▶ Indriða og gömul snið sem legið höfðu í geymslu. „Sjálfur átti ég um 20 Indriðaskyrtur og þar með höfðum við grunn til að byggja á. Í byrjun árs 2013 ákváðum við að fara af stað eftir að hafa yfirfarið sniðin, efnin, verksmiðjur og máltöflur. Þar nutum við góðrar aðstoðar fyrrverandi samstarfsmanna Indriða, eins og Oddnýjar Kristjánsdóttur klæðskera, Gerðar Bjarnadóttur kjólameistara og Gunnars Hilmarssonar.“




### MIKILVÆG SMÁATRIÐI

Indriði var hrifinn af mörgum mismunandi skólum þegar kom að skyrtum, að sögn Styrmis, en fyrst og fremst vildi hann gera skyrtur sem hentuðu íslenskum mönnum. „Skyrtan átti að vera þægileg og þrengja hvergi að án þess þó að vera víð. Svo átti hún að vera nógu síð svo hávaxnir menn, eins og hann sjálfur, væru ekki alltaf með allt upp úr að aftan. Að sama skapi eru skyrtur hans með lengri ermanséttum en gengur og gerist en það þótti honum mikilvægt.“

Smáatriðin í hönnun Indriða eru mörg að sögn Styrmis; sum eru komin frá honum en önnur nýtti hann úr hefðinni. „Dæmi um þetta er þvert hnappagat neðst. Það á að koma í veg fyrir að skyrtan glennist upp þegar menn setjast niður og ístran þrýstist út. Nokkuð algengt er að neðsta gatið sé svona en Indriði sagði ístru manna hafa mun meiri áhrif á næst neðsta gatið enda eru skyrtur hans frekar síðar. Ótal margt annað er hægt að telja upp sem fæstir taka eftir.“

Styrmir segir að á þeim tíma þegar Indriði opnaði verslun sína hafi íslenskir karlar ekki verið eins vel til fara og þeir eru í dag. „Indriði sagði oft að hans yfirlýsta markmið í þessu öllu væri að koma mönnum úr flíspeysunni og fótboltatreyjunni en hann hataði flíspeysur. Á þeim tíma þótti honum tískuskyrtur of tískulegar og sparískyrtur of íhaldssamar þótt auðvitað hafi verð hægt að fá mjög fallegar skyrtur víða, til dæmis hjá Sævari Karli.“ Indriða þótt mikilvægt að efnið væri gott og þægilegt viðkomu og ekki síður auðvelt í meðhöndlun, slitsterkt og fallegt. Sniðið var þó alltaf aðalatriðið í huga hans.

### EINLÆGUR VIÐ ALLA

Þjónustulund Indriða var einstök. Styrmir rifjar upp fyrsta vinnudag sinn fyrir jólin 2005 á Skólavörðustígnum. „Fyrsta sem hann sagði var að það væri bannað að segja: „Get ég aðstoðað?“ Ég yrði bara að finna upp á einhverju öðru. Þegar ég spurði hvers vegna svaraði hann: „Æ, það er bara svo leiðinlegt, það er hægt að segja svo margt annað.“ Viðskiptavinurinn mátti aldrei fá á tilfinninguna að verið væri að selja honum eitthvað.“

Indriði sagði gjarnan við Styrmi að þeir væru ekki hér til að selja drasl heldur til að leysa vandamál. „Fæstir menn vilja vera dregnir á asnaeyrunum heldur fá úrlausn vandans og líta vel út í kjölfarið. Það er okkar að sjá til þess að svo verði. Ef skyrta fer illa á manni í mátun en hann vill kaupa hana, skaltu banna honum það og beina honum í rétta átt.“ Slík framkoma kann að virka hrokafull en Indriði hafði einstakt lag á að segja skoðun sína umbúðalaust þannig að allir fóru að hlæja enda var hann einlægur í framkomu sinni og hafði mjög gott auga.

Sem dæmi um viðmót Indriða segir Styrmir eftirfarandi sögu. „Eitt sinn kom málsmetandi maður inn í búðina sem hafði verslað þar áður. Nú vildi hann spjalla um tweed-efni. Indriði hafði gaman af svona mönnum sem vildu fræðast og ræða málin. Indriði var í miðri einræðu um Harris Tweed þegar sá málsmetandi greip fram í og sagði: „Nei, það er nú ekki alveg rétt.“ Indriði hætti að tala og svaraði: „Ætlar þú, maðurinn sem gengur um í flíspeysu, að fræða mig, klæðskerann, um tweed-efni?“ Ég stóð hjá þegar þetta samtal átti sér stað og leist ekki á blikuna. Báðir skellihlógu þeir svo að þessu kommenti hans og gott ef sá málsmetandi tók ekki loforð af Indriða um að hætta að ganga í flíspeysu. Hann komst upp með svona hluti án þess að virðast góður með sig. Sá málsmetandi fór svo út með skyrtu í poka.“

Í dag fást skyrtur Indriða í verslunum Herragarðsins. „Skyrturnar passa ótrúlega vel þar inni og við erum stolt af að sjá þær með merkjum á borð við Stenströms, Armani, Ralph Lauren og Sand.“ Upphaflega voru tvær útgáfur valdar til sölu; upprunalega skyrtan sem er í beinu sniði og einnig skyrta sem Indriði gerði snemma árs 2005 sem var „fitted“. „Á þessu ári munum við svo bæta einni nýrri skyrtu við sem er „slim fit“ en prufan af henni barst með pósti viku eftir að Indriði lést. Sú var því næst á dagskrá þegar hann féll frá en hún er öll þrengri en hinar tvær. Fyrri tvær verða þó í sölu áfram.“ ■ starri@365.is

**EINLÆGUR**

„Ætlar þú, maðurinn sem gengur um í flíspeysu, að fræða mig, klæðskerann, um tweed-efni?“

„Ef skyrta fer illa á manni í mátun en hann vill kaupa hana, skaltu banna honum það og beina honum í rétta átt.“

## VÖRN GEGN VÍRUSUM

Sambucol er unnið úr einstöku ylliberjaþykkni, black elderberry, sem styrkir ónæmiskerfið og vinnur gegn flensu og kvefi. Fæst í Lyfju og í Apótekinu.




# NÁTTÚRULEG LAUSN GEGN FLENSU OG KVEFI

**RARITET KYNNIR** *Tími flensu og kvefs er nú í hámarki og mikilvægt að hugsa vel um heilsuna. Sambucol er ein vinsælasta lausnin gegn kvefi og flensu í dag.*

Sambucol er klínískt rannsakað sem vörn gegn vírusum og hefur um árabil verið ein vinsælasta lausnin gegn kvefi og flensu.

Sambucol er unnið úr einstöku ylliberjaþykkni, black elderberry, sem styrkir ónæmiskerfið og vinnur gegn flensu og kvefi. Ylliber eru einnig talin átta sinnum meira andoxandi en trönuber. Sambucol inniheldur virka efnið antivirin sem ver frumur líkamans og minnkar líkurnar á að smitandi vírusar komist inn í frumurnar og fjölgi sér þar.



**GEGN FLENSU OG KVEFI** Með því að nota Sambucol Black Elderberry að staðaldri heldur það ónæmiskerfinu sterku og dregur úr hættu á kvefi og flensu. NORDIC PHOTOS GETTY

**FORVÖRN OG DREGUR ÚR EINKENNUM**

Hægt er að stytta veikindatímann um allt að fimmtíu prósent ef Sambucol Black Elderberry er tekið inn þegar við veikjumst af kvefi eða flensu.

Best er að nota Sambucol allt árið um kring sem forvörn en með því að taka Sambucol að staðaldri heldur það ónæmiskerfinu sterku og dregur úr hættunni á kvefi eða flensusmiti. Þrjár tegundir af Sambucol eru nú fáanlegar hér á landi, hjá Lyfju og Apótekinu.

**FYRIR BÖRN**

Sambucol for Kids – bragðgott þykkni sem inniheldur black elderberry og C-vítamín fyrir börn á aldrinum 1–12 ára.

**FYRIR FULLORÐNA**

Sambucol Immuno Forte – sykurlaust þykkni sem inniheldur auk black elderberry C-vítamín og sink.

Sambucol fæst einnig í hylkjum með C-vítamíni og sinki fyrir þá sem það kjósa.




**SÖLUSTAÐIR**
**LYFJA OG APÓTEKIÐ**

**HVAÐ SEGJA VIÐSKIPTAVINIRNIR UM SAMBUCOL?**

„Frábært til að losna við kvef og flensu.“

„Frábær vara, styttir veikindatímann og minnkar einkennin. Börnin mín elska þessa vöru.“

„Fyrir mig er þetta besta varan á markaðnum.“

„Bragðast frábærlega og hjálpar mér að halda ónæmiskerfinu sterku.“












## EKKI HNEPPA FYRIR NEÐAN NAFLA

**NOKKUR HEILRÆÐI**

Nokkrar viðmiðunarreglur gilda um hneppta jakkafatajakka. Ef jakkinn er með tveimur tölum ætti aðeins að hneppa þeirri efri. Ef hann er með þremur tölum ætti aðeins að hneppa tölunni í miðið.

Hvort sem um er að ræða, tvær eða þrjár tölur, verður að gæta þess að hnappurinn sem hneppt er sé ekki neðan við nafla í uppréttri stöðu. Jakki ætti að vera hnepptur í uppréttri stöðu. Honum á að hneppa frá þegar sest er niður. Þetta ætti að gerast áreynslulaust og nánast sjálfkrafa.






# KARLMENNSKA MEÐ TVISTI

**TÍSKA** *Tískuhátíðinni London Collections: Men er nýlokið. Þar sýndu ungir hönnuðir herralínur sínar fyrir haust- og vetur 2015*




Herratískuhátíðin London Collections: Men markar jafnan upphafið að herratísku-„season" um allan heim en á næstu tveimur vikum munu hönnuðir leggja línurnar fyrir karlmenn með sýningum í Flórens, Mílanó og París.

Karlmennska með nútímalegu tvisti virtist vera helstu skilaboð hönnuðanna til karla og jafnvel karlmennska með kvenlegu ívafi, á tískuhátíðinni.

Merki eins og Dunhill sýndu afslappaðri sýn á herratískuna, horfðu til bóhemskra listamanna eins og Francis Bacon. Áhrif frá áttunda áratugnum mátti einnig sjá á pöllunum, þröngar peysur við skálmvíðar buxur og dinglandi ermalíningar á annars aðsniðnum skyrtum. Þá þóttu stórar kápur, kögur og óheft blanda af ólíkum efnum einkenna sýninguna.

*heimild, www.vogue.co.uk*






# HM í Katar 2015

FIMMTUDAGUR 15. JANÚAR 2015





ora
Ástríða í matargerð

NÝTT FRÁ ORA
Prófaðu rússneskt síldarsalat
fæst í helstu verslunum




www.ora.is

# Ég mun slá þá út einn daginn

● Hornamaðurinn Stefán Rafn Sigurmannsson er varamaður fyrir tvo bestu vinstri hornamenn heims en kvartar ekki. Hann reynir að læra af þeim og setur markið hátt. Hann vill vera á toppnum og er á hraðri leið þangað. Við spjölluðum við manninn sem tekur við af Guðjóni Val Sigurðssyni.



Stefán Rafn Sigurmannsson er á hraðri uppleið í handboltaheiminum og segja sumir að hann sé besti varamaður heims. Hann gæti hæglega komist í mörg af bestu félagsliðum heims og verið byrjunarliðsmaðu

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Hinn frábæri hornamaður Stefán Rafn Sigurmannsson fer með íslenska landsliðinu til Katar þar sem hann verður klár í slaginn ef Guðjón Valur Sigurðsson þarf á hvíld að halda.

Það hefur reyndar ekki verið eftirsóknarvert að sitja á bekknum fyrir ofurmanninn Guðjón sem spilar nánast hverja einustu mínútu í hverjum einasta leik.

Stefán Rafn fékk kærkomið tækifæri til þess að sýna sig og sanna í æfingaleikjunum um síðustu helgi og er óhætt að segja að hann hafi heldur betur stimplað sig inn. Þar er kominn arftaki Guðjóns Vals og þarf ekki að hafa áhyggjur af vinstri hornastöðunni næstu árin.

Þeir sem til þekkja segja að Stefán Rafn gæti hæglega verið að spila með einhverju af bestu liðum heims. Hann sé einfaldlega það góður. Þrátt fyrir það hefur hann setið mikið á bekknum hjá Rhein-Neckar Löwen þar sem fyrir er þýski snillingurinn Uwe Gensheimer.

Stefán Rafn er því varamaður hjá tveimur bestu vinstri hornamönnum heims – Guðjóni og Gensheimer.

„Mér finnst fínt að keppa við þá. Það setur á mig aukna pressu og hvetur mig áfram til þess verða betri. Fyrir vikið legg ég harðar að mér til þess að veita þeim samkeppni. Ég finn að ég er farinn að pressa Gensheimer meira en í fyrra og er farinn að fá meiri spiltíma. Þá veit ég að ég er að gera eitthvað rétt,“ segir Stefán Rafn borubrattur en hann framlengdi við Löwen þó svo staðfest væri að Gensheimer yrði áfram hjá félaginu.

„Ég mun halda áfram á þessari braut og slá þá út einn daginn. Þá veit ég að ég er orðinn góður. Þetta eru frábærir strákar sem hafa reynst mér vel og kennt mér mikið. Þeir gefa sig alltaf 100 prósent í allt og verulega gott að læra af þeim. Ég veit hvað þarf að bæta og að geta lært það af þeim er frábært.“

Í raun eru mjög margir hissa á því að Stefán Rafn sé ekki farinn til annars liðs en hann unir vel við sitt hlutskipti og er enn að læra.

„Ég vil bara spila á toppnum. Við í Löwen erum í Evrópukeppni og það er mikið leikjaálag. Ég tel mig því fá nægan spiltíma hjá Löwen. Álaginu hefur verið vel dreift þannig að ég er mjög sáttur í augnablikinu. Ég fékk tilboð um að fara annað en ákvað að vera áfram hjá Löwen því ég tel mig vera nógu góðan til að vera í því liði. Mitt markmið er að vera orðinn byrjunarliðsmaður þar á næstu árum,“ segir Stefán Rafn en það breytti engu fyrir hann þó svo Guðmundur Guðmundsson hefði hætt og í hans stað hefði komið Daninn Nikolaj Jacobsen. Hann er einnig gamall hornamaður eins og Guðmundur.

„Mér líður vel hjá Löwen. Ég lærði mikið af Gumma og get lært mikið af þessum þjálfara. Ég er á því að ég hafi bætt mig mjög mikið síðan ég gekk í raðir félagsins. Minn leikur hefur farið stigvaxandi og ég vona að það verði framhald þar á.“

Haukamaðurinn fyrrverandi segir að það hafi ekki mikið breyst hjá Löwen við þjálfaraskiptin.

„Það er verið að vinna með sömu hluti. Við fengum nokkra nýja leikmenn en kerfin eru svipuð enda var Gummi búinn að byggja frábæran grunn hjá félaginu. Hann hefur aðeins bætt við en Gummi var búinn að byggja frábæran grunn sem við byggjum ofan á. Það hefur verið frekar auðvelt að taka við þessu liði sem Gummi bjó til.“




Léttasti fjórgengissleðinn frá Yamaha til þessa.
Frábærir aksturseiginleikar.
Eigum örfáa sleða til afhendingar strax.
Verð frá kr. 2.885.000,-
MOTUL Á ÍSLANDI umboðsaðili á Akureyri
ARCTIC TRUCKS
YAMAHA www.yamaha.is
Arctic Trucks | Kletthálsi 3 | 110 Reykjavík | Sími 540 4900


# Leikir Íslands krufnir til mergjar

● HM-kvöld á Stöð 2 Sport með völdum sérfræðingum eftir leiki Íslands.

Fyrir utan þá 25 leiki sem Stöð 2 Sport sýnir á HM í Katar þá verður uppgjörsþáttur á Stöð 2 Sport eftir alla leiki Íslands í keppninni. Einnig verða uppgjörsþættir þegar útsláttarkeppnin er hafin.

Hörður Magnússon verður stjórnandi þáttarins og við hlið hans verður Guðjón „Gaupi“ Guðmundsson og svo einhver góður sérfræðingur.

Á meðal þeirra sem koma í heimsókn eru Kristján Arason, Einar Andri Einarsson, Júlíus Jónasson og Valdimar Grímsson.

„Þetta verður alvöru þáttur. Enginn hallelújakór. Við munum greina leik íslenska liðsins og ekki liggja á skoðunum okkur. Við hrósum bæði og skömmum ef þurfa þykir,“ segir Guðjón Guðmundsson, sem hefur staðið vaktina í handboltanum lengi og þekkir alþjóðaboltann eins vel og handarbakið á sér.

„Við verðum bæði faglegir og heiðarlegir. Vonandi verðum við skemmtilegir líka. Það er mikill hugur í öllum og ég er bjartsýnn á gott gengi okkar manna í Katar. Þetta verður mikil veisla fyrir augu og eyru. Ég er handviss um að strákarnir munu skemmta okkur í svartasta skammdeginu eins og þeir hafa svo oft gert í gegnum tíðina.“


SAMSUNG
UPPLIFÐU MUNINN
SAMSUNG
Þynnri, léttari og enn betri skjár
**Samsung Galaxy TAB S** er fyrsta spjaldtölvan sem kemur með **Super AMOLED skjá** sem gefur meiri litadýpt og hraðari svörun.
Þú sérð muninn. Þú finnur muninn.
Samsung GALAXY Tab S

# Helstu stjörnur andstæðinga Íslands



## NIKOLA KARABATIC

**30 ÁRA • 1,96 M • 102 KG**
**234 LANDSLEIKIR • 964 MÖRK**

Karabatic er sá sem öllu stýrir í franska landsliðinu. Hann stendur vaktina í miðri vörn Frakka ásamt bróður sínum Luka, og stjórnar sóknarleiknum af mikilli festu og er snjallari en flestir í að stjórna hraða leiksins. Eftir erfiða tíma í kjölfar veðmálahneykslisins, sem hann var flæktur í, er Karabatic kominn á fulla ferð að nýju og hefur sjaldan eða aldrei verið betri eins og sást á EM í Danmörku fyrir ári, þar sem hann leiddi Frakka til sigurs. Lék sinn fyrsta landsleik í nóvember 2002 og hefur síðan þá verið lykilmaður í sigursælu liði Frakklands.



## KIM ANDERSSON

**32 ÁRA • 1,99 M • 103 KG**
**212 LANDSLEIKIR • 763 MÖRK**

Andersson ákvað að snúa aftur í sænska landsliðið eftir nokkuð langa fjarveru og tekur nú þátt á sínu fyrsta stórmóti síðan Svíar fengu silfur á Ólympíuleikunum í London 2012. Það eru einu verðlaunin sem Andersson hefur unnið með sænska landsliðinu á stórmóti fyrir utan gull á HM 2003 þegar Olsson, Wislander og félagar voru enn í fullu fjöri. Þessi öfluga örvhenta skytta, sem leikur undir stjórn Arons Kristjánssonar hjá KIF Kolding, þarf taka að sér leiðtogahlutverk í sænska liðinu, sem varð fyrir miklu áfalli þegar Kim Ekdahl Du Rietz lagði landsliðsskóna á hilluna, aðeins 25 ára gamall.



## FILIP JÍCHA

**32 ÁRA • 2,01 M • 105 KG**
**148 LANDSLEIKIR • 816 MÖRK**

Jícha hefur verið einn besti leikmaður heims á undanförnum árum. Þessi 32 ára gamla rétthenta skytta hefur verið lykilmaður hjá Kiel síðan hann gekk í raðir liðsins árið 2007. Jícha er góður á báðum endum vallarins; er mikill skorari og er auk þess gríðarlega öflugur sem fremsti maður í framliggjandi vörn. Hann hefur sankað að sér einstaklingsverðlaunum á síðustu árum, en hann var m.a. valinn besti handboltamaður í heimi árið 2010. Hann hefur hins vegar ekki notið sömu velgengni með tékkneska landsliðinu, en stuðningsmenn Tékka vonast til að breyting verði þar á í Katar.



## MOHAMED BAKIR

**40 ÁRA • 1,95 M • 107 KG**
**350 LANDSLEIKIR**

Bakir er einn af fjölmögum reynsluboltum í liði Egyptalands, en hann hefur varið mark landsliðsins lengur en elstu menn muna. Bakir, sem spilar með Sporting í heimalandinu eins og nokkrir félagar hans í landsliðinu, hefur t.a.m. tekið þátt á fernum Ólympíuleikum og var í lykilhlutverki þegar Egyptaland var með gríðarlega öflugt lið um aldamótin. Egypska liðið lenti í 7. sæti á HM á heimavelli 1999 og tveimur árum síðar í Frakklandi endaði liðið í 4. sæti. Ólíklegt verður að teljast að Egyptar nái að endurtaka þann leik, en með Bakir í stuði í markinu gæti liðið komist í 16-liða úrslit.



## MESSAOUD BERKOUS

**25 ÁRA • 1,94 M • 96 KG**
**58 LANDSLEIKIR • 89 MÖRK**

Berkous er algjör lykilmaður hjá alsírska liðinu sem hefur undirbúið sig af kappi fyrir HM og stefnir hátt í Katar. Alsír tryggði sér þátttökurétt á HM með því að vinna Afríkukeppnina 2014 á heimavelli, eftir 18 ára bið. Berkous tók við stöðu landsliðsfyrirliða af Hicem Boudrali eftir Afríkukeppnina og þessari öflugu skyttu er ætlað að leiða alsírska liðið upp úr riðlinum og í 16-liða úrslit í Katar. Berkous spilar með GS Pétroliers í heimalandinu en það kæmi ekki á óvart að hann fengi samning hjá liði í Evrópu eftir góða frammistöðu á HM.






## Sérfræðingar spá um úrslitin í riðli Íslands



### EINAR ANDRI EINARSSON

1. sæti FRAKKLAND
2. sæti ÍSLAND
3. sæti SVÍÞJÓÐ
4. sæti TÉKKLAND
5. sæti EGYPTALAND
6. sæti ALSÍR



### JÚLÍUS JÓNASSON

1. sæti FRAKKLAND
2. sæti SVÍÞJÓÐ
3. sæti ÍSLAND
4. sæti TÉKKLAND
5. sæti EGYPTALAND
6. sæti ALSÍR



### KRISTJÁN ARASON

1. sæti FRAKKLAND
2. sæti SVÍÞJÓÐ
3. sæti ÍSLAND
4. sæti TÉKKLAND
5. sæti EGYPTALAND
6. sæti ALSÍR



### GUÐJÓN GUÐMUNDSSON

1. sæti FRAKKLAND
2. sæti ÍSLAND
3. sæti SVÍÞJÓÐ
4. sæti TÉKKLAND
5. sæti ALSÍR
6. sæti EGYPTALAND


Frón
hefur
vinninginn
MATARKEX
Frón
kemur við sögu á hverjum degi!

# Nítján íslenskir leikir í riðlunum

● Engin einstök þjóð á fleiri þjálfara á Heimsmeistaramótinu í handbolta í Katar en Ísland. Fjórir íslenskir þjálfarar stýra liðum á mótinu og þeir verða í eldlínunni í þriðjungi leikja í riðlunum fjórum á HM 2015. Dagur Sigurðsson og Guðmundur Guðmundsson mætast.

Hvernig getur 320 þúsund manna þjóð átt svona marga frábæra þjálfara? er spurning sem margir fjölmiðlamenn sem fylgjast með HM í handbolta í Katar á næstu vikum munu eflaust spyrja. Ísland á nefnilega fjóra þjálfara á heimsmeistaramótinu og við bætist síðan að það var Íslendingur sem gerði norska kvennalandsliðið að Evrópumeisturum skömmu fyrir jól (Þórir Hergeirsson) og það er Íslendingur sem þjálfar toppliðið í þýsku úrvalsdeildinni (Alfreð Gíslason).

Íslenska landsliðið hefur að sjálfsögðu íslenskan þjálfara (Aron Kristjánsson) í Katar en Þjóðverjar, Danir og Austurríkismenn treysta einnig á íslenska handboltaþekkingu. Það verður því einkar athyglisvert fyrir íslenska handboltaáhugamanninn að fylgjast með HM í Katar en „Íslendingalið“ spila í 32 prósentum leikja riðlakeppninnar. Í 19 af 60 leikjum riðlakeppninnar verður að minnsta kosti einn Íslendingur í sviðsljósinu og í einum þessara leikja verða báðir þjálfararnir íslenskir.

Guðmundur Guðmundsson var fyrstur með liðið sitt inn á heimsmeistaramótið þegar hann tók við danska landsliðinu af Ulrik Wilbek eftir EM í Danmörku í ársbyrjun. Danir tryggðu sér sætið með því vinna silfur á Evrópumótinu.

Patrekur Jóhannesson bættist í hópinn í júní 2014 þegar austurríska landsliðið sló Norðmenn út í umspili um sæti á mótinu. Austurríki tryggði sér sætið með því að ná jafntefli í seinni leiknum í Noregi en Patrekur varð fyrsti landsliðsþjálfari Austurríkis til að koma liðinu á tvö stórmót í röð. Austurríki varð í 11. sæti undir stjórn Patreks á EM 2014.

Dagur Sigurðsson varð sá þriðji sem fékk HM-farseðilinn í hendur þegar hann tók við þýska landsliðinu í ágústmánuði en Þjóðverjar höfðu þá fengið „gefins“ sæti Ástrala á HM. Þjóðverjar sátu eftir í umspilinu í júní en IHF fann leið fyrir þýska landsliðið til Katar.

Aron og íslenska landsliðið fengu síðan farseðilinn sinn föstudaginn 21. nóvember þegar IHF ákvað að gefa Íslandi sæti Sameinuðu arabísku furstadæmanna sem höfðu áður hætt við þátttöku á mótinu.

Um leið og Aron og íslenska landsliðið duttu inn á HM átti Ísland allt í einu flesta þjálfara á 24. heimsmeistaramótinu í handbolta karla. Fyrir ákvörðun framkvæmdaráðs IHF áttu Spánverjar flesta þjálfara á móti eða fjóra talsins, einum fleiri en Ísland.

Spánverjar misstu einn þjálfara eftir fund framkvæmdaráðs IHF en Króatar voru nú komnir með þrjá þjálfara eins og Spánn. Ísland var hins vegar komið á toppinn með fjóra HM-þjálfara.

Guðmundur Guðmundsson er elstur af íslensku þjálfurunum á HM í Katar en hinir þrír eiga það sameiginlegt að hafa spilað fyrir Guðmund á stórmóti. Patrekur, Dagur og Aron voru allir undir stjórn Guðmundar á EM 2002 og HM 2003 og Patrekur og Dagur spiluðu fyrir hann á EM 2004. Dagur var síðan síðastur af þeim þremur til að spila fyrir Guðmund á stórmóti þegar hann var fyrirliði íslenska landsliðsins á Ólympíuleikunum í Aþenu 2004.

Dagur og Guðmundur verða fyrstu íslensku þjálfararnir sem ná því að stjórna tveimur landsliðum á stórmóti. Dagur mun þá hafa farið bæði með lið Austurríkis og Þýskalands á stórmót en Guðmundur á að baki níu stórmót sem þjálfari íslenska landsliðsins. HM í Katar verður því tíunda stórmót Guðmundar sem landsliðsþjálfara.

Guðmundur og danska liðið hafa sett stefnuna á undanúrslit og sá árangur yrði nýtt met fyrir íslenskan þjálfara á heimsmeistaramóti. Þorbjörn Jensson á enn metið en undir hans stjórn náði íslenska liðið fimmta sæti á HM í Kumamoto 1997.

Guðmundur hefur þegar náð í verðlaun með landslið sín á ÓL (Ísland vann silfur í Peking 2008) og EM (Ísland vann brons í Austurríki 2010) og hver veit nema að hann nái í gullið 1. febrúar næstkomandi. Hann gæti þó þurft að sigra tvo aðra íslenska þjálfara á leiðinni í úrslitaleikinn og það verður ekki auðvelt verkefni.

## ÍSLAND MEÐ FLESTA ÞJÁLFARA Á HM Í HANDBOLTA Í KATAR

**ARON KRISTJÁNSSON**
þjálfari Íslands
42 ára
þjálfar einnig KIF Kolding í Danmörku
**Hefur þjálfað Ísland frá 2012**



**GUÐMUNDUR GUÐMUNDSSON**
þjálfari Danmerkur
54 ára
þjálfaði Rhein-Neckar Löwen í Þýskalandi þar til í vor
**Hefur þjálfað Danmörku frá 2014**



**PATREKUR JÓHANNESSON**
þjálfari Austurríkis
42 ára
þjálfar einnig Hauka á Íslandi
**Hefur þjálfað Austurríki frá 2011**



**DAGUR SIGURÐSSON**
þjálfari Þýskalands
41 árs
þjálfar einnig Füchse Berlin í Þýskalandi
**Hefur þjálfað Þýskaland frá 2014**





# FK Viltu vinna?

**FJARÐARKAUP**




## Kauptu vörur frá þessum vörumerkjum og festu kassakvittunina við þátttökuseðilinn

**1. - 10. vinningur:**

25.000 kr. vöruúttekt í Fjarðarkaupum







## Þátttökuseðill

**FK FJARÐARKAUP**

Festu kassakvittunina við þátttökuseðilinn og settu í kassann í anddyrinu og þú ert komin/n í hóp líklegra vinningshafa.

**Dregið á hverjum föstudegi til og með 6. feb. 2015**

Nafn: ________________

Heimilisfang: ________________

Sími: ________________

Netfang: ________________

Finndu okkur á Facebook

**Dregið á hverjum föstudegi til og með 6. febrúar 2015**

**FK FJARÐARKAUP**

Opið mánudaga - miðvikudaga frá 09:00 - 18:00, fimmtudaga frá 09:00 - 18:30, föstudaga frá 09:00 - 19:00 og laugardaga frá 10:00 - 16:00 lokað sunnudag

# HM er spilað í alvöru lúxushöllum

● Það er ekkert til sparað í Katar og var svo sannarlega ekki skorið við nögl þegar kom að því að byggja hallirnir þar sem HM í handbolta verður haldið. Erlendir áhorfendur í höllunum munu líkast til aldrei hafa séð annan eins íburð og í þessum glæsilegu höllum.



Duhail Sports Hall



Ali Bin Hamad Al Attiya Arena

Leikið verður í þremur höllum á HM í Katar; Ali Bin Hamad Al Attya Arena, Duhail Sports Hall og Lusail Sports Arena. Tvær fyrstnefndu hallirnar eru í höfuðborginni Doha, en sú síðastnefnda er í samnefndri, nýstofnaðri borg, rúmlega 20 kílómetra norður af Doha.

Ekki var sparað við byggingu hallanna og það sést. Íburðurinn er mikill og mikið var lagt í hönnun og útlit þessara mannvirkja.

Það sem leynist undir þessu gljáfægða yfirborði er hins vegar ekki jafn fallegt. Skipuleggjendur HM hafa legið undir ámæli fyrir illa meðferð á erlendum verkamönnum sem vinna mikið, við vondar aðstæður og fyrir lágt kaup.

Ýmsir hafa einnig lýst yfir áhyggjum sínum af því að hallirnar verði hálftómar þegar á hólminn verður kominn. Á meðal þeirra er landsliðsfyrirliðinn Guðjón Valur Sigurðsson sem hefur reynslu af því að spila í Katar.

Honum finnst Katar lítt spennandi land eins og fram kom í viðtali við RÚV rétt fyrir áramót:

„Það er fullt af sandi og nýjum byggingum og eitthvað en maður er hræddur um hvort það verði áhorfendur yfirhöfuð á leikjunum. Ég hef tvisvar spilað á móti þarna. Þeir ná í einhverja iðnaðarmenn og útlendinga sem vinna hjá þeim til að fylla stúkurnar. Mér finnst líklegt að það verði þannig líka núna.“

Lusail Sports Arena var byggð sérstaklega fyrir HM í handbolta og hófust framkvæmdir við hana árið 2012.

Byggingu hallarinnar lauk í nóvember 2014, en um 31 milljón vinnustunda er að baki hjá þeim sem unnu við að koma þessu ferlíki upp.

Lusail Sports Arena er öll hin glæsilegasta og tekur 15.300 manns í sæti, en upphaflega átti hún að taka um 18.000 manns.

Hún er flaggskip skipuleggjenda mótsins og mun m.a. hýsa opnunarhátíðina, opnunarleik Katar og Brasilíu, undanúrslitaleikina, leikinn um þriðja sætið og svo úrslitaleikinn 1. febrúar.

Leikir Íslands í riðlakeppninni verða leiknir í Ali Bin Hamad Al Attiya Arena sem er í hverfinu al-Sadd í Doha og er heimavöllur handboltaliðsins Al Sadd.

Höllin var byggð sérstaklega fyrir HM og tekur 7.700 manns í sæti. Þar er einnig hægt að stunda blak, badminton og fimleika og framtíðinni er ætlunin að hægt verði að leika íshokkí í höllinni.

Duhail Sports Hall tekur fæsta í sæti af höllunum þremur, eða 5.500 manns. Hún er hins vegar stórglæsileg og allt umhverfi hennar hið smekklegasta.

Duhail Sports Hall er ekki einungis handboltahöll, en þar er einnig gistiaðstaða fyrir 60 leikmenn, tveir æfingavellir, veitingastaðir, sundlaug, læknamiðstöð og svo mætti lengi telja.

Í framtíðinni mun Duhail Sports Hall einnig hýsa höfuðstöðvar katarska handknattleikssambandsins, auk þess sem höllin verður aðalæfingaaðstaða allra landsliða Katar.








Það er alltaf fjör í Doha þar sem margs konar uppákomur eru í boði. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

## Stórmótaóðir Katarar

Heimsmeistaramótið í handbolta er langt frá því að vera eina stóra íþróttamótið sem fer fram í Katar á næstu árum, en þetta litla ríki við Persaflóann hefur tryggt sér réttinn til að halda hvert stórmótið á fætur öðru á undanförnum árum. Tvö síðustu ár hafa yfir 80 alþjóðleg íþróttamót verið haldin í Katar og þeim fer einungis fjölgandi.

Í nóvember 2014 lönduðu Katarar HM í frjálsum íþróttum utanhúss árið 2019 en HM í frjálsum þykir eitt stærsta og verðmætasta íþróttamót í heimi. Þremur árum síðar, 2022, beinist svo athygli heimsbyggðarinnar enn frekar að Katar þegar HM í fótbolta fer þar fram. Katarar eru þó hvergi nærri hættir og dreymir um að næla í feitasta bitann – sjálfa Ólympíuleikana.

Ekki eru allir sáttir við þessa þróun, en nærtækast er að nefna andstöðuna við að Katar, sem hefur litla sem enga fótboltahefð, yrði úthlutað HM 2022 í fótbolta.

Ásakanir um spillingu hafa verið háværar og valið á Katar harðlega gagnrýnt meðal annars vegna þess mikla hita sem er þar á sumrin og gerir leikmönnum næsta ómögulegt að spila. Í því samhengi hafa komið upp hugmyndir um að halda HM að vetri til.

Slæmum aðbúnaði þeirra verkamanna sem vinna við að reisa íburðarmikla leikvangana í Katar hefur einnig verið mótmælt, en um 90% vinnuaflsins eru fátækir farandverkamenn frá Suður-Asíu.

Þeir vinna mikið, fyrir lágt kaup og við slæmar aðstæður, en hundruð nepalskra verkamanna hafa til að mynda látist við byggingu vallanna. Þá hefur Katar einnig verið gagnrýnt fyrir mannréttindabrot, en samkynhneigð er ekki viðurkennd í landinu og kvenréttindi eru af skornum skammti.




OPEL **INSIGNIA**

# HANN ER ÞÝSKUR OG STÓRGLÆSILEGUR

## Insignia er bíll sem þú elskar að keyra

**Opel Insignia** sameinar glæsilegt útlit, fyrsta flokks tækni og meiri þægindi. Sparneytin vél, sportlegt útlit og ríkulegur búnaður gera Opel Insignia að bíl sem þú elskar að keyra. Rennilegt útlit og sterk sérkenni leyna sér ekki. Opel Insignia boðar nýja tíma í þessum flokki bíla með glæsilegu útliti, tæknilegum útfærslum og frábærum akstursegiginleikum. Insignia kemur í mörgum útgáfum og þú getur jafnvel fengið hann fjórhjóladrifinn.

Wir leben Autos.

Bílabúð Benna
Sérfræðingar í bílum

**Komdu til okkar og reynsluaktu nýjum Opel**

Reykjavík
Tangarhöfða 8
Sími: 590 2000

Reykjanesbær
Njarðarbraut 9
Sími: 420 3330

Opið virka daga frá 9 til 18
og laugardaga frá 12 til 16.
Verið velkomin í reynsluakstur.

Nánari upplýsingar:
opel.is • benni.is
Við erum á Facebook


GUÐJÓN VALUR SIGURÐSSON
BJÖRGVIN PÁLL GÚSTAVSSON


ARON PÁLMARSSON
STEFÁN RAFN SIGURMANNSSON

# Gunnar Steinn er einn

● Gunnar Steinn Jónsson fær engan herbergisfélaga í Katar. Margir af strákunum okkar hafa verið herbergisfélagar í mörg ár. Við skoðum herbergjaskipan.

Líkt og venjulega á stórmótum eru tveir leikmenn saman á herbergi. Drengirnir kunna því ágætlega enda þarf að drepa mikinn frítíma á milli leikja. Þá er gott að vera með félagsskap.

Þar sem Aron Kristjánsson landsliðsþjálfari valdi sautján manna hóp að þessu sinni þá verður einn leikmaður einn í herbergi. Það hlutskipti fær Gunnar Steinn Jónsson að þessu sinni en strákarnir verða vonandi duglegir að heimsækja hann.

Björgvin Páll tók við sem herbergisfélagi landsliðsfyrirliðans Guðjóns Vals er Ólafur Stefánsson hætti í landsliðinu.

Róbert og Snorri Steinn, oft kallaðir Snobbi, eru sem fyrr saman og góðvinirnir Aron Pálmarsson og Stefán Rafn eru líklega með mikið stuðherbergi. NFL-áhugamennirnir Arnór Atlason og Ásgeir Örn deila herbergi og því líklegt að þeir vaki aðeins of lengi frameftir næsta sunnudag.


Gunnar Steinn Jónsson


ÁSGEIR ÖRN HALLGRÍMSSON
ARNÓR ATLASON


SVERRE JAKOBSSON
KÁRI KRISTJÁN KRISTJÁNSSON


ARNÓR ÞÓR GUNNARSSON
ARON RAFN EÐVARÐSSON


RÓBERT GUNNARSSON
SNORRI STEINN GUÐJÓNSSON


ALEXANDER PETERSSON
BJARKI MÁR GUNNARSSON


VIGNIR SVAVARSSON
SIGURBERGUR SVEINSSON





**Active Liver**
Eykur niðurbrot fitu í lifrinni og styrkir starfsemi hennar

*„Finn mikinn mun á mér, eftir að ég byrjaði að nota Active Liver. Hef minni löngun í óhallan mat, sætindi, kaffi og áfengi. Ég hef líka lést og er mjög ánægð með árangurinn“.*
-Kirsten

MAX ÚTSALA
Stærri en nokkru sinni fyrr með lægri VSK og fullt af vörum nú án vörugjalda!
Sjá allt úrvalið á max.is
max.is
MAX RAFTÆKI


TRI
Suðurlandsbraut 32
ParkTool
HJÓLREIÐAR
HLAUP
SUND
CUBE
Tacx
CRAFT
GARNEAU
BROOKS
*Cube reiðhjólið á myndinni er 2015 árgerð og ekki á útsölu -
****
GARNEAU
-30%
LG hjálmar frá 8.990kr
ÚTSALA 6.300kr
AIM 26 (2014)
Verð fyrir afslátt -
89.990kr
Verð miðað við 35% afslátt
58.990kr
*meðan birgðir endast
ÚTSALA
Park Tool 10.500kr
Park Tool 10.500kr
Allt að 35% afsláttur af Cube 2014 árgerðum!
-30%
CUBE bakpokar frá 9.990kr
ÚTSALA 6990kr
-30%
GARNEAU
LG vetrarskór 33.990kr
ÚTSALA 23.990kr
-30%
GARNEAU
LG hanskar 8.990kr
ÚTSALA 6.300kr
-20%
TACX
TRAINER
Verð frá: 31.990kr
NAGLADEKK
Á GÓÐU VERÐI!
-30%
SCHWALBE
Nagladekk frá 8.990kr
ÚTSALA 6.300kr
-30%
CUBE
RFR ljós 3.990kr
ÚTSALA 2.799kr
-30%
BROOKS
Brooks skór frá 23.990kr
ÚTSALA 16.799kr
-30%
CRAFT
CRAFT jakkar frá 18.990kr
ÚTSALA 13.300kr
BORGUN
TRI VERSLUN býður viðskiptavinum sínum að dreifa greiðslum í allt að 36 mánuði í samstarfi við Borgun
-30%
WWW.TRI.IS
-30%
Opnunartími: 11:00 til 18:00 alla virka daga
Opið á laugardögum 11:00 til 16:00

# Aðeins fjórar þjóðir hafa verið á fleiri heimsmeistaramótum í handbolta en Ísland

Íslenska handboltalandsliðið kemst á HM í Katar upp að hlið Ungverja á listanum yfir þær þjóðir sem hafa tekið þátt í flestum heimsmeistaramótum í handbolta. HM í Katar verður átjánda heimsmeistaramót Íslands frá upphafi og aðeins fjórar þjóðir hafa verið oftar með í 75 ára sögu heimsmeistarakeppninnar.

Þýskaland (áður Vestur-Þýskaland) og Svíþjóð hafa verið með á 22 af 24 heimsmeistaramótum frá upphafi. Þjóðverjar misstu af HM í fyrsta sinn árið 1990 og voru heldur ekki með á HM 1997. Ísland á mikinn þátt í því að Þjóðverjar voru ekki með á HM í Tékkóslóvakíu 1990 því íslenska liðið vann þýska liðið í fyrsta leik í milliriðli í b-keppninni í Frakklandi 1989. Þjóðverjar misstu í framhaldinu af HM-sæti en íslenska liðið fagnaði eftirminnilegum sigri á mótinu.

Svíar voru með á fyrstu nítján heimsmeistaramótunum eða allt þar til að þeir misstu af HM í Þýskalandi 2007. Aftur kom íslenska landsliðið við sögu því Svíar sátu eftir í umspili efir tap á móti Íslandi. Svíar misstu líka af HM 2013 og Þjóðverjar komust með því upp að hlið þeirra í efsta sætinu.

Hinar tvær þjóðirnar sem hafa verið á fleiri heimsmeistaramótum en Ísland eru Danmörk (21. heimsmeistaramótið í ár) og Frakkland (20. heimsmeistaramótið í ár). Ísland er í fimmta til sjöunda sæti með Ungverjalandi og Spáni.

Íslenska handboltalandsliðið var ekki með á tveimur fyrstu heimsmeistaramótunum (1938 og 1954) en hefur síðan aðeins misst af fjórum heimsmeistaramótum á tæpum sex áratugum. Ísland var ekki með á HM 1967, á HM 1982, á HM 1999 og á HM 2009. Danir og Pólverjar skildu Íslendinga eftir í undankeppni HM 1967, Ísland þurfti að ná fimmta sæti í b-keppninni 1981 til að komast á HM 1982 en lenti í áttunda sæti og Ungverjar skildu íslenska liðið eftir í undankeppni HM 1999. Síðast missti íslenska liðið af HM þegar það tapaði í umspilsleikjum fyrir HM 2009 sem voru á móti Makedóníu sumarið 2008. Slæmt tap í fyrri leiknum í Skopje réð þar öllu því það dugði ekki að vinna seinni leikinn 30-24 í Höllinni. Nokkrum mánuðum síðar vann íslenska liðið silfur á Ólympíuleikunum í Peking.

Ísland var næstum því búið að missa af HM í Katar eftir ófarirnar í umspilsleikjum við Bosníu síðasta sumar en komst inn bakdyramegin og er nú með á sínum átjánda heimsmeistaramóti. Íslenska liðið hefur tíu sinnum náð að vera meðal tíu bestu þjóða heims og sjö sinnum hefur liðið verið meðal sjö efstu sem er markmið íslensku strákanna í Katar.





Snorri Steinn Guðjónsson skoraði 15 mörk í 83 marka leiknum á HM í Þýskalandi 2007. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

## Ísland á tvö HM-markamet

Íslenska handboltalandsliðið hefur tekið þátt í tveimur sögulegum markaleikjum á HM í handbolta og báðir eru þeir metleikir í 75 ára sögu heimsmeistarakeppninnar.

Ekkert lið hefur skorað fleiri mörk í einum leik á HM en íslenska handboltalandsliðið sem setti metið með því að skora 55 mörk á móti Ástralíu á HM í Portúgal 2013. Ísland vann leikinn með 40 mörkum, 55-15, sem er næststærsti sigurinn í HM frá upphafi. Guðjón Valur Sigurðsson skoraði 14 mörk í leiknum.

Ísland tók líka þátt í þeim HM-leik þar sem flest mörk voru skoruð. 83 mörk voru skoruð þegar Danmörk vann 42-41 sigur á Íslandi í átta liða úrslitum á HM í Þýskalandi 2007. Leikurinn endaði 34-34 en Danir unnu í framlengingu. Snorri Steinn Guðjónsson skoraði 15 mörk í leiknum.

## Guðjón Valur markakóngur

Ísland hefur einu sinni átt markakóng heimsmeistarakeppninnar en Guðjón Valur Sigurðsson varð markahæstur á HM í Þýskalandi 2007. Guðjón Valur skoraði þá 66 mörk, eða níu mörkum meira en Tékkinn Filip Jícha sem kom honum næstur. Guðjón Valur skoraði 6,6 mörk að meðaltali í leik en aðeins eitt marka hans kom af vítalínunni. Íslendingar voru annars áberandi á topp tíu listanum yfir markahæstu leikmenn keppninnar því þeir Snorri Steinn Guðjónsson og Ólafur Stefánsson skoruðu báðir 53 mörk og urðu í 5. til 7. sæti og Alexander Petersson kom síðan í 10. sætinu með 48 mörk. Enginn íslensku leikmannanna komst þó í úrvalslið mótsins en í vinstra horninu var Rússinn Eduard Koksjarov tekinn fram yfir Guðjón Val.






# Til leigu

## THORVALDSENSSTRÆTI 2 - NASA







### Leitum eftir rekstraraðila að Thorvaldsensstræti 2 (Nasa og gamli Kvennaskólinn)

**Um er að ræða 1008 fm. fasteign sem skiptist í gamla Kvennaskólann (tvær hæðir) og stóran sal (Nasa-salurinn) með sviði.**

Þeir sem hafa áhuga skulu skila inn eftirfarandi upplýsingum:

- Tillögu að starfsemi í húsinu og nýtingu þess
- Upplýsingum um þann aðila eða fyrirtæki sem tæki eignina á leigu
- Hugmyndum um leigufjárhæð og leigutíma (með fyrirvara um nánari skoðun)

**Upplýsingum skal skilað til Elínar Ólafsdóttur, eo@dalsnes.is.**

Í framhaldi verður haft samband við viðkomandi aðila og frekari upplýsingar veittar.

**Skilafrestur til 24. janúar**

# BRÚÐAR-DRESS Á DREGLINUM



**Kjólarnir á Golden Globe**

**Tískuspekúlantar hafa unun af því að spá í tískuna á rauða dreglinum. Á Golden Globe-verðlaunahátíðinni sem haldin var í vikunni vakti athygli spekúlantanna að margir kjólanna drógu dám af brúðarkjólum. Hér má sjá tvo þeirra. Annars vegar er afar klassískur og fallegur kjóll Sölmu Hayek frá Alexander McQueen og hins vegar fleginn kjóll með útsaumuðu blómaflúri frá Miu Miu sem Sienna Miller bar með glæsibrag.**

**KLASSÍSKUR** Selma Hayek minnti á brúði í kjól frá Alexander McQueen.

**FLEGINN** Sienna Miller var í útsaumuðum kjól frá Miu Miu.



# TÍSKAN Í GROZNY

**SÍÐKJÓLAR OG ÚTSAUMUR** *Íslömsk tískuvika (islamic fashion week) var haldin í Grozny, höfuðborg Tsjetsjeníu, í lok síðasta árs. Þar sýndu bæði þekktir hönnuðir og upprennandi tískulínur fyrir árið 2015.*


Femarelle®

**Náttúruleg lausn við áhrifum tíðahvarfa**

*Staðfest með rannsóknum sl. 14 ára - vinnur á einkennum tíðahvarfa kvenna. Inniheldur staðlað tofu extract, ekki erfðabreytt (GMO frítt) Náttúruleg lausn fyrir konur án hormóna.*




*„Léttara skap og betri svefn“*
**-Bryndís Guðmundsóttir**

*„Allt annað líf og betri svefn“*
**-Soffía Káradóttir**

*„Femarelle bjargaði líðan minni“*
**-Valgerður Kummer Erlingsdóttir**

*„Laus við verkjalyfin - þvílíkur munur“*
**-Kolbrún Jóhannsdóttir**


# ÚTSÖLUR BÆTA GEÐ



*Janúar er mörgum þungur. Myrkrið, kuldinn og tilbreytingarleysið eftir jóla- og áramótapartíin. Flestir kannast við að slá vekjaraklukkuna fyrstu dagana í janúar og hugsa: „Af hverju er hún að hringja um miðja nótt?“*

Hátíðin er búin, ekki fleiri náttfatadagar í boði að horfa á The Holiday í sjónvarpinu. Vinnan kallar. En hvernig á maður að komast aftur til raunveruleikans? Það þykir sannað að óreglulegur svefn yfir hátíðirnar, óvenjulegt mataræði og ýmsar freistingar geta komið af stað ýmsum kvillum. Má þar nefna meltingartruflanir, lystarleysi, einbeitingarörðugleika, orkuleysi og þreytu.

Best er samt að fara rólega af stað eftir áramótin, ekki taka ræktina með trompi. Reynið að koma nætursvefninum á rétt ról með því að fara snemma í háttinn. Drekkið grænan djús á fastandi maga í morgunsárið, hann gefur orku. Grænt te er kannski ákjósanlegra í magann fremur en kaffi. Sérfræðingar segja að persónuleg markmið í janúar þurfi ekki að vera of metnaðarfull. Hins vegar sé gott að koma jákvæður til vinnu og reyna að vera skapandi. Það sé lykillinn að því að komast í rútínuna aftur.

Að vera vel til hafður í vinnunni í janúar er lykillinn til að öðlast aftur sjálfstraust og baráttuvilja. Þess vegna er um að gera að nýta sér útsölur og kaupa eitthvað fallegt á afsláttarverði. Nú er hægt að gera góð kaup og um að gera að nýta sér það.



## Nudd

NÝTT NUDD! Höfum opnað nýja og glæsilega nuddstofu í 101. Opið frá 10-22. S.7877481

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Rvk. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

## SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

## HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**TIL LEIGU MIÐSVÆÐIS Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU, NÝBÝLAVEGI OG AUÐBREKKU (GÖMLU TOYOTAHÚSUNUM)**

150 - 300 fm m / innkeyrsludyrum, 150 -300 fm fm undir verslun eða léttan iðnað, 200 - 400 fm fyrir heildverslun eða léttan iðnað. Greið aðkoma að húsnæðinu, frábært auglýsingagildi, matvöruverslanir, veitinga og kaffihús í göngufæri.

**Uppl. veitir Sverrir í s. 661-7000**

**HERBERGI - ÍBÚÐIR Á GRENSÁSVEGI**
Til leigu stúdíóíbúðir og einnig herbergi með sameiginl. baðherb. til 1. maí 2015. Internet, hiti, rafmagn innifalið. 1 mánuður í leigutryggingu. Verð frá 50 þús
**Uppl. í síma 660 7799 og erth@centrum.is**

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLULAUSNIR.IS**
Búslóðageymsla og flutningar. Gott verð, sækjum og sendum. S. 615-5005.

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sér geymslur frá 3.900. 1 til 17m2. Aðgangur kl. 8-22 alla daga. Ný sérhönnuð geymsluhús, upphitað og vaktað. S: 564-6500.

**GEYMSLUR.COM**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

## ATVINNA

## Atvinna í boði

BUDDHA RESTAURANT
JAPANESE GRILL & SUSHI

Veitingastaður á Laugavegi 3 óskar eftir starfsfólki í sal í hlutastarf/ helgarvinnu með möguleika á fullri vinnu í sumar. Umsækjandi þarf að vera 18 ára eða eldri, reynsla á veitingahússtörfum er æskileg en ekki nauðsynleg. Hentug vinna fyrir skólafólk! Upplýsingar eru veittar í síma S:571-5522 eða GSM:897-4395 Bt:Stefán, en umsóknir sendist á buddhacafe3@gmaill.com

**REYKJANESBÆR**
Óska eftir mönnum vönum uppsetningu á gibsveggjum, einnig málun og spörslun. Uppl. í s. 840 6100 Páll.

**ÖLGERÐIN**
Óskar eftir að ráða starfsmann við áfyllingar í verslanir. Vinnutími er frá 08:00 til 17:00.

Umsóknarfrestur er til og með 18. janúar nk. Umsækjendur þurfa að geta byrjað strax og hafa bílpróf.

**Umsóknir með upplýsingum skulu sendar á neftangið: birgir. gudmundsson@olgerdin.is, merkt „Áfylling, jan15"**

**VÉLVIRKI ÓSKAST**
Við leitum að öflugum vélvirkja til að starfa í viðhaldsteymi okkar. Óskað er sérstaklega eftir starfsmanni með sveinspróf í vélvirkjun. Reynsla og þekking af viðhaldsstörfum við jarðorkuver er kostur. Fullum trúnaði er heitið og öllum umsóknum verður svarað. Umsóknir sendist á Baldur Jónasson e-mail : baldur@deilir.com

## Atvinna óskast

35 ára kk. óskar eftir vinnu, helst við útkeyrslu. Uppl. í s. 8468602

Hraustur og hress 20 ára starfskraftur óskar eftir atvinnu. Get hafið starf strax, góð meðmæli. Sendið endilega skilaboð á evadoggd@gmail.com

## fundir

# Félagsfundur Búmanna

Félagsfundur Búmanna hsf. verður haldinn
**á Grand Hóteli Reykjavík, Sigtúni 38,**
**fimmtudaginn 29. janúar kl. 15.00.**
Fundurinn verður í sal hótelsins er nefnist Hvammur.
Kynntar verða tillögur að fjárhagslegri endurskipulagningu félagsins.
Breytingar á samþykktum félagsins.

Stjórnin.

## fasteignir

**Birkigrund 60**
200 Kópavogur
Endaraðhús við Fossvoginn

**Stærð: 126,6 fm**
**Fjöldi herbergja: 5**
**Byggingarár: 1973**
**Fasteignamat: 30.950.000**

RE/MAX Alpha




**Fimmtudaginn 15. jan kl. 17:30-18:00**

**Verð: 41.900.000**

RE/MAX Alpha kynnir: Skemmtilegt endaraðhús með fjórum svefnherbergjum við Birkigrund í Kópavogi. Á neðri hæð eru 3 herbergi, baðherbergi, þvottahús. Á efri hæð stór opin stofa og eldhús og eitt svefnherbergi. Útgengi á rúmgóðar svalir. Mikið geymslupláss í kjallara og risi. Bílskúrsréttur er við húsið.
Upplýsingar veitir Davíð Ólafsson lög.fast. í síma 897 1533 eða david@remax.is



Davíð Ólafsson
Lögg. fasteignasali
**897 1533**
david@remax.is

## fasteignir

**FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.**
ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

**Strýtusel 7 - Reykjavík**

**Eignin verður til sýnis frá kl. 17.15 – 17.45**




Vel skipulagt einbýlishús á tveimur hæðum samtals að gólffleti 219,0 fm. að meðtöldum 48,6 fm. bílskúr. Samliggjandi stofur með aukinni lofthæð. Sólskáli. Eldhús með útgangi á lóð. Fjögur herbergi auk sjónvarpsstofu þar sem möguleiki væri að útbúa herbergi í hluta rýmisins. Lóðin er 754,0 fm. að stærð ræktuð og með hellulagðri verönd. Innkeyrsla er steypt. **Eign í grónu og skjólsælu hverfi. Verð 49,9 millj. Verið velkomin.**

## tilkynningar

# AUGLÝSING UM SKIPULAGSMÁL

**Bláskógabyggð, Grímsnes-og Grafningshreppi, Hrunamannahreppi, Skeiða-og Gnúpverjahreppi, Flóahreppi og Ásahreppi**

### Deiliskipulagsmál

**Samkvæmt 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt lýsing fyrir eftirfarandi deiliskipulagsverkefni:**

**1. Lýsing deiliskipulags fyrir iðnaðarsvæði/gámasvæði á svæði norðan Flúða, Hrunamannahreppi.**
Lögð fram til kynningar lýsing skipulagsverkefnis vegna deiliskipulags iðnaðarsvæðis/gámasvæðis á svæði sem í gildandi aðalskipulagi er merkt sem iðnaðarsvæði og merkt P1. Í dag er þar starfrækt móttökusvæði fyrir úrgang, gámasvæði, en með deiliskipulaginu er gert ráð fyrir óverulegri stækkun svæðisins úr 0,7 ha í 3 ha auk þess sem starfsemin er útvíkkuð í tengslum við frekari meðhöndlun á lífrænum úrgangi.

### Aðalskipulagsbreyting

**Samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt niðurstaða sveitarstjórnar varðandi eftirfarandi aðalskipulagsbreytingu:**

**2. Breyting á aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2003-2015 vegna stækkunar á iðnaðarsvæði norðan Flúða, svæði merkt P1.**
Sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkti á fundi 8. janúar 2015 tillögu að óverulegri breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins sem felst í að iðnaðarsvæði norðan Flúða sem nýtt hefur verið til móttöku úrgangs (gámastöð), merkt P1, stækkar úr 0,7 ha í 3 ha. Er breytingin gerð í tengslum við nýtt deiliskipulag fyrir svæðið og fyrirætlanir um að bæta við starfsemi sem tengist meðhöndlun á lífrænum úrgangi. Breytingin hefur verið send Skipulagsstofnun til staðfestingar.

### Endurskoðun aðalskipulags

**Samkvæmt 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt lýsing fyrir eftirfarandi aðalskipulagsbreytingu:**

**3. Endurskoðun aðalskipulags Hrunamannahrepps 2016-2028**
Sveitarstjórn Hrunamannahrepps hefur hafið vinnu við endurskoðun aðalskipulags sveitarfélagsins og er fyrsta skref í þeirri vinnu að kynna lýsingu skipulagsverkefnisins þar sem gerð er grein fyrir helstu viðfangsefnum vinnunnar og áherslum sveitarstjórnar auk upplýsinga um fyrirhugað skipulagsferli.
Gert er ráð fyrir að haldinn verði kynningarfundur um aðalskipulagsvinnuna í kringum mánaðarmótin febrúar/mars og verður nákvæm tímasetning auglýst síðar.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu Hrunamannahrepps Akurgerði 6, Flúðum, og skrifstofu skipulagsfulltrúa, Dalbraut 12, Laugarvatni á skrifstofutíma frá 9-16. Að auki er hægt að nálgast nánari lýsingu á tillögunum og tillögurnar sjálfar á vefslóðinni http://www.fludir.is eða http://www.sbf.is.

**Skipulagstillaga nr. 1 er í kynningu frá 15. janúar til 29. janúar 2015 en tillaga nr. 3 frá 15. janúar til 12. febrúar 2015. Athugasemdir og ábendingar við tillögu nr. 1 þurfa að berast skipulagsfulltrúa í síðasta lagi 29. janúar 2015 en 12. febrúar fyrir tillögu nr. 3. Athugasemdir og ábendingar skulu vera skriflegar.**

**Pétur Ingi Haraldsson**
**Skipulagsfulltrúi**
**petur@sudurland.is**

## til leigu

TIL LEIGU



TIL LEIGU STRAX CA 250 FM SKRIFSTOFUHÚSNÆÐI Á JARÐHÆÐ VIÐ FAXAFEN 10 MEÐ SÉRINNGANGI





SEX TIL ÁTTA RÚMGÓÐAR SKRIFSTOFUR, GÓÐ FUNDARAÐSTAÐA, TVÖ SALERNI, RÚMGÓÐ GEYMSLA, SNYRTILEGT ELDHÚS.
LEIGUVERÐ 360.000 KR Á MÁNUÐI.

ALLAR UPPLÝSINGAR Í SÍMA 698-1700

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is

SAFT





2 | KL. 20:15

**Restaurant Startup**

Skemmtilegur og spennandi raunveruleikaþáttur þar sem valið er á milli tveggja hópa þátttakenda sem þurfa að móta hugmynd að nýju veitingahúsi.

# Fjölbreytt fimmtudagskvöld



2 | KL. 21:00

**NCIS**

Stórgóðir og léttir spennuþættir sem fjalla um Leroy Jethro Gibbs og félaga hans í rannsóknardeild bandaríska sjóhersins.



2 | KL. 21:45

**Person Of Interest**

Fyrrverandi leigumorðingi og dularfullur vísindamaður leiða saman hesta sína til þess að koma í veg fyrir glæpi í New York.



| KL. 22:00

**My Week With Marilyn**

Dramatísk mynd sem byggð er á dagbókum Colins Clarks og gerist á einni viku sem hann varði með sjálfri Marilyn Monroe.



3 | KL. 20:15

**American Idol**

Fjórtánda þáttaröð af þessum sívinsælu þáttum þar sem allir sigurvegarar fyrri þátta hafa slegið í gegn á heimsvísu.



G | KL. 21:45

**The Untold Mistery Of The United States**

Stórbrotin heimildaþáttaröð frá Oliver Stone þar sem varpað er nýju ljósi á stórviðburði í sögu Bandaríkjanna.



Krakkastöðin | KL. 17:00

**Áfram Diegó, áfram!**

Diegó er ávallt til þjónustu reiðubúinn þegar dýr lenda í vanda.

Fáðu þér áskrift! 365.IS



## SUDOKU

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 4 | 6 | 1 | | 7 | | | |
| 9 | 1 | | | | | | 3 | 6 |
| 7 | | | 2 | | | | | |
| 5 | | | | | | 3 | 8 | 2 |
| 2 | 9 | | | | | 5 | | 1 |
| | | 1 | | 8 | | 4 | | |
| | 2 | | 7 | 5 | 4 | | | |
| | 6 | | 3 | | | 9 | | |
| 4 | | | 9 | | 1 | 8 | | 7 |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 2 | | 7 | 5 | | 9 | | 6 |
| | | 8 | | | | 7 | 4 | |
| | 1 | 7 | 9 | | 4 | 5 | | |
| | | | | 7 | | 6 | | |
| 4 | 3 | | | 2 | | | | 7 |
| | 8 | 6 | | | 9 | | 2 | |
| | | 9 | 2 | | | | 5 | |
| | 6 | | | 8 | | | | |
| | 7 | | 5 | | | | | 1 |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | | 2 | | | 6 | | | |
| | | | | | | | 6 | |
| | | 7 | 9 | 2 | 3 | | 5 | 8 |
| | | 1 | | | | 5 | | |
| | | | | 1 | | | 2 | 9 |
| | | | 7 | 3 | | 1 | | |
| | 8 | | | 4 | 9 | | | |
| | 9 | | 3 | 5 | | 7 | | |
| 3 | | | 2 | | | | | |

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 7 | 9 | 8 | 3 | 5 | 2 | 4 | 1 |
| 4 | 2 | 5 | 6 | 9 | 1 | 7 | 3 | 8 |
| 8 | 1 | 3 | 2 | 4 | 7 | 5 | 9 | 6 |
| 7 | 4 | 6 | 9 | 2 | 8 | 3 | 1 | 5 |
| 3 | 9 | 1 | 7 | 5 | 4 | 8 | 6 | 2 |
| 5 | 8 | 2 | 1 | 6 | 3 | 9 | 7 | 4 |
| 9 | 5 | 8 | 3 | 1 | 6 | 4 | 2 | 7 |
| 1 | 3 | 7 | 4 | 8 | 2 | 6 | 5 | 9 |
| 2 | 6 | 4 | 5 | 7 | 9 | 1 | 8 | 3 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 1 | 3 | 8 | 5 | 4 | 9 | 2 | 6 |
| 4 | 8 | 2 | 6 | 9 | 7 | 3 | 1 | 5 |
| 9 | 5 | 6 | 1 | 2 | 3 | 7 | 8 | 4 |
| 3 | 4 | 1 | 7 | 6 | 5 | 8 | 9 | 2 |
| 5 | 6 | 7 | 9 | 8 | 2 | 4 | 3 | 1 |
| 2 | 9 | 8 | 3 | 4 | 1 | 5 | 6 | 7 |
| 6 | 7 | 5 | 2 | 3 | 8 | 1 | 4 | 9 |
| 1 | 3 | 9 | 4 | 7 | 6 | 2 | 5 | 8 |
| 8 | 2 | 4 | 5 | 1 | 9 | 6 | 7 | 3 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 9 | 1 | 2 | 4 | 6 | 8 | 3 | 5 |
| 5 | 2 | 3 | 8 | 9 | 7 | 4 | 6 | 1 |
| 8 | 4 | 6 | 1 | 3 | 5 | 7 | 9 | 2 |
| 6 | 1 | 2 | 3 | 5 | 4 | 9 | 8 | 7 |
| 9 | 3 | 5 | 6 | 7 | 8 | 1 | 2 | 4 |
| 4 | 7 | 8 | 9 | 1 | 2 | 3 | 5 | 6 |
| 2 | 6 | 7 | 4 | 8 | 3 | 5 | 1 | 9 |
| 3 | 5 | 9 | 7 | 2 | 1 | 6 | 4 | 8 |
| 1 | 8 | 4 | 5 | 6 | 9 | 2 | 7 | 3 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




### SPAKMÆLI DAGSINS

„Listin að vera leiðtogi felst í því að segja nei, ekki að segja já. Það er mjög auðvelt að segja já."

*Tony Blair.*



### KROSSGÁTA

**LÁRÉTT**
**2.** skjótur, **6.** samtök, **8.** erta, **9.** skordýr, **11.** fyrirtæki, **12.** dýrka, **14.** korr, **16.** átt, **17.** móðuþykkni, **18.** tæfa, **20.** ólæti, **21.** truflun.

**LÓÐRÉTT**
**1.** hindrun, **3.** ung, **4.** skilgreina, **5.** flan, **7.** húsdýr, **10.** hætta, **13.** bjargbrún, **15.** ljóður, **16.** arinn, **19.** bókstafur.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** snar, **6.** aa, **8.** ýfa, **9.** fló, **11.** ms, **12.** tigna, **14.** snörl, **16.** sv, **17.** ský, **18.** tík, **20.** at, **21.** ónáð. **LÓÐRÉTT: 1.** haft, **3.** ný, **4.** afmarka, **5.** ras, **7.** alisvín, **10.** ógn, **13.** nös, **15.** lýti, **16.** stó, **19.** ká.

### SKÁK

**Gunnar Björnsson**

**Heimsmeistarinn Magnus Carlsen (2862) hafði svart gegn Loek Van Wely (2667) á ofurmótinu í Sjávarvík í Hollandi.**

**Stöðumynd fylgir með sem jpg-viðhengi.**

**Svartur á leik**



44...Rh2! Van Wely gafst upp þar sem 45. Kxh2 er svarað með 45...Be5. Carlsen vann sínu fyrstu skák í fjórðu umferð. Ivanchuk hefur byrjast best og er efstur með 3½ vinning.

**www.skak.is** Úrslit 4. umferðar Skákþings Reykjavíkur

# ÚTSALA

## ALLT AÐ 80% AFSLÁTTUR

TDK HEYRNARTÓL MEÐ ALLT AÐ 74% AFSLÆTTI

JBL BLUETOOTH HÁTALARAR MEÐ ALLT AÐ 60% AFSL.

HEIMABÍÓ MEÐ ALLT AÐ 54% AFSLÆTTI

SJÓNAUKAR MEÐ ALLT AÐ 50% AFSLÆTTI

YAMAHA HLJÓMTÆKI MEÐ ALLT AÐ 50% AFSLÆTTI

HTC SNJALLSÍMAR MEÐ ALLT AÐ 46% AFSLÆTTI

| 39“ SJÓNVARP | 55“ 700Hz SNJALLSJÓNVARP | 40“ SNJALLSJÓNVARP |
|---|---|---|
| FULLT VERÐ 109.990 | FULLT VERÐ 369.990 | FULLT VERÐ 149.990 |
| TILBOÐ 59.990 | TILBOÐ 199.990 | TILBOÐ 69.990 |
| FINLUX AFSL. 50.000 | LG AFSL. 170.000 | TOSHIBA AFSL. 80.000 |

LG sjónvörp með allt að 500.000kr afslætti

42“ LG sjónvörp frá kr. 79.990

48“ Panasonic ULTRA HD sjónvörp frá kr. 229.990

YAMAHA KENWOOD PHILIPS JVC Panasonic GRUNDIG INTENSO UNITED
harman/kardon JBL OLYMPUS Dantax tasco Nikon SanDisk enox. LG

OPIÐ VIRKA DAGA 9-18 OG LAUGARDAGA 11-16 | SJÁIÐ ÖLL TILBOÐIN Á SM.IS

Alltaf gæði og góð kaup! STOFNAÐ 1971

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

SanDisk MINNISKORT ALLAR GERÐIR



SPORT
RÚV
- annað og meira
HM
í handbolta
á RÚV og
Stöð 2 Sport
Aldrei fleiri leikir
í beinni frá HM
Qatar 2015
24th Men's Handball
World Championship
Ljóshraði
Sportpakkinn

## BEINAR ÚTSENDINGAR

### 15. JANÚAR

| | | |
|---|---|---|
| 17:30 | Katar - Brasilía | RÚV |

### 16. JANÚAR

| | | |
|---|---|---|
| 12.00 | Bosnía - Íran | |
| 12.00 | Rússland - Sádi Arabía | |
| 14.00 | Slóvenía - Síle | |
| 14.00 | Makedónía - Túnis | RÚV |
| 14.00 | Spánn - Hv. Rússland | Stöð 2 Sport |
| 16.00 | Króatía -Austurríki | Stöð 2 Sport |
| 16.00 | Pólland - Þýskaland | RÚV |
| 16.00 | Alsír - Egyptaland | |
| 18:00 | Ísland - Svíþjóð | RÚV |
| 18.00 | Danmörk - Argentína | Stöð 2 Sport |
| 18.00 | Frakkland - Tékkland | |

### 17. JANÚAR

| | | |
|---|---|---|
| 14.00 | Brasilía - Spánn | Stöð 2 Sport |
| 14.00 | Hv. Rússland - Slóvenía | |
| 16.00 | Síle - Katar | |
| 16.00 | Túnis - Króatía | RÚV 2 |
| 16.00 | Íran - Makedónía | |
| 18.00 | Austurríki - Bosnía | RÚV 2 |

### 18. JANÚAR

| | | |
|---|---|---|
| 16:00 | Ísland - Alsír | RÚV |
| 16.00 | Þýskaland - Rússland | Stöð 2 Sport |
| 16.00 | Argentína - Pólland | |
| 18.00 | Egyptaland - Frakkland | Stöð 2 Sport |
| 18.00 | Tékkland - Svíþjóð | RÚV 2 |
| 18.00 | Sádi Arabía - Danmörk | |

### 19. JANÚAR

| | | |
|---|---|---|
| 14.00 | Spánn - Síle | Stöð 2 Sport |
| 14.00 | Hv. Rússland - Brasilía | RÚV 2 |
| 16.00 | Bosnía - Makedónía | RÚV |
| 16.00 | Slóvenía - Katar | Stöð 2 Sport |
| 16.00 | Króatía - Íran | |
| 18.00 | Austurríki - Túnis | Stöð 2 Sport |

### 20. JANÚAR

| | | |
|---|---|---|
| 16.00 | Argentína - Sádi Arabía | |
| 16.00 | Pólland - Rússland | RÚV |
| 16.00 | Tékkland - Egyptaland | Stöð 2 Sport |
| 18.00 | Danmörk - Þýskaland | Stöð 2 Sport |
| 18:00 | Ísland - Frakkland | RÚV |
| 18.00 | Svíþjóð - Alsír | |

### 21. JANÚAR

| | | |
|---|---|---|
| 14.00 | Slóvenía - Brasilía | RÚV |
| 14.00 | Íran - Austurríki | Stöð 2 Sport |
| 14.00 | Síle - Hv.Rússland | |
| 16.00 | Bosnía - Túnis | Stöð 2 Sport |
| 16.00 | Makedónía - Króatía | RÚV |
| 16.00 | Katar - Spánn | |

### 22. JANÚAR

| | | |
|---|---|---|
| 16.00 | Svíþjóð - Egyptaland | Stöð 2 Sport |
| 16.00 | Þýskaland - Argentína | RÚV |
| 16.00 | Pólland - Sádi Arabía | |
| 18:00 | Ísland - Tékkland | RÚV |
| 18.00 | Rússland - Danmörk | Stöð 2 Sport |
| 18.00 | Alsír - Frakkland | |

### 23. JANÚAR

| | | |
|---|---|---|
| 14.00 | Brasilía - Síle | RÚV |
| 14.00 | Spánn - Slóvenía | Stöð 2 Sport |
| 14.00 | Túnis - Íran | |
| 16.00 | Makedónía - Austurríki | Stöð 2 Sport |
| 16:00 | Króatía - Bosnía | RÚV |
| 16.00 | Katar - Hv. Rússland | |

### 24. JANÚAR

| | | |
|---|---|---|
| 16:00 | Ísland - Egyptaland | RÚV |
| 16.00 | Sádi Arabía - Þýskaland | Stöð 2 Sport |
| 16.00 | Rússland - Argentína | |
| 18.00 | Danmörk - Pólland | Stöð 2 Sport |
| 18.00 | Frakkland - Svíþjóð | RÚV 2 |
| 18.00 | Alsír - Tékkland | |

Fáðu þér áskrift! 365.IS

# Framtíð skops og morðin á Charlie Hebdo

Málþing með Hugleiki Dagssyni skopmyndateiknarara og prófessorum við Háskóla Íslands

Námsbraut í menningarfræði við HÍ stendur fyrir málþingi um framtíð skops í fjölmenningarsamfélagi: Langtímaáhrif morðanna á ritstjórn Charlie Hebdo. Málþingið verður haldið í Öskju á morgun og hefst klukkan 12.

Þrátt fyrir einhug um andspyrnu gegn ofbeldi og samstöðu um mikilvægi tjáningarfrelsis hafa morðin á ritstjórn Charlie Hebdo dregið fram ágreining um inntak háðsádeilu og mörk hins réttlætanlega í skopi. Umræðan vekur spurningar um hlutverk og beitingu háðs í opinberri umræðu.

Krefjast mannréttindi og grunngildi lýðræðis þess að háði sé stillt í hóf og að í skopi forðist fólk staðalmyndir og tilvísanir til kynþáttaeinkenna eða sérkenna af einhverju tagi? Eru skoprit á borð við Charlie Hebdo útgáfur sem umburðarlyndi vestræns samfélags kemur í veg fyrir að séu bönnuð en fiska þó í gruggugu vatni fordóma og staðalmynda? Eða er þessu öfugt farið: Er háð grundvallarform andófs í samfélaginu?

Frummælendur verða Gauti Kristmannsson, prófessor í þýðingafræði, Kristín Loftsdóttir, prófessor í mannfræði, Hugleikur Dagsson höfundur og fundarstjóri Jón Ólafsson, prófessor í menningarfræði.

➜ Málþing um framtíð skops í fjölmenningarsamfélagi verður haldið á morgun í Öskju í HÍ og hefst klukkan 12.



**HUGLEIKUR DAGSSON,** höfundur með fókus á grín verður á meðal frummælenda.




**ÉG ER AÐ SKRIFA UM LEITINA AÐ LJÓSINU** segir Auður Ava Ólafsdóttir, höfundur Ekki hætta að anda sem verður frumsýnt í kvöld.

# ÚRSLITALEIKURINN Á HM OPNAÐI FYRIR HUGMYNDINA

Leikhópurinn Háaloftið frumsýnir í Borgarleikhúsinu í kvöld verkið Ekki hætta að anda, eftir Auði Övu Ólafsdóttur, í leikstjórn Stefáns Jónssonar.

**Magnús Guðmundsson**
magnus@frettabladid.is



Leikhópurinn Háaloftið samanstendur af fjórum leikkonum, þeim Elmu Lísu Gunnarsdóttur, Kötlu Margréti Þorgeirsdóttur, Maríu Hebu Þorkelsdóttur og Tinnu Hrafnsdóttur, og það reyndist Auði Övu talsverð áskorun að skrifa verk utan um fjórar konur. Bakgrunnur Auðar Övu sem höfundar er um margt óvenjulegur en listdansinn var sú listgrein sem hún kynntist fyrst sem barn og unglingur. Í dag er hún sérfræðingur í myndlist og lektor í listfræði við Háskóla Íslands.

„Það er kannski dálítið óvenjulegt fyrir höfund að þær tvær listgreinar sem ég þekki best eru nútímadansinn og myndlist en ekki bókmenntir. Ég fylgist ennþá vel með nútímadansi, og eflaust hefur þetta heilmikil áhrif á mig. Það sem mér finnst til að mynda svo frábært við dansinn er að þar er skynheimurinn óháður plotti eða sögu. Mér finnst erfitt að búa til plott og plott í raun ofmetið fyrirbæri í leikhúsi. Viðfangsefni leikbókmennta eru eilífar endurtekningar í sjálfu sér. Þannig er Ekki hætta að anda eflaust mest abstrakt af mínum verkum en ég vona bara að ég fái skammirnar en ekki leikhópurinn því þau hafa unnið svo frábært starf.“

Þetta er í fyrsta sinn sem Auður Ava tekst á við að skrifa fyrir leikhóp eftir pöntun og fyrir hana fólst mikil áskorun í því að skrifa verk utan um fjórar konur. „Þetta er í fyrsta skipti sem ég er beðin um að skrifa fyrir frjálsan leikhóp eða yfirleitt beðin um að skrifa nokkuð og ég var snortin yfir því að vera fengin til verksins. Það fólst þó mikil áskorun í því að skrifa fyrir fjórar konur og vera þannig án samræðu eða átaka kynjanna. Mér fannst líka í upphafi að það hefði verið léttara að skrifa fyrir oddatölu, t.d. ef þetta hefðu verið þrjár persónur eða jafnvel fimm. Svo þegar ég var að hefjast handa fyrripart sumars í leit að lausnum, horfði ég á úrslitaleikinn á HM í fótbolta á milli Þýskalands og Argentínu og við það opnaðist ákveðinn heimur. Ég veit ekki mikið um fótbolta en tók eftir því að þegar einn leikmaður þýska liðsins skipti um stöðu, breyttist staða og valdajafnvægi allra hinna í liðinu líka, samkvæmt einhverju dularfullu kerfi sem minnti á mynsturdans. Andstæðingarnir voru meira í frjálsum spuna. Þetta opnaði fyrir mér leið inn í verkið og sýn á möguleg átök. Kynjajafnvægi kæmist á með því að láta verkið snúast um karlmann og samband kvenpersónanna við hann þrátt fyrir að hann sé ekki til staðar á leiksviðinu.“

> **Mér finnst erfitt að búa til plott og plott í raun ofmetið fyrirbæri í leikhúsi.**

### Ekkert ljós án myrkurs

„Karlmaðurinn í verkinu er látinn en nærvera hans tengir þessar fjórar konur sem eru barnsmæður hans. Í því sambandi getur fólk fundið trúarlegan streng lífgjafans en einnig ákveðna nálgun við umhverfismál og heimspólitík. Það má kannski segja að ég sé að skrifa um leitina að ljósinu en það er ekki hægt án þess að vera í myrkrinu. Það er ekkert ljós án myrkurs, ekkert líf án dauða.“

### Úr mínum höndum

„Þegar ég er búin að skrifa leikrit sleppi ég af því hendinni og leikstjóri og leikhópurinn tekur við. Ég þekki alveg mín takmörk. Ég tel líka að Stefán Jónsson hafi mjög skýra og persónulega sýn á leikhúsið og eigi að fá að vinna í friði með hópnum sem kemur að verkinu. Ég er mjög sátt við þá leið sem þau velja og held að sú staðreynd að leikstjórinn hafi labbað einn síns liðs þá fornu pílagrímsleið, Jakobsveginn, í sumar, sé mikilvæg. Auðvitað er ég með smá skrekk gagnvart viðtökunum en þetta er úr mínum höndum.“




# Ætla að koma öllum í gott skap

Litríkir tónar er yfirskrift fjölbreyttra tónleika sem kvartettinn Dísurnar heldur í Norræna húsinu á sunnudaginn ásamt Steef van Oosterhout slagverksleikara.

„Við frumflytjum verkið What the Heck? sem Jóhann G. Jóhannsson samdi fyrir okkur Dísurnar og Steef van Oosterhout slagverksleikara. Það er glænýtt og bráðskemmtilegt og kinkar kolli í átt að barokki, djassi og blúsi og danstöktum.“ Þannig byrjar Eydís Franzdóttir óbóleikari að lýsa efni tónleika sem kvartettinn Dísurnar heldur í Norræna húsinu á sunnudag klukkan 15.15.

„Þau Anna Herdís Jónsdóttir og Steef flytja líka verkið Fimm lög frá Gautlöndum sem Snorri Sigfús Birgisson vann upp úr gömlum þjóðlögum sem afasystir Herdísar Önnu söng á sínum tíma inn á band. Svo verður leikinn litríkur kvartett eftir finnska tónskáldið Rautavaara og kvikmyndatónlist Nino Rota sem Jóhann G. setti saman í eina syrpu og hefur slegið í gegn hvar sem við höfum spilað hana. Það er músík sem fólk þekkir og kemur öllum í gott skap.“



**TÓNSKÁLD OG FLYTJENDUR** Jóhann G. Jóhannsson, Bryndís Pétursdóttir, Eydís Franzdóttir, Bryndís Björgvinsdóttir, Steef van Oosterhout og Herdís Anna Jónsdóttir.

gun@frettabladid.is


NÝR 4BLS
BÆKLINGUR
ALLAR HEITUSTU GRÆJURNAR Í NÝJUM 4BLS BÆKLING
ENGIN VÖRUGJÖLD OG ENN LÆGRA VERÐ
ENGIN VÖRUGJÖLD
2015
LÆKKUN Á ÖLLUM HÁTÖLURUM, HEYRNARTÓLUM, SKJÁVÖRPUM OG FLEIRI VÖRUM
AF ÖLLUM VÖRUM SEM ÁÐUR VORU MEÐ VÖRUGJÖLD
KEMUR Í TVEIMUR LITUM
SONICGEAR
EARPUMP
Frábær lokuð heyrnartól með innbyggðan hljóðnema, samanbrjótanlega spöng og kristaltæran hljóm!
4.990
VERÐ ÁÐUR 6.990
AUDIOBOX
THOR500
Stórlæsilegt og öflugt 40W RMS 2.1 hljóðkerfi með tæran hljóm og þéttann bassa, fjarstýring fylgir.
9.990
VERÐ ÁÐUR 14.900
ALLT AÐ 20 ÞÚSUND AFSLÁTTUR AF ACER SWITCH
acer
ACER SWITCH
Öflug og fjölhæf spjaldtölva sem breytist í fartölvu þegar henni er smellt í lyklaborðsvöggu, sem fylgir með;)
69.900
MEÐ 500GB DISK Í VÖGGU 79.900
GLEÐILEGT GRÆJUÁR:)
BYRJUM ÁRIÐ MEÐ LÁTUM • ALLAR HEITUSTU GRÆJURNAR
0% VEXTIR
2015
TÖLVUTEK
Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl
OPNUNARTÍMAR
Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00
TÖLVUTEK
Reykjavík • Hallarmúla 2 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900
acer ASUS DELL hp lenovo packard bell SAMSUNG TOSHIBA

# Silfursmíði fyrri alda og orðusafn frú Vigdísar

Fyrirlestur verður í Hönnunarsafni Íslands í kvöld um íslenska silfursmíði og á sunnudag er þar fræðsluganga með gullsmiðum.

Þór Magnússon, fyrrverandi þjóðminjavörður, sem kannað hefur íslenska silfursmíð á fyrri tíð, mun halda fyrirlestur í Hönnunarsafni Íslands í kvöld klukkan 20.

Þór mun í erindi sínu einkum fjalla um íslenska silfursmíði á 18. og 19. öld í tengslum við sýninguna Prýði, þar sem sýnd eru verk eftir íslenska gullsmiði í tilefni af 90 ára afmæli félagsins á liðnu ári. Í safninu stendur einnig yfir sýningin Ertu tilbúin frú forseti?

Á sunnudaginn klukkan 14 munu svo gullsmiðirnir Þorbergur Halldórsson og Ásmundur Kristjánsson ganga um yfirstandandi sýningar Hönnunarsafnsins í fylgd Hörpu Þórsdóttur forstöðumanns. Í spjalli þeirra verður fjallað sérstaklega um smíði hinnar íslensku fálkaorðu og orðusafn frú Vigdísar Finnbogadóttur skoðað, en Þorbergur er fálkaorðusmiður okkar Íslendinga.

Ásmundur Kristjánsson mun fjalla um búningaskart og víravirki og segja frá smíði þess og verkefnum sem fyrirtæki hans, Annríki, sinnir. - mg

➜ Fjallað verður sérstaklega um smíði hinnar íslensku fálkaorðu og orðusafn frú Vigdísar Finnbogadóttur verður skoðað.



**PRÝÐI LIÐINNA ALDA** Þór Magnússon, fyrrverandi þjóðminjavörður, flytur opinn fyrirlestur um íslenska silfursmíði. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**BOUDOIR** Söngkonurnar tíu í Boudoir, ásamt þeim Ian Wilkinson vinstra megin, Arnhildi Valgarðsdóttur í miðjunni og Julian Hewlett til hægri.

# Rómantískar perlur frá ýmsum tímum

Tónleikar sönghópsins Boudoir og hljómsveitar Julians Hewlett annað kvöld nefnast Rómó á Rósenberg.

„Þetta er í fyrsta skipti sem við höldum tónleika með þessu sniði. Hingað til höfum við bara verið í klassíkinni en nú tökum við vinsælar dægurlagaperlur allt frá árunum 1950-60 til dagsins í dag," segir Kristín R. Sigurðardóttir um tónleikana Rómó á Rósenberg sem verða á Café Rósenberg annað kvöld, föstudaginn 16. janúar, klukkan 22. Hún nefnir víðfræg lög eins og Crazy, Saving all my love for you, My heart will go on og Bæn mín eina er. „Við stingum inn einu og einu klassísku, sem kannski töldust til dægurlaga á sínum tíma, en hafa nú klassískt yfirbragð, eins og Volare! Svo erum við með lög úr söngleikjum, til dæmis úr Vesalingunum." Kristín er ein kvennanna í sönghópnum Boudoir sem allar eiga það sameiginlegt að vera söngllærðar og flestar starfandi söng- eða tónlistarkonur.

Julian Hewlett stjórnar hópnum og leikur líka á hljómborð, auk hans leika Ian Wilkinson á básúnu, barítonhorn og túbu, Steina Ólafsdóttir saxófónleikari og Arnhildur Valgarðsdóttir klarínettuleikari sem syngur líka með sönghópnum inn á milli. Einsöngvarar á tónleikunum eru Erla Berglind Einarsdóttir, Vilborg Birna Helgadóttir, Bryndís Guðnadóttir, Ragnhildur Þórhallsdóttir, Ian Wilkinson, Rós Ingadóttir og Kristín R. Sigurðardóttir.

Miðar eru seldir á Café Rosenberg að Klapparstíg 27, eftir klukkan 15 á daginn. Miðaverð er 2.500 en 4.000 krónur kostar fyrir þör. - gun

LÖGFRÆÐIAÐSTOÐ
ORATORS
- félag laganema við Háskóla Ísland

Endurgjaldslaus lögfræðiaðstoð fimmtudaga milli 19:30 – 22:00 í síma 551-1012.

MINNINGARSJÓÐUR JPJ

STYRKUR TIL TÓNLISTARNÁMS

**Minningarsjóður um Jean Pierre Jacquillat**, fyrrum aðalstjórnanda Sinfóníuhljómsveitar Íslands, mun á þessu ári veita efnilegum tónlistarmanni styrk til framhaldsnáms erlendis á skólaárinu 2015-2016.

Veittur er einn styrkur að upphæð **1.250.000** kr.

Umsóknir, með upplýsingum um námsferil og framtíðaráform, sendist fyrir **1. mars** nk. til formanns sjóðsins:

**Halldór Friðrik Þorsteinsson**
**Pósthólf 8444,**
**128 Reykjavík.**

Umsóknum fylgi hljóðritanir, raddskrár frumsaminna verka eða önnur gögn sem sýna hæfni umsækjenda.

www.minningarsjodur-jpj.is

# Sýnir plötuumslög og Nice N Sleazy-plaköt

Hrafnhildur Halldórsdóttir opnar einkasýningu í The Lighthouse í Glasgow sem er aðalmiðstöð borgarinnar fyrir hönnun og arkitektúr.

Hrafnhildur Halldórsdóttir myndlistarkona hefur búið og starfað í Glasgow frá 1998 þegar hún hóf nám við Glasgow School of Art. Hún lauk BA-gráðu í myndlist árið 2001 og Master of Fine Art frá sama skóla 2007. Hrafnhildur á að baki fjölda einkasýninga, m.a. í Glasgow, Berlín, Kaupmannahöfn, Gautaborg og víðar auk samsýninga. Auk þess að vinna að myndlistinni hefur Hrafnhildur einnig starfað sem plötusnúður og grafískur hönnuður. Hrafnhildur opnar í dag einkasýningu í Lighthouse í Glasgow þar sem hún sýnir plaköt og plötuumslög sem hún hefur hannað á síðustu árum.

„Ég hef alltaf haft áhuga á tónlist, held því stundum fram að ég viti meira um tónlist en myndlist, en hef samt aldrei haft áhuga á að búa til tónlist. Tónlistin er mér nauðsynleg í minni vinnu því ég bókstaflega get ekki unnið án þess að hlusta. Orkan og afstaðan í tónlistinni skapa oft stemninguna í verkum mínum án þess að vera svo til staðar í lokaútgáfunni. Það tók tíma að fatta að ég vildi fara út í myndlist, en það var meira spurning um sjálfstraust en annað því ég hef alltaf verið mjög myndræn að eðlisfari. Margir vina minna eru tónlistarfólk og ég gerði mín fyrstu plötuumslög fyrir dönsku listakonuna Jomi Massage árið 2004 en skömmu síðar fór ég að vinna sem plötusnúður á stað sem kallast Nice N Sleazy og þar tók ég líka að mér viðburðaplakötin."



**TÓNLISTIN ER MÉR NAUÐSYNLEG** Hrafnhildur Halldórsdóttir myndlistarkona opnar sýningu í Glasgow í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/MYND ÚR EINKASAFNI

**Erfitt en gefandi að hitta í mark**

„Fyrir mér var þessi hönnun skemmtileg tilbreyting frá minni myndlistarvinnu. Það er ákveðið frelsi í því að vinna með svona tímabundna miðlun eins og plakatið. Ég nota lánaðar og fundnar myndir af internetinu eða úr bókum og þarf ekki að hafa of miklar áhyggjur af túlkun, hef bara gaman af og get flippað smá. Við plötuumslögin er gaman að geta unnið með fólki og að því að finna það sem því finnst passa best við sitt listaverk, nefnilega tónlistina. Oft veit fólk ekki hvað það vill fyrr en það sér eitthvað sem það vill alls ekki. Þannig að þetta getur verið langt og erfitt ferli en líka mjög gefandi þegar maður hittir í mark."




**LEIT OG LEIKUR** Hrafnhildur fer á flug í fundnu efni við plakatagerðina. FRÉTTABLAÐIÐ/ MYND ÚR EINKASAFNI

**Allt í einu komið heildstætt verk**

Hugmyndin að sýningunni kom frá Selmu Hreggviðsdóttur, sem er að vinna á Lighthouse. Hún bauð mér að gera sýningu úr plakötunum, sem eru orðin yfir hundrað talsins, ásamt öðrum grafískum verkefnum sem ég hef fengist við í gegnum árin. Ég hef alltaf litið á þetta sem hliðargrein við myndlistina og hafði ekki áttað mig á hvað þetta er orðið mikið safn af verkefnum. Á sýningunni verða um 100 plaköt og 10-15 plötuumslög. Það er frábært að sjá þetta allt saman og gaman að geta litið á þetta sem heildstætt verk sem á margan hátt tengist hinni vinnunni minni, þótt útkoman líti allt öðru vísi út. Næst á dagskrá er listamannadvöl í Noregi í mars og apríl. Ég hef ekki farið í svona langa vinnudvöl síðan ég var ólétt fyrir 13 árum þannig að það verður spennandi. Kærkomið tækifæri til að einbeita sér að listinni, en ekki sinna henni með þremur hlutastörfum og mömmuhlutverkinu."



**TÓNLISTARMENN VITA HVAÐ ÞEIR VILJA EKKI** Segir Hrafnhildur um plötuumslögin. FRÉTTABLAÐIÐ/ MYND ÚR EINKASAFNI




**Higher Nature - hágæða bætiefnalína**
Fyrir vandláta.






**Guli miðinn**
Hugsaðu um heilsuna allan ársins hring.

# BÆTIEFNA-TILBOÐ!

TILBOÐIN GILDA 6.–20. JANÚAR




**Terranova - hámarks vellíðan!**
Bætiefni framtíðar án allra aukefna
– eingöngu vítamín og jurtir.




**Solaray**
Fyrir þá sem vilja
gæði og virkni.




**Udo's olía**
**- smurning**
**fyrir líkamann**
Engin bragðefni eða
önnur aukefni.




**Animal Parade - tuggutöflur sem bæta og kæta!**
Barnavítamín fyrir þá sem þér
þykir vænst um.




**Spirutein**
Að borða prótein getur hjálpað
þér við að léttast með því að auka
efnaskiptahraða og draga úr matarlyst.
Margar bragðtegundir - hentugt að
grípa með sér.



SVARIÐ BÝR Í NÁTTÚRUNNI

Heilsuhúsið
1979

LAUGAVEGI LÁGMÚLA KRINGLUNNI SMÁRATORGI SELFOSSI AKUREYRI NETVERSLUN HEILSUHUSID.IS

# FIMMTUDAGUR

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**15. JANÚAR**

### Tónleikar

**19.30** Sigurvegarar keppninnar Ungir einleikarar, Baldvin Oddsson, Erna Vala Arnardóttir, Lilja María Ásmundsdóttir og Steiney Sigurðardóttir, stíga á svið og leika einleik með Sinfóníuhljómsveit Íslands í Eldborgarsal Hörpu. Miðaverð frá 2.000 krónum.

**22.00** Magnús R. Einarsson heldur tónleika á Ob-La-Dí-Ob-La-Da, Frakkastíg 8. Aðgangur ókeypis.

**22.00** Emmsjé Gauti byrjar aftur með kvöldin Í freyðibaði sem haldin verða á Dolly einn fimmtudag í mánuði. Fyrst í freyðibað er hljómsveitin ÚlfurÚlfur.

**23.00** Hljómsveitin Fox Train Safari spilar á Dillon í kvöld. Húsið opnað klukkan 22.00. Ókeypis inn.

### Leiklist

**20.00** Aukasýning á gamanleiknum Síðbúin rannsókn eftir leikhópinn Kriðpleir í Tjarnarbíói. Miðaverð er 2.500 krónur.

**20.00** Frumsýning leikritsins Ekki hætta að anda eftir **Auði Övu Ólafsdóttur** á Litla sviðinu í Borgarleikhúsinu. Leikstýrt af Stefáni Jónssyni. Miðaverð 2.500 krónur.

### Félagsvist

**20.00** Félagsvist í Skaftfellingabúð í Reykjavík í kvöld.

### Bókmenntir

**17.15** Jón Yngvi Jóhannsson verður í Bókasafni Kópavogs í dag og talar um nýafstaðið jólabókaflóð. Umræður og spjall. Enginn aðgangseyrir.



### Uppistand

**21.00** Uppistand í Stúdentakjallaranum í kvöld í samstarfi við GOmobile. Aðgangur ókeypis.

**22.00** Tilraunauppistand á Íslenska rokkbarnum í Hafnarfirði. Nýir og óreyndir grínistar koma fram og reyndari grínistar prófa nýtt efni og halda sér í formi. Ókeypis inn.

### Tónlist

**21.00** Krystal Carma töfrar fram faldar gersemar tónlistarinnar í kjallaranum á kaffihúsinu Stofunni í kvöld.

### Fyrirlestrar

**12.00** Finnur Dellsén flytur fyrirlesturinn Tvö viðhorf til vísindalegrar þekkingar – eða eitt? Fyrirlesturinn er á vegum Heimspekistofnunar og verður fluttur í stofu G301 í Gimli, Háskóla Íslands.

**20.00** Fyrirlestur um íslenska silfursmíði í Hönnunarsafni Íslands í kvöld. Fyrirlesturinn er í tengslum við sýningu Félags Gullsmiða sem nú stendur yfir í safninu.

*Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is*







**BALDVIN ODDSSON** Ungi einleikarinn spilar á tónleikum í kvöld.

## Sigurvegarar spila í Eldborg

Sigurvegarar árlegrar keppni ungra einleikara, sem Sinfóníuhljómsveit Íslands stendur fyrir í samvinnu við Listaháskóla Íslands á hverju ári, spila í Eldborgarsal Hörpu í kvöld. Sigurvegarar eru Baldvin Oddsson, Erna Vala Arnardóttir, Lilja María Ásmundsdóttir og Steiney Sigurðardóttir og verður spennandi að sjá þau stíga á svið með Sinfóníuhljómsveit Íslands.

Keppnin er opin nemendum á háskólastigi, óháð því hvaða skóla þeir sækja, og fá þeir hlutskörpustu að leika einleik með Sinfóníuhljómsveit Íslands í Eldborgarsal Hörpu.

Hver einleikari flytur hálftímalanga dagskrá með verkum af ólíkum toga en dómnefnd keppninnar skipar tónlistarfólk í fremstu röð.

Stjórnandi tónleikanna sem verða haldnir í kvöld er norski hljómsveitarstjórinn Torodd Wigum, staðarhljómsveitarstjóri Sinfóníuhljómsveitarinnar í Þrándheimi og fyrrverandi aðstoðarhljómsveitarstjóri Fílharmóníusveitarinnar í Bergen.






# Emmsjé Gauti býður í freyðibað

Rapparinn endurvekur hipphopp-kvöldin Í freyðibaði með eftir tveggja ára hlé.

„Ég fæ til mín „artista“ sem ég hef gaman af og væri til í að fara í freyðibað með,“ segir rapparinn Emmsjé Gauti sem endurvekur hipphopp-kvöldin Í freyðibaði með Emmsjé Gauta, þar sem hann þeytir skífum og fær til sín góða gesti.

Fyrsta freyðibaðið er á Dolly í kvöld og stígur hljómsveitin Úlfur-Úlfur á svið. Hún gefur út sína fyrstu plötu á árinu og ber Gauti henni vel söguna. „Hún er geðveik. Ég er búinn að hlusta á hana og fólk má vera spennt,“ segir Gauti.

Freyðibaðskvöldin verða haldin einu sinni í mánuði og stefnir Gauti á að fá toppinn úr íslensku hipphopp-senunni til sín. „Seinast komu Skytturnar með „comeback“ eftir margra ára fjarveru og ég ætla að reyna að vera með eitthvað svipað á lokakvöldinu núna.“

Gauti frumsýnir einnig nýtt tónlistarmyndband við lagið Hafið á Vísi í dag en það er af nýrri plötu sem er væntanleg frá honum. „Ég er sjálfur að fara að gefa út plötu á árinu. Hún verður gefins og kemur ekki út í föstu formi.“

**Ég fæ alltaf til mín „artista“ sem ég hef gaman af og væri til í að fara í freyðibað með.**

Freyðibaðskvöldið hefst á skemmtistaðnum Dolly klukkan tíu í kvöld og Gauti lofar góðri stemmingu. „Það verður ekki froðudiskó en fólki er velkomið að koma með froðu í poka og hafa það kósí.“ - gló



**EMMSJÉ GAUTI** Heldur hipphopp-kvöld og frumsýnir tónlistarmyndband í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



**LISTASAFNIÐ Á AKUREYRI** Í dag verður leiðsögn um yfirlitssýningu Elísabetar Geirmundsdóttur. MYND/LISTASAFNIÐÁAKUREYRI

## Listakonan í fjörunni

Leiðsögn verður í Listasafninu á Akureyri í dag um yfirlitssýningu Elísabetar Geirmundsdóttur, Listakonan í Fjörunni.

Elísabet var fjölhæf alþýðulistakona. Hún er þekktust fyrir höggmyndir sínar en gerði einnig málverk, teikningar og myndskreytti bækur, hannaði hús og samdi bæði ljóð og lög.

Listakonan í Fjörunni er unnin í samvinnu við fjölskyldu Elísabetar og Minjasafnið á Akureyri og var opnuð um síðastliðna helgi. Guðrún Pálína Guðmundsdóttir fræðslufulltrúi og Ásgrímur Ágústsson, sonur Elísabetar, munu fræða gesti um sýninguna og einstaka verk. Leiðsögnin hefst klukkan korter yfir tólf í dag.



**KRIÐPLEIR** Ragnar Ísleifur Bragason, Friðgeir Einarsson og Árni Vilhjálmsson stíga á svið í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Síðbúin rannsókn

Aukasýningar á gamanleiknum Síðbúin rannsókn með leikhópnum Kriðpleir hefjast í kvöld.

Gamanleikurinn Síðbúin rannsókn er eins konar enduruppataka á máli Jóns Hreggviðssonar sem dæmdur var fyrir morð fyrir 330 árum.

Sýningin er þriðja leiksýningin sem leikhópurinn setur upp, en síðasta sýning hópsins var Tiny Guy, sem sýnd var í Háskóla Íslands, Mengi og á Stóra sviði Borgarleikhússins.

Friðgeir Einarsson og Bjarni Jónsson leikstýrðu verkinu en sá fyrrnefndi stígur einnig á svið ásamt þeim Ragnari Ísleifi Bragasyni og Árna Vilhjálmssyni.

Aukasýningarnar verða þrjár talsins. Sú fyrsta í kvöld og þær næstu þann 22. og 25. janúar. Sýningarnar verða í Tjarnarbíói og hefjast klukkan átta.




## AFMÆLISBARN DAGSINS



**50 ára James Nesbitt** leikari
**Þekktur fyrir** Murphy's Law

## BÍÓFRÉTTIR

### Hleypur í skarðið

Komin er út stikla úr myndinni Spy þar sem þær Melissa McCarthy og Rose Byrne úr Bridesmaids eru á meðal leikara. Leikstjóri, handritshöfundur og framleiðandi er Paul Feig, sem var einmitt maðurinn á bak við Bridesmaids. Í Spy neyðist persóna McCarthy, CIA-starfsmaðurinn Susan Cooper, til að hlaupa í skarðið fyrir njósnarana Jason Statham og Jude Law. Myndin kemur út í maí á vegum kvikmyndaversins 20th Century Fox.



## FRUMSÝNINGAR



**Blackhat**
**Spennumynd**
**Helstu hlutverk:** Chris Hemsworth, Viola Davis og William Mapother
IMDb 5,6/10 Rotten Tomatoes 50%



**The Wedding Ringer**
**Gamanmynd**
**Helstu hlutverk:** Kevin Hart, Josh Gad og Kaley Cuoco-Sweeting
IMDb 6,7/10



**Paddington**
**Ævintýramynd**
**Helstu leikarar:** Hugh Bonneville, Sally Hawkins og Julie Walters
IMDb 7,6/10 Rotten Tomatoes 96%



**THE DAWN OF THE PLANET OF THE APES** Sesar og félagar fengu fimm tilnefningar til VES-verðlaunanna.

# Apaplánetan fékk flestar tilnefningar

VES-brelluverðlaunin verða afhent í byrjun febrúar.

Kvikmyndin Dawn of the Planet of the Apes fékk flestar tilnefningar til þrettándu VES-verðlaunanna sem verða afhent á Beverly Hilton hótelinu 4. febrúar, eða fimm talsins.

Það er Félag tæknibrellna í Bandaríkjunum, Visual Effects Society, sem stendur fyrir verðlaununum. Tvær af tilnefningunum voru fyrir apana í myndinni, auk þess sem myndin fékk m.a. eina tilnefningu fyrir kvikmyndatöku í sýndarveruleika og aðra fyrir tæknibrellur, líkt og veitt eru verðlaun fyrir á Óskarsverðlaununum.

Aðrar myndir sem voru tilnefndar í tæknibrelluflokknum voru Guardians of the Galaxy, Interstellar, Maleficent, The Hobbit: The Battle of the Five Armies og X-Men: Days of Future Passed. Allar þessar myndir eru á lista yfir þær sem eiga möguleika á Óskarstilnefningum, sem verða tilkynntar í dag. Þær myndir sem fengu tilnefningar í aðstoðar-brelluflokki voru Birdman, Divergent, The Grand Budapest Hotel, The Imitation Game og Unbroken.

Teiknimyndirnar sem fengu eftirtaldar myndir margar tilnefningar: Big Hero 6, How to Train Your Dragon 2, The Boxtrolls, The Lego Movie og Rio 2.

Í sjónvarpsflokki voru tilnefndir þættirnir American Horror Story: Freak Show, Game of Thrones, The Knick, Black Sails og Penny Dreadful.

### ➜ Tilnefndar í tæknibrelluflokki

- Dawn of the Planet of the Apes
- Guardians of the Galaxy
- Interstellar
- Maleficent
- The Hobbit: The Battle of the Five Armies
- X-Men: Days of Future Past

# Íraksmyndir oft með litla aðsókn vestanhafs

Kvikmyndum sem gerast í Íraksstríðinu hefur hingað til gengið heldur illa í miðasölu vestanhafs. American Sniper gæti verið undantekningin frá reglunni.

Í Hollywood hafa fáir viljað segja sögur úr Íraksstríðinu og jafnvel enn færri hafa viljað heyra þær. Bradley Cooper leikur aðalhlutverkið í American Sniper, sem er að koma í bíó hérlendis, í leikstjórn Clints Eastwood. Hún er byggð á sjálfsævisögu Chris Kyle sem nefnist American Sniper: The Autobiography of the Most Lethal Sniper in U.S. Military History. Bradley Cooper leikur aðalhlutverkið.

Eins og nafnið gefur til kynna fjallar myndin um leyniskyttu í bandaríska hernum, sem hélt því fram í bók sinni að hann hefði drepið meira en 255 manns í Íraksstríðinu.

Hingað til hafa myndir sem gerast í Íraksstríðinu verið heldur illa sóttar í Bandaríkjunum og óvíst er hvort American Sniper nái betri árangri en forverar hennar. Engu máli virðist skipta þótt myndirnar fái góða dóma eða séu hlaðnar verðlaunum, bandarískur almenningur virðist einfaldlega ekki hafa nógu mikinn áhuga.

Síðan herlið George W. Bush steig fyrst fæti á íraska jörð fyrir tólf árum hafa frekar fáar Hollywood-myndir verið gerðar sem fjalla um stríðið. Í umfjöllun á vefsíðu Guardian eru nefndar fjölbreyttar myndir á borð við Redacted, Body of Lies, The Messenger og In the Valley of Elah, sem öllum gekk illa í miðasölunni vestanhafs þrátt fyrir stjörnur í helstu hlutverkum og góða dóma.

Einu undantekningarnar hafa verið Green Zone með Matt Damon í aðalhlutverki og The Hurt Locker, sem fékk sex Óskarsverðlaun árið 2010. Þær slógu samt síður en svo í gegn í miðasölunni.



**AMERICAN SNIPER** Bradley Cooper leikur leyniskyttuna Chris Kyle í kvikmyndinni American Sniper.

Green Zone gerði betur en flestar aðrar Íraksmyndir en tekjurnar á heimsvísu náðu samt ekki að dekka framleiðslukostnaðinn. The Hurt Locker er jafnframt tekjulægsta mynd allra tíma sem hefur unnið Óskarinn sem besta myndin, þegar verðbólga hefur verið tekin með í reikninginn.

American Sniper gæti brotist út úr þessari hefð. Myndinni hefur vegnað vel í miðasölunni í Bandaríkjunum síðan byrjað var að sýna hana í takmörkuðum fjölda kvikmyndahúsa. Nú þegar hún verður frumsýnd víðs vegar um landið og víða um heim er aldrei að vita hvað gerist. Eitt af því sem gæti hjálpað henni er að skautað er fram hjá stjórnmálum í myndinni, sem er formúla sem gafst ágætlega með The Hurt Locker. freyr@frettabladid.is

> ➜ Engu máli virðist skipta þótt myndirnar fái góða dóma eða séu hlaðnar verðlaunum, bandarískur almenningur virðist einfaldlega ekki hafa nógu mikinn áhuga.







Brandenburg

# HEIÐURSTÓNLEIKAR Í HÁSKÓLABÍÓ 28. MARS KL. 19:30

**Bandaríska hljómsveitin Guns N' Roses fagnar 30 ára starfsafmæli á árinu en hún er ein ástsælasta rokkhljómsveit sögunnar og hefur selt tugi milljóna platna um allan heim. Meðal þekktustu laga sveitarinnar eru Welcome to the Jungle, Sweet Child o' Mine, Paradise City og November Rain. Það verður sannkölluð rokkveisla þegar öll frægustu og bestu lög Guns N' Roses verða flutt á stóra sviði Háskólabíós. Þessu vilt þú alls ekki missa af.**

**Miðasala hefst 16. janúar á midi.is.**
**Miðaverð: 7.990 kr.**

Af hverjum seldum miða renna 500 kr. til styrktar Mottumars.

**Söngur:** Stefán Jakobsson (Dimma), Jenni (Brain Police) Snorri Snorrason og Arnar Friðriksson
**Bakraddir:** Erna Hrönn og Stefanía Svavarsdóttir

**Hljómsveit:**
**Gítar:** Andri Ívarsson, Einar Þór Jóhannsson og Franz Gunnarsson
**Trommur:** Þórhallur Stefánsson
**Bassi:** Jón Svanur Sveinsson
**Hljómborð:** Valdimar Kristjónsson
**Tónlistarstjórn:** Þórir Úlfarsson og Franz Gunnarsson

DÆGURFLUGAN

MOTTU MARS

# LÍFIÐ

## TÍST VIKUNNAR FACEBOOK, SNAPCHAT OG SAMRÆÐUR Á HVOLFI



**Erna Hreinsdóttir** @ernahreins
Átti samtal við konu áðan er ég hékk á hvolfi, sömuleiðis hún. Það var gaman og ég mæli með því.



**Þorsteinn Guðmundsson** @ThorsteinnGud
Ekkert vandræðalegt við það að taka óvart One Direction handklæðið með sér í ræktina.



**Salka Sól Eyfeld** @salkadelasol
Er þetta Ásgeir í tölvulistanum sem er á nova snapinu?



**Hrafn Jónsson** @hrafnjonsson
Er 116 frá því að eiga fleiri followera en Facebookvini. Þegar það kemur get ég loksins yfirgefið það miðaldra, fúla, sökkvandi hvalskip.



**Berglind Festival** @ergblind
ef ég væri módel væri ég örugglega líka alltaf að skipta um prófílmynd.





3ja rétta seðill
5.900.-

HUMARSÚPA
rjómalöguð, með Madeira og grilluðum humarhölum

VELDU ÞÉR AÐALRÉTT

FISKUR DAGSINS
ferskasti fiskurinn hverju sinni, útfærður af matreiðslumönnum Perlunnar

eða

NAUTALUND
með laukkremi, gulrót, sveppum, kartöfluflani, svínasíðu og Bourguinon sósu

SÚKKULAÐI MÚS
með kókos, skyri og hvítu súkkulaði, hafra mulningi, möndlukexi og bláberjasorbet

4ra rétta á 7.390.-

PERLAN
Veitingahúsið Perlan
S:5620200
perlan@perlan.is
www.perlan.is

Servida BESTA · FRONTERA · Globus · LINDSAY · Kjötsmiðjan · SS · PERLUKAUP · Lambhagi · Ísfugl · Humarsalan · GuðjónÓ · Icepack · Garri · Danól · Ekran · SJÓFISKUR · Kaffitár · BAKKUS · FASTUS · Gull · SÓLARFILMA




**AÐALLEIKARARNIR** Theódór Júlíusson og Sigurður Sigurjónsson fá nú loksins að raka sig. MYND/BRYNJAR SNÆR ÞRASTARSON

# Kindurnar ættu að fá Edduna fyrir leik sinn

**Tökum á kvikmyndinni Hrútum eftir Grím Hákonarson lauk síðastliðna helgi. Snjóleysi setti strik í reikninginn en veðurguðirnir bættu það upp á ýmsa vegu.**

„Við vorum að klára tökur á sunnudaginn, þannig að það má segja að tökurnar hafi dregist aðeins á langinn,“ segir Grímur Hákonarson, leikstjóri kvikmyndarinnar Hrúta.

Tökur á myndinni hafa staðið frá því síðastliðið sumar, með pásum þó þar sem hún gerist bæði að vetrar- og sumarlagi. „Við ætluðum að reyna að klára í nóvember en þá fór snjórinn í Bárðardal og það kom hitabylgja. Þetta var heitasti nóvember frá upphafi mælinga,“ segir Grímur og hlær.

Hann segir jafnframt að tökurnar á Hrútum hafi gengið tiltölulega áfallalaust fyrir sig og að veðurguðirnir hafi á endanum bætt þeim snjóleysið upp. „Veðurguðirnir létu okkur fá óveður, snjó og rok á réttum stöðum, þannig að þetta bjargaðist.“

Sigurður Sigurjónsson og Theodór Júlíusson leika aðalhlutverkin í myndinni, bræður sem hafa ekki talast við í fjölda ára en búa á samliggjandi sveitabæjum. Þeir þurftu báðir að safna skeggi í langan tíma. „Þeir fá nú loksins að klippa skeggið. Þeir eru búnir að vera með skeggið í ár en mér finnst skeggið fara þeim mjög vel,“ bætir Grímur við.

Aðrir leikarar í myndinni eru þau Þorleifur Einarsson, Gunnar Jónsson, Charlotte Bøving, Sveinn Ólafur Gunnarsson og Jón Benónýsson, ásamt fleirum. „Jón Benónýsson er áhugaleikari og íþróttakennari frá Laugum, alvöru sveitamaður. Hann leikur hreppstjórann í sveitinni sem er mjög skemmtilegur karakter. Jón er einn af þeim leikurum sem við fundum fyrir norðan og fer á kostum í myndinni,“ segir Grímur.




**GEKK VEL** Grímur Hákonarson, leikstjóri kvikmyndarinnar Hrúta, gerir ráð fyrir að myndin verði frumsýnd í lok ágúst. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Þá vill hann meina að kindurnar sem fram koma í myndinni ættu að fá Edduna fyrir leik sinn. „Það þyrfti að búa til sér verðlaunaflokk fyrir dýrin í myndunum, þau voru að standa sig mjög vel.“

Grímur segir að allir sem komu að gerð myndarinnar hafi staðið sig mjög vel. „Kvikmyndagerð er hópvinna og ég tel mig hafa verið mjög heppinn með samstarfsfólk í Hrútum“.

Hann skrifaði handritið að Hrútum og byggir söguna á reynslu sinni af lífinu í sveitinni. „Þetta er stærsta myndin mín, ég setti blóð, svita og tár í þetta. Handritið er byggt á reynslu minni af bændum og sveitalífinu, ég var mikið í sveit þegar ég var ungur og þetta eru hugmyndir héðan og þaðan,“ bætir Grímur við. Áður hefur hann gert um tíu myndir. Þetta er hans önnur mynd í fullri lengd, hin er Sumarlandið frá árinu 2010.

Grímar Jónsson hjá Netop Films framleiðir Hrúta en gert er ráð fyrir að frumsýna myndina undir lok ágústmánaðar.

gunnarleo@frettabladid.is


Stöð 2 – heimili HBO á Íslandi
HBO®
©2015 Home Box Office, Inc. All rights reserved. HBO® and all related programs are the property of Home Box Office, Inc.
Fáðu þér áskrift!
365.IS

# Transformers ein sú versta á síðasta ári

Fjórða kvikmyndin í Transformers-seríunni hlaut fimm tilnefningar til Razzies-skammarverðlaunanna.

Razzies-verðlaunin verða veitt í þrítugasta og fimmta sinn í febrúar en listi yfir tilnefningar hefur verið birtur. Razzies-verðlaunahátíðin, eða The Golden Raspberry Awards, snýst um að vekja athygli á verstu myndum síðustu tólf mánaða.

Fjórða kvikmyndin í Transformers-seríunni er hlutskörpust að þessu sinni þegar kemur að tilnefningum. Myndin fær alls sjö tilnefningar, meðal annars sem versta myndin og fyrir versta handritið.

Gamanmyndin um stökkbreyttu skjaldbökurnar, Teenage Mutant Ninja Turtles, fær fimm tilnefningar, sem hljóta að vera vonbrigði á þeim bænum.

### HLUTI AF TILNEFNINGUNUM

**Versta myndin**
**Kirk Cameron's Saving Christmas**
**Left Behind**
**The Legend of Hercules**
**Teenage Mutant Ninja Turtles**
**Transformers: Age of Extinction**

**Versti leikari í aðalhlutverki**
**Kirk Cameron,** Kirk Cameron's Saving *Christmas*
**Nicolas Cage,** Left Behind
**Kellan Lutz,** The Legend of Hercules
**Seth MacFarlane,** A Million Ways to Die in the West
**Adam Sandler,** Blended

**Versti leikari í aukahlutverki**
**Mel Gibson,** The Expendables 3
**Kelsey Grammer,** The Expendables 3, Legends of Oz, Think Like a Man Too, Transformers: Age of Extinction
**Shaquille O'Neal,** Blended
**Arnold Schwarzenegger,** The Expendables 3
**Kiefer Sutherland,** Pompeii

**Versta leikkona í aðalhlutverki**
**Drew Barrymore,** Blended
**Cameron Diaz,** The Other Woman, Sex Tape
**Melissa McCarthy,** Tammy
**Charlize Theron,** A Million Ways to Die in the West
**Gaia Weiss,** The Legend of Hercules



**TRANSFORMERS 4** Fjórða myndin í Transformers-seríunni hlaut flestar tilnefningar.




# Samdi samstöðulag í diskóstíl fyrir lækna

Tónlistarmaðurinn og hjartalæknirinn Helgi Júlíus hefur samið nýtt lag sem verður frumflutt á tónleikum Tónelskra lækna sem verða á Café Rosenberg í kvöld.

„Þetta er meinleysislegur texti. Ég passa mig á því að móðga engan," segir Helgi Júlíus Óskarsson.

Hann hefur samið lag í tilefni af læknadeilunni sem nýverið leystist eftir langar samningaviðræður og fjölmörg verkföll. Það verður frumflutt á tónleikum Tónelskra lækna á Café Rosenberg í kvöld. Kristín Leifsdóttir, barnalæknir við Landspítalann, syngur lagið, sem er eins konar samstöðulag íslenskra lækna og fjallar um það hversu freistandi það getur verið fyrir þá að starfa erlendis frekar en heima á Íslandi, bæði vegna launamunar og aðstöðuleysis.

Sjálfur starfaði Helgi sem hjartalæknir í 25 ár í Bandaríkjunum en flutti heim til Íslands árið 2012. „Þetta var kannski hluti af því af hverju ég var úti í 25 ár en ekki fimm. Ég fann þefinn af þessu sjálfur fyrir 25 árum. Þetta er ekki alveg nýtt að íslenskir læknar eru að fórna einhverju fyrir að koma heim en fórnirnar eru að verða stærri og stærri núna. Bæði er launamunurinn meiri en oft áður en það sem er kannski alvarlegast er aðstöðumunurinn," segir Helgi Júlíus. „Ef þú ferð út og menntar þig sem krabbameins- eða hjartalækni og kemur svo heim hefurðu ekkert í höndunum sem þú ert búinn að vinna með." Hann tekur þó fram að hann sé mjög ánægður með að samningar hafi náðst í læknadeilunni.

Að sögn Helga Júlíusar er nýja lagið hans í diskóbúningi en hann hefur spreytt sig á mörgum tónlistarstílum undanfarin ár, þar á meðal þjóðlögum, reggí og blús. Eitt vinsælasta lagið hans er einmitt reggílagið Stöndum saman, sem fjallaði um eftirköst bankahrunsins og var sungið af Valdimar Guðmundssyni.

„Ég veit ekki af hverju en það kom bara allt í einu einhver diskólína upp í mér, þannig að þetta verður flutt í hálfgerðum diskóstíl," segir Helgi Júlíus, sem gaf fyrir jól út plötuna Crossroads. Tvö lög á henni syngur læknirinn Haukur Heiðar Hauksson úr Diktu, auk þess sem sálfræðineminn Árný Árnadóttir syngur fjögur lög. Hún kemur einnig fram á tónleikunum í kvöld, auk Helga, Sveins Rúnars, Ragnars Daníelssonar, Hróðmars H. Helgasonar og Michaels Clausen. Tónleikarnir hefjast kl. 21 og aðgangseyrir er 1.000 krónur. freyr@frettabladid.is



**HELGI JÚLÍUS ÓSKARSSON** Tónlistarmaðurinn og hjartalæknirinn segir að textinn við lagið sé meinleysislegur og ætti ekki að móðga neinn. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## 08.01.2015 → 14.01.2015





### LAGALISTINN

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1 | ▶ | **Mark Ronson/Bruno Mars** | **Uptown Funk** |
| 2 | ▲ | Sam Smith | *Like I Can* |
| 3 | ▼ | Amabadama | *Gaia* |
| 4 | ▲ | Hozier | *Take Me to Church* |
| 5 | ▼ | Ásgeir Trausti | *Stormurinn* |
| 6 | ▲ | Ed Sheeran | *Thinking Out Loud* |
| 7 | ▼ | Meghan Trainor | *Lips Are Movin* |
| 8 | ▲ | Valdimar | *Ryðgaður dans* |
| 9 | ▲ | Jón Jónsson | *Gefðu allt sem þú átt* |
| 10 | ▼ | Tom Odell | *Real Love* |

### TÓNLISTINN

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1 | ▲ | **Ýmsir** | **This Is Icelandic Indie Music Vol. 1 & 2** |
| 2 | * | Ýmsir | *This Is Icelandic Indie Music Vol. 2* |
| 3 | * | Ýmsir | *Icelandic Folksongs & Other Favorites* |
| 4 | ▲ | AmabAdamA | *Heyrðu mig nú* |
| 5 | ▼ | Mammút | *Komdu til mín svarta systir* |
| 6 | ▲ | Ýmsir | *This Is Icelandic Indie Music* |
| 7 | * | GusGus | *Mexico* |
| 8 | * | Ýmsir | *Óskalög þjóðarinnar* |
| 9 | * | Ásgeir Trausti | *Dýrð í dauðaþögn/In the Silence* |
| 10 | ▼ | Samaris | *Silkidrangar* |

**Skýringar** ▶ Stendur í stað síðan í síðustu viku ▼ Fellur um sæti síðan í síðustu viku ▲ Hækkar á lista síðan í síðustu viku * Nýtt á lista

Listarnir eru teknir saman fyrir Félag hljómplötuframleiðenda. **Pátttakendur í Lagalistanum** Bylgjan, FM957, Xið 977, Rás 2 og K100,5. Auk þess er tekið mið af sölu og spilun á Tónlist.is og spilun á Spotify. **Verslanir í Tónlistanum** Skífan, Hagkaup, Penninn/Eymundsson, 12 tónar, Harpa, Smekkleysa plötubúð, Elko, Samkaup, Kaupfélag Skagfirðinga, Lucky Records, Vefverslun Record Records, N1 og tonlist.is


Afsláttur gildir dagana 15.–23. janúar 2015
SUNDAY SÓFI
með færanlegri tungu
25% afsláttur
áður 179.900,-
nú 134.925,-
25% AFSLÁTTUR
2 Litir:
Dökkgrár
& ljósgrár
SÓFINN
ER MEÐ FÆRANLEGRI TUNGU
Almeria kommóða.
Stærð: 66x39xH67 cm.
Áður: 49.900,- NÚ: 29.940,-
Kitee kollur/skemill. Stærð: 40x40 cm.
Áður: 14.900,- NÚ: 5.960,-
40% AFSLÁTTUR
60% AFSLÁTTUR
Noir kommóða
með 2 skúffum
Stærð: 90x50xH82 cm.
Áður: 99.900,- NÚ: 59.940,-
30–60% AFSLÁTTUR
AF SÝNINGAREINTÖKUM
3 FYRIR 2
AF PÚÐUM
3 FYRIR 2 AF KERTUM & SNYRTIVÖRUM
NÚ GETUR ÞÚ (LÍKA)
VERSLAÐ Á NETINU
Í NÝRRI VEFVERSLUN
Á PIER.IS
the PIER
Valdar kistur á 50% afslætti. Verð frá 4.950,- með afslætti
Smáratorgi 522 7860 • Korputorgi 522 7870 • Glerártorgi 522 7880
Erum á Facebook • www.pier.is

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ







SMÁRABÍÓ 5%

| | | |
|---|---|---|
| TAKEN 3 | KL. 5.30 - 8 - 10.15 | 16 |
| TAKEN 3 LÚXUS | KL. 10 | 16 |
| THE HOBBIT 3 3D 48R | KL. 5 – 7 - 10 | 12 |
| THE HOBBIT 3 LÚXUS 3D 48R | KL. 7 | 12 |
| NIGHT AT THE MUSEUM 3 | KL. 3.30 - 5.45 - 8 | L |
| MOCKINGJAY - PART 1 | KL. 10.15 | 12 |
| MÖRGÆSIR ÍSL TAL 2D | KL. 4.30 | L |

HÁSKÓLABÍÓ 5%

| | | |
|---|---|---|
| TAKEN 3 | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 16 |
| UNBROKEN | KL. 6 - 9 | 16 |
| THE HOBBIT 3 3D | KL. 6 – 9 | 12 |
| NIGHT AT THE MUSEUM 3 | KL. 5.30 - 8 | L |
| MOCKINGJAY– PART 1 | KL. 10.15 | 12 |

LAUGARÁS BÍÓ — ÞÚ FÆRÐ Coca-Cola Í LAUGARÁSBÍÓI




| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| TAKEN 3 | 8, 10:20 | 16 |
| HOBBIT 3 3D | 7 | 12 |
| HOBBIT 3 3D (48R) | 9 | 12 |
| BIG HERO 6 2D | 5:50 | L |
| NIGHTCRAWLER | 10 | 16 |

SAMBÍÓIN

FORSÝND Í KVÖLD







SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | |
|---|---|
| AMERICAN SNIPER | KL. 8 |
| AMERICAN SNIPER VIP | KL. 8:30 |
| A MOST WANTED MAN | KL. 8 |
| UNBROKEN | KL. 5 - 8 - 10:30 |
| THE HOBBIT 3D | KL. 5 - 8 |
| THE HOBBIT 2D | KL. 5 |
| THE HOBBIT 2D VIP | KL. 5:30 |
| HORRIBLE BOSSES 2 | KL. 5:40 - 8 |
| BIG HERO 6 ÍSL TAL 2D | KL. 5:40 |
| INTERSTELLAR | KL. 10:20 |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | |
|---|---|
| AMERICAN SNIPER | KL. 8 |
| TAKEN 3 | KL. 5:30 - 8 - 10:45 |
| A MOST WANTED MAN | KL. 10:30 |
| LOVE, ROSIE | KL. 5:30 |
| HORRIBLE BOSSES 2 | KL. 5:30 - 8 - 10:30 |
| BIG HERO 6 ÍSL TAL 2D | KL. 5:30 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI

| | |
|---|---|
| AMERICAN SNIPER | KL. 9 |
| A MOST WANTED MAN | KL. 5:30 - 8 - 10:30 |
| UNBROKEN | KL. 6 |
| LOVE, ROSIE | KL. 8 - 10:20 |
| BIG HERO 6 ENSKT TAL 2D | KL. 5:40 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | |
|---|---|
| AMERICAN SNIPER | KL. 8 |
| TAKEN 3 | KL. 8 - 10:40 |
| THE HOBBIT 2D | KL. 10.20 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | |
|---|---|
| AMERICAN SNIPER | KL. 8 |
| A MOST WANTED MAN | KL. 8 |
| UNBROKEN | KL. 10:45 |
| LOVE, ROSIE | KL. 5:40 |
| HORRIBLE BOSSES 2 | KL. 10:30 |
| BIG HERO 6 ÍSL TAL 3D | KL. 5:40 |

SAMbio.is




**BJÖRK** Næsta plata kemur í mars.

## Björk gefur út Vulnicura

Næsta plata Bjarkar kemur út í mars og nefnist Vulnicura. Þetta tilkynnti hún á Facebook-síðu sinni. Níu lög verða á plötunni, þar á meðal Stonemikler, Lionsong, Atom Dance og Quicksand.

Eins og áður hefur komið fram verða upptökustjórar Arca, sem hefur unnið með Kanye West og FKA Twigs, og The Haxan Cloak. Sex af lögunum á plötunni samdi Björk ein, tvö með Arca og eitt með John Flynn. Söngkonan annaðist sjálf strengjaútsetningar.

Björk gaf síðast út Biophiliu árið 2011 með tilheyrandi appi. sem vakti mikla athygli.

# Virðingin og viskan

**BAKÞANKAR**
Frosta Logasonar



Snemma á lífsleiðinni var mér kennd sú göfuga dyggð að bera alltaf virðingu fyrir þeim sem mér væru eldri. Þetta er auðvitað mjög góð regla sem reyndist mér fullkomlega eðlilegt að fara eftir lengstum framan af. Þeir sem voru eldri en ég voru yfirleitt bæði lífsreyndari og gáfaðri þannig að ég gat ekki annað en borið virðingu fyrir slíku fólki.

**Á UNGLINGSÁRUNUM** kom það svo stundum fyrir að ég gleymdi þessari ágætu reglu. Aukið flæði hormóna og hið svokallaða gelgjuskeið villti mig tímabundið af leið góðra siða og kurteisi. Ég gat þá stundum staðið sjálfan mig að því að rífa kjaft við kennara og annað fólk sem átti að hafa vit fyrir mér. Ég er ekkert sérlega stoltur af því tímabili í lífi mínu.

**Í FYRRAKVÖLD** var ég svo minntur hressilega á þessa göfugu dyggð þegar ég horfði á virðulegan og fullorðinn þingmann íslensku þjóðarinnar tjá sig í Kastljósi Ríkissjónvarpsins. Þar stóð hún holdi klædd, þessi lífsreynsla og viska eldri kynslóðarinnar sem réttilega kallaði á skilyrðislausa athygli mína og virðingu. Þingmaðurinn veraldarvani talaði af djúpri þekkingu um flókin viðfangsefni líðandi stundar og sýndi þar að það eru ekki bara einhverjir vitleysingar sem komast inn á Alþingi. Fyrr í vikunni hafði sami þingmaður sett fram áhugaverða hugleiðingu á Facebook-síðu sinni. Hann spurði: „Hefur bakgrunnur þeirra 1.500 múslima sem búa á Íslandi verið kannaður og hvort einhverjir „íslenskir múslimar“ hafi farið í þjálfunarbúðir hryðjuverkamanna eða barist í Afganistan, Sýrlandi eða öðrum löndum þar sem öld ríkir meðal múslima?“

**EFTIR** að fjölmargir höfðu orðið til þess að benda þingmanninum á að slíkar hugmyndir myndu sennilega ekki standast íslensk lög og að þær gengju einfaldlega þvert á ýmis grundvallarlýðræðisgildi, sem við höfum hingað til sammælst um að byggja samfélag okkar á, mátaði hann andstæðinga sína með úthugsuðu andsvari.

**ÞÁ TÓK** hann nefnilega fram að skýran greinarmun verði að gera á múslimum annars vegar og múslimistum hins vegar. Það væri auðvitað fólkið sem við þyrftum að rannsaka. Hvílík snilld!

**ÞVÍ MIÐUR** eru svona snillingar ekki á hverju strái því annars væri Ísland sannarlega bezt í heimi.

# Myndi Phil Collins fíla þetta?

Gítarleikarinn Steve Hackett er staddur hér landi til þess að koma fram á tónleikum með Todmobile. Hann er best þekktur fyrir að hafa verið meðlimur í Genesis og er mikill áhrifavaldur í gítarleik.

**Gunnar Leó Pálsson**
gunnarleo@frettabladid.is

Steve Hackett, fyrrverandi gítarleikari Genesis, sem hefur verið mikill áhrifavaldur í sögu gítarleiksins, er staddur hér á landi og kemur fram með Todmobile á tvennum tónleikum.

„Þeir höfðu samband við mig og sögðust hafa unnið með Jon Anderson [söngvara Yes]. Ég fékk þá tónlist senda en þekkti hana þó ekki alla. Ég hugsaði samt með mér: þetta er eitt það besta sem ég hef heyrt og þeir vilja vinna með mér,“ segir Hackett, greinilega sáttur við störf Todmobile. Á síðasta ári kom sveitin fram með Anderson á vel heppnuðum tónleikum.

„Ég þekki tónlist Bjarkar nokkuð vel og hef heyrt í Mezzoforte, það er auðvitað bara toppurinn á ísjakanum. Allt sem ég hef heyrt frá Íslandi hljómar eins og hér sé mjög hár standard í tónlistarheiminum. Það hlýtur að vera tengt veðrinu, eins og með veðrið á Englandi. Mín kenning er sú að ástæðan fyrir því að Shakespeare hafi samið svona frábær verk er vegna þess að veðrið var svo glatað í Bretlandi,“ segir Hackett léttur í lundu spurður út í kynni sín af íslenskri tónlist.

### Rokkari með áhuga á klassík

Þetta er í fyrsta sinn sem hann kemur hingað til lands og kann hann vel við sig. „Mér þykir landið mjög fallegt. Ég hef þó ekki náð að skoða það því við komum seint á þriðjudag en við ætlum að reyna að skoða landið aðeins og mögulega fara Gullna hringinn. Þetta er auðvitað vinnuferð, þannig að vinnan hefur forgang.“

Hackett hefur verið talinn mikill frumkvöðull í gítarleik en menn á borð við Eddie Van Halen og Brian May hafa talað um hann sem áhrifavald. Þá er hann einnig sagður vera upphafsmaður svokallaðrar „tapping“-tækni. „Þetta var upphaflega bara öðrvísi leið til að spila mjög hratt einn streng. Þetta er orðið að stíl,“ segir Hackett um tæknina. Eddie Van Halen, Steve Vai og fleiri gítarleikarar eru þekktir fyrir að hafa tileinkað sér tæknina.



➜ Hackett hefur verið talinn mikill frumkvöðull í gítarleik en menn á borð við Eddie Van Halen og Brian May hafa talað um hann sem áhrifavald. Þá er hann einnig sagður vera upphafsmaður svokallaðrar „tapping“-tækni.

**GÍTARGOÐSÖGN** Steve Hackett, fyrrverandi gítarleikari Genesis, kemur fram á tvennum tónleikum með Todmobile. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Þó svo að Hackett komi úr rokksveit eins og Genesis hefur hann alltaf haft áhuga á klassískri tónlist. „Í kringum árið 1967, þegar Bítlarnir fóru að vinna með sinfóníum, fæddist heimstónlistin í ákveðnu samhengi og það var mér mikill innblástur. Þó að maður sé í þekktri rokkhljómsveit, þá er mjög sjaldgæft að fá tækifæri til að spila og vinna með sinfóníuhljómsveit. Ég hef samið fyrir sinfóníur og að heyra tónlist sem er samin á sex strengi allt í einu spilaða af sinfóníu er ótrúlegt. Ég er heillaður af þeim hljóm sem sinfóníur mynda,“ útskýrir Hackett. Hann lærði að skrifa tónlist en notaði þá þekkingu ekki lengi. „Ég skrifa niður tónlist ef ég fæ hugmynd, það er mín aðferð og ég treysti á hana því maður getur ekki munað allt. Ég tel það mikilvægt að mennta sig ef þú hefur tök á því. Ef þú vilt taka spilamennskuna lengra tel ég það gott að mennta sig,“ segir Hackett um tónlistarmenntun.

### Naut þess að vera í Genesis

Gítarleikarinn hefur unnið með ótal þekktum tónlistarmönnum en að öðrum ólöstuðum má segja að hann sé þekktastur fyrir störf sín með Genesis. Hann var meðlimur sveitarinnar á árunum 1970 til 1977. En hvernig var að vinna með mönnum á borð við Phil Collins og Peter Gabriel? „Ég naut þess að vera í Genesis. Allir meðlimir sveitarinnar gátu samið frábær lög og ég tel það frekar sjaldgæft. Á margan hátt má þó segja að margt af því besta sem við höfum samið hafi komið eftir að við hættum sem hljómsveit. Til dæmis þróaðist Phil sem söngvari, trommari og lagahöfundur og sama má segja um aðra meðlimi. Phil er frábær náungi, frábær trommuleikari og tónlistarmaður og sama má segja um Peter Gabriel, frábær tónlistarmaður.“ Hann hefur þó einungis tvisvar spilað með Genesis eftir að hann hætti, síðast árið 1982.

Hackett er opinn fyrir því að Genesis komi saman aftur. „Ég er opinn fyrir þeirri hugmynd en ég er ekki viss um að það verði að veruleika. Phil er hættur að spila vegna meiðsla, sem er mjög sorglegt. Þegar ég er að vinna og semja tónlist þá hugsa ég alltaf: myndi Phil Collins fíla þetta, svingar þetta? Það er erfitt að gera trommuleikara til geðs,“ segir Hackett og hlær.

Hackett og Todmobile koma fram ásamt Sinfóníuhljómsveit Norðurlands í Hörpu á föstudagskvöld og í Hofi á laugardagskvöldið.





BÍÓ ★ PARADÍS
HAPPY HOUR Á BARNUM 17-20

| | | | |
|---|---|---|---|
| Whiplash | 18.00 | Winter sleep | 20.00 |
| Turist | 17.45 | París norðursins ENG SUB | 22.00 |
| Mommy | 17.30 | Síðustu sýningar: | |
| Rudderless | 20.00 | 20,000 days on earth | 22.00 |




Barnaheill
Save the Children á Íslandi




Kjörís
NÝTT
Mjúkís
Ís ársins 2015
Komdu þér í mjúkinn
Mjúkís ársins 2015 er kominn í verslanir. Sannkallaður sælkeraís með dúnmjúku súkkulaði og stökkum salthnetum sem bragð er af. Verði ykkur að góðu.
Ísinn verður kynntur í Fjarðarkaupum í dag, milli kl. 15:00 og 17:00.
Brandenburg

## Magnús á gömlum heimavelli annan leikinn í röð



**KÖRFUBOLTI** Heil umferð verður í Domino's-deild karla í körfubolta í kvöld. Magnús Þór Gunnarsson mun þá spila sinn annan leik með Skallagrími og eins og í fyrsta leiknum (78-75 tap í Keflavík) mun Magnús spila á sínum gamla heimavelli þegar hann og félagar hans heimsækja Grindavík. Magnús Þór hóf tímabilið einmitt með Grindavík sem er nú á næstlengstu sigurgöngunni í deildinni (3 sigrar í röð) á eftir KR sem hefur unnið alla 12 leiki sína. Það verður mjög athyglisverður leikur í Garðabænum þar sem Stjarnan (4. sæti) tekur á móti Keflavík (3. sæti) en liðin eru með fjórtán stig alveg eins og Haukar (5. sæti) sem taka á móti Snæfelli (7. sæti, 12 stig) á Ásvöllum. Topplið KR fær ÍR í heimsókn, Þór Þorlákshöfn tekur á móti spútnikliði Tindastóls og lokaleikur kvöldsins er síðan á milli Njarðvíkur og botnliðs Fjölnis í Ljónagryfjunni. Allir leikir kvöldsins hefjast klukkan 19.15.

## Elín Metta með tvö

**FÓTBOLTI** 23 ára landslið kvenna vann flottan 3-1 sigur á A-landsliði Póllands í vináttulandsleik í Kórnum í gærkvöldi. íslenska liðið var sterkari aðilinn í leiknum og vann öruggan sigur en staðan var 2-0 í hálfleik. Valskonan Elín Metta Jensen skoraði tvö mörk fyrir íslenska liðið, bæði í fyrri hálfleiknum, og varamaðurinn Katrín Ásbjörnsdóttir skoraði eitt mark í seinni hálfleiknum áður en þær pólsku minnkuðu muninn.

Elín Metta skoraði einnig í fyrsta leik 23 ára landsliðsins árið 2012 og hefur því skorað 3 af 4 mörkum 23 ára landsliðs Íslands frá upphafi. -óój



**TVÖ MÖRK Í GÆR** Elín Metta Jensen á ferðinni í leiknum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## DOMINO'S KVENNA

**SNÆFELL - KR 63-58 (33-23)**
**Stigahæstar:** Kristen McCarthy 20/12 fráköst/5 stolnir, Gunnhildur Gunnarsdóttir 13/6 stoðs.6 stolnir/4 varin Berglind Gunnarsdóttir 9, Hildur Sigurðardóttir 9/12 fráköst - Simone Holmes 26, Björg Guðrún Einarsdóttir 9, Helga Einarsdóttir 6.

**KEFLAVÍK - HAUKAR 90-63 (50-36)**
**Stigahæstar:**Carmen Tyson-Thomas 31/8 frák./5 stoðs., Sara Rún Hinriksdóttir 13/7 fráköst, Ingunn Embla Kristínardóttir 11, Bryndís Guðmundsdóttir 8/4 fráköst - LeLe Hardy 25/15 frák., Sólrún Inga Gísladóttir 11, Sylvía Rún Hálfdanard.10/11 frák..

**GRINDAVÍK - BREIÐABLIK 83-78 (49-44)**
**Stigahæstar:**María Ben Erlingsdóttir 20, Kristina King 20/9 frák./5 stoðs./6 stolnir, Petrúnella Skúladóttir 18- Arielle Wideman 21/13 frák./9 stoðs., Aníta Rún Árnadóttir 12/5 stoðs. Jóhanna Björk Sveinsdóttir 12/9 frák./6 stoðs..

**HAMAR - VALUR 56-87 (29-41)**
**Stigahæstar:** Sydnei Moss 17/12 fráköst, Salbjörg Ragna Sævarsdóttir 15/8 fráköst/5 varin skot - Taleya Mayberry 33/12 fráköst, Sóllilja Bjarnadóttir 11/5 fráköst, Guðbjörg Sverrisdóttir 9/5 fráköst/8 stoðsendingar, Regína Ösp Guðmundsdóttir 8.

### STAÐAN Í DEILDINNI

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Snæfell | 16 | 15 | 1 | 1224-983 | 30 |
| Keflavík | 16 | 13 | 3 | 1396-1019 | 26 |
| Haukar | 16 | 11 | 5 | 1126-1067 | 22 |
| Grindavík | 16 | 10 | 6 | 1164-1122 | 20 |
| Valur | 16 | 9 | 7 | 1216-1136 | 18 |
| KR | 16 | 3 | 13 | 963-1149 | 6 |
| Hamar | 16 | 2 | 14 | 853-1238 | 4 |
| Breiðablik | 16 | 1 | 15 | 985-1213 | 2 |



**NÍU MÖRK** Kristín Guðmundsdóttir er allt í öllu hjá Valsliðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## OLÍSDEILD KVENNA

**VALUR - HK 24-20 (9-10)**
**Mörk Vals:** Kristín Guðmundsd. 9, Morgan Marie McDonald 5, Íris Ásta Pétursd. 3, Aðalheiður Hreinsd. 2, Sólveig Höskuldsd.2, Marija Mugsoa 1, Sigurlaug Rúnarsd. 1, Bryndís Elín Wöhler 1.

**Mörk HK:** Emma Havin Sardarsd. 5, Gerður Arinbjarnar 4, Sóley Ívarsd. 4, Þórhildur Braga Þórðard. 3, Sigríður Hauksd.2, Eva Hrund Harðardóttir 2.

# Átta menn með tíu stórmót

Stórmótareynsla strákanna í íslenska landsliðshópnum á Heimsmeistaramótinu í Katar er einstök í sögu landsliðsins á stórmóti. Landsliðsfyrirliðinn Guðjón Valur Sigurðsson er á leiðinni á sitt átjánda stórmót.

**HANDBOLTI** Það verða engir nýgræðingar sem berjast fyrir íslensku þjóðina á HM í Katar sem hefst með leik við Svía annað kvöld. Enginn nýliði er í íslenska hópnum og átta leikmenn eru með þessu móti meðtöldu komnir með tíu stórmót eða fleiri á ferilskránna sína.

Það hefur verið skrifað um háan meðalaldur íslenska liðsins en á móti kemur að í liðinu eru leikmenn sem hafa oft gengið í gegnum stórmótafárið saman. Það kemur þeim því fátt á óvart á næstu vikum enda hafa þeir flestallir gengið í gegnum súrt og sætt á stórmótum íslenska landsliðsins undanfarin ár.

Þrír leikmenn íslenska hópsins detta í tuginn með þátttöku sinni í Katar en það eru skytturnar Arnór Atlason og Alexander Petersson og varnartröllið Sverre Jakobsson. Íslenska þjóðin er reyndar búin að bíða svolítið eftir tíunda stórmóti Alexanders sem hefur ekki verið með liðinu á stórmóti síðan á Ólympíuleikunum í London 2012.

Það slær þó enginn við stórmótareynslu landsliðsfyrirliðans Guðjóns Vals Sigurðssonar sem er nú kominn á sitt átjánda stórmót á ferlinum. Guðjón Valur hefur bæði brotið hundrað leikja og fimm hundruð marka múrinn á stórmótum og er sá leikmaður sem hefur spilað samanlagt flesta leiki og skorað flest mörk á HM, EM eða Ólympíuleikum. Guðjón Valur var fyrst með á Evrópumótinu í Króatíu fyrir fimmtán árum og vantar nú aðeins þrjú mörk til að skora sitt sex hundraðasta mark fyrir Ísland á stórmóti.

Línumaðurinn Róbert Gunnarsson er í öðru sæti á eftir Guðjóni Val en hann er á leiðinni á sitt fjórtánda stórmót. Róbert hefur verið með á öllum mótum íslenska liðsins síðan hann mætti á sitt fyrsta stórmót á EM í Slóveníu 2014. Fyrsta stórmót Snorra Steins Guðjónssonar var á HM í Portúgal árið áður en Snorri hefur misst af tveimur mótum síðan, HM í Túnis 2005 og EM í Serbíu 2012. Snorri Steinn er á leiðinni á sitt þrettánda stórmót alveg eins og Ásgeir Örn Hallgrímsson. Ásgeir var fyrst með á EM í Slóveníu 2004 og hefur verið með á öllum stórmótum síðan fyrir utan HM í Túnis 2005.

Björgvin Páll Gústafsson, Aron Pálmarsson og Kári Kristjánsson eru á leiðinni á sitt áttunda, sjöunda og sjötta stórmót en þeir hafa ekki misst úr mót síðan þeir fengu fyrsta tækifærið, Björgvin Páll á ÓL í Peking 2008, Aron á EM í Austurríki 2010 og Kári á HM í Svíþjóð 2011. Hornamennirnir Stefán Rafn Sigurmannsson og Arnór Þór Gunnarsson eru báðir á leiðinni á sitt þriðja stórmót.

Þrír „reynsluminnstu" leikmennirnir eru Gunnar Steinn Jónsson, Bjarki Már Gunnarsson og Sigurbergur Sveinsson en þeir eiga allir bara eitt stórmót að baki. Gunnar Steinn og Bjarki Már stimpluðu sig inn á EM í Danmörku fyrir ári en Sigurbergur hefur ekki verið með á stórmóti síðan hann komst í HM-hópinn í Svíþjóð 2011.

Íslenska landsliðið spilar sinn fyrsta leik á HM á móti Svíum annað kvöld en svo taka við leikir á móti Alsír (sunnudag), Frakklandi (þriðjudag), Tékklandi og Egyptalandi. Fréttablaðið er með sinn fulltrúa út í Katar og mun fjalla ítarlega um mótið næstu vikur.

ooj@frettabladid.is

### STÓRMÓTAREYNSLA ÍSLENSKA LANDSLIÐSHÓPSINS Á HM Í KATAR 2015



**GUÐJÓN VALUR SIGURÐSSON**
**18. STÓRMÓTIÐ**
**8** Evrópumót
**7** heimsmeistaramót
**3** ólympíuleikar
113 leikir, 597 mörk



**RÓBERT GUNNARSSON**
**14. STÓRMÓTIÐ**
**6** Evrópumót
**5** heimsmeistaramót
**3** ólympíuleikar
84 leikir, 207 mörk



**SNORRI STEINN GUÐJÓNSSON**
**13. STÓRMÓTIÐ**
**5** Evrópumót
**5** heimsmeistaramót
**3** ólympíuleikar
76 leikir, 299 mörk



**ÁSGEIR ÖRN HALLGRÍMSSON**
**13. STÓRMÓTIÐ**
**6** Evrópumót
**4** heimsmeistaramót
**3** ólympíuleikar
78 leikir, 106 mörk

**11. STÓRMÓTIÐ** VIGNIR SVAVARSSON / **10. STÓRMÓTIÐ** ARNÓR ATLASON, ALEXANDER PETERSSON, SVERRE JAKOBSSON
**8. STÓRMÓTIÐ** BJÖRGVIN PÁLL GÚSTAFSSON / **7. STÓRMÓTIÐ** ARON PÁLMSSON / **6. STÓRMÓTIÐ** KÁRI KRISTJÁNSSON
**4. STÓRMÓTIÐ** ARON RAFN EÐVARÐSSON / **3. STÓRMÓTIÐ** STEFÁN RAFN SIGURMANNSSON, ARNÓR ÞÓR GUNNARSSON
**2. STÓRMÓTIÐ** GUNNAR STEINN JÓNSSON, BJARKI MÁR GUNNARSSON, SIGURBERGUR SVEINSSON



**UTAN VALLAR** EIRÍKUR STEFÁN ÁSGEIRSSON eirikur@frettabladid.is

# SÆKJUM HEIMSMEISTARATITILINN TIL KATAR

„Jæja. Á nú að skrúfa allar væntingar upp úr öllu valdi? Hefur nærri 30 ára þátttaka í Eurovision ekki kennt okkur neitt? Já, og hvað með öll stórmótin í handbolta þar sem niðurstaðan var fjarri öllum vonum og væntingum? Höfum við enga lexíu lært?"

Ég þekki nokkra sem hugsa á þessum nótum fyrir hvert einasta stórmót í handbolta, mikilvæga landsleiki í fótbolta og fleiri alþjóðlegar keppnir þar sem Ísland er á meðal þáttökuþjóða – líka Eurovision. Gott ef maður hefur ekki gerst sjálfur sekur um slíka bölsýni og það oftar en einu sinni.

Táningsárin eru mótandi og ég er mótaður af reynslu minni af HM 1990 í Tékkóslóvakíu (eftir sigur í B-keppninni í París árið áður voru vonbrigðin mikil) og HM 1995 á heimavelli, þar sem við ætluðum okkur stóra sigra. Ég var líka níu ára þegar Ísland tók þátt í Eurovision í fyrsta sinn og það gaf tóninn – svo ég vísi nú í þá ágætu keppni í síðasta skiptið í þessum pistli.

Á morgun hefst enn eitt stórmótið í handbolta. Í þetta sinn komst Ísland inn eftir krókaleiðum eftir að hafa tapað fyrir mun lægra skrifuðum andstæðingi í undankeppninni. Manni er því til efs hvort það sé innistæða fyrir mikilli bjartsýni nú, þrátt fyrir góðan árangur á EM í Danmörku í fyrra – þótt íslenska liðið væri laskað.

Auðvelda leiðin fyrir stuðningsmenn íslenska liðsins er að búast ekki við neinu. Þannig verða vonbrigðin í lágmarki ef illa gengur og eftir keppnina verður auðvelt að stæra sig af því að hrakfallaspáin hafi ræst. En ef allt skyldi nú fara á besta veg þá væri það bara ánægjulegur yndisauki – hreinræktaður bónus.

Það má ræða vel og lengi um það hversu miklir möguleikar eru á því að strákarnir okkar fari loksins alla leið og vinni gullið sem við þráum öll svo heitt. Það getur vel verið að þeir séu ekkert svo miklir. En flestir hljóta að vera sammála um það að möguleikinn sé til staðar, hversu lítill sem hann er.



Auðvitað þyrfti allt að ganga upp til þess. Allir leikmenn, allra helst lykilmenn Íslands, þyrftu að vera upp á sitt allra, allra besta, og það sem meira er, halda heilsunni út allt mótið. Þar má ekkert út af bregða.

Markvarslan þarf að vera í heimsklassa, varnarleikurinn kraftmikill og sóknarleikurinn hraður og útsjónarsamur. Við eigum einn allra besta hraðaupphlaupsmann í heiminum (Guðjón Val Sigurðsson) og skyttuparið okkar (Aron Pálmarsson og Alexander Petersson) er eitt það besta á mótinu. Þeir og margir aðrir í íslenska liðinu eru hoknir af reynslu og þekkja það vel að vinna glæsta sigra með sínum félagsliðum.

Þegar öllu er á botninn hvolft má færa rök fyrir nánast hvaða útkomu sem er; jákvæðri sem neikvæðri. Um helgina sáum við hvað það er stutt á milli hláturs og gráts hvað vörn og markvörslu varðar og ljóst að á slæmum degi geta strákarnir lent í basli gegn hvaða liði sem er.

En það eina sem skiptir máli er hverju strákarnir sjálfir ætla sér að áorka í Katar. Þeir munu að minnsta kosti ekki velja „auðveldu" leiðina og hafa sett sér háleit markmið fyrir mótið. Um það er ég sannfærður.

Opinbera markmiðið er að gera nóg til að komast í umspil fyrir næstu Ólympíuleika en ég trúi því að innst inni ætli strákarnir sér að fara alla leið. Því ef þeir trúa því ekki sjálfir mun draumurinn um gullið aldrei verða að veruleika. Ég trúi á strákana og leyfi mér því að vona – hver svo sem niðurstaðan verður þegar til kastanna kemur.

# JANÚARTILBOÐ

## - FYRIR HEIMILIN Í LANDINU



SAMSUNG SMART TV

**H6675 LÍNAN**
LED SJÓNVARP · 600 Hz. · Full HD 1920x1080p 3D · SMART TV · Gervihnatta móttakari · Micro Dimming · Gervihnatta móttakari

48" 199.900,-

SAMSUNG SMART TV

**H6475 LÍNAN**
LED sjónvarp · 400 CMR (rið) 3D · smart TV með þráðlausu neti.

55" 269.900,-
65" 449.900,-



Pioneer HLJÓMTÆKI

X-SMC01BT-W
### Hljómtækjastæða vegghengjanleg
2x10W, Bluetooth, FM útvarp, geislaspilari CD-R/CD-RW, USB, MP3, WMA

3 litir



29.900,-

Pioneer HLJÓMTÆKI

DCS-222K
### DVD heimabíóstæða
5.1 rása heimabíókerfi með DVD spilara og FM útvarpi · 300W magnari · HDMI tenging · Spilar alla DVD og CD diska, MP3, WMA, JPEG og DivX, styður 1080p (HD upscaling)

33.900,-



Pioneer HLJÓMTÆKI

X-HM21-K
### Hljómtækjastæða
2 x 15W magnari, FM útvarp m. 40 stöðva minni
Spilar: CD, MP3, WMA, CD-R/RW,
Tengi: USB, RCA, Heyrnartól

Spilar iPod í gegnum USB, standur f. iPod fylgir.

32.900,-



DEH-1600UB
Pioneer HLJÓMTÆKI
### Frábært bíltæki



4X50 Mosfet magnari · Útvarp með 24 stöðva minni · Spilar: CD, MP3, WMA WAV · USB og Aux-in að framan.

14.500,-

Pioneer HLJÓMTÆKI

X-DS301-K
### Útvarpsvekjari með iPod vöggu



12.900,-

Pioneer HLJÓMTÆKI

Blu-ray 3D

BDP-170-K **Blu Ray spilari 3D**
Spilar DVD-video, VCD, CD, AVCHD, SACD, BD-ROM, BD-R/RE, CD-RW, DTS-CD, DVD-RW, DL/-RW, DVD+R/+RW, DL/+RW,
Tengi: HDMI, USB, WiFi

27.900,-



Pioneer HLJÓMTÆKI

SBX-N750
### Soundbar
270W, innbyggður bassi, Class D magnari, Þráðlaust 150W bassabox, Bluetooth, WiFi, Vegghengjanlegt, HDMI ARC, 2xoptical, mini jack, 1xcoaxial digital, USB

64.500,-



Pioneer

*Heyrnartól* SE-MJ721 6.290,-



*Heyrnartól*
SE-MJ751

11.900,-






veho.
### *Sportmyndavélar*
*NPNG útgáfa - 1080@60fps og 720p@120fps - Innbyggð WiFi tenging - Snjallforrit fyrir Android og Apple iOS - 16MP ljósmyndir - LCD Skjár og losanleg 1500mAh rafhlaða - Vatnshelt hylki á 100m fylgir - Festingar og 8GB kort fylgja - Kemur í með flottri tösku.*

46.900,-

MUVI™ K-SERIES

# Útsölumarkaður 30-80% afsláttur

Heimabíómagnarar • Nintendoleikir • Fartölvutöskur • Hljómtækjastæður • Bluetooth hátalarar • Geisladiskar • I pad hulstur • Spilað & Skilað / Spilaðir tölvuleikir • Vefmyndavélar • PC stýripinnar • Tölvusnúrur • WIFi hátalarar • Diskahýsingar • Leikjastýripinnar • Þráðlaus talnaborð • Farsímahulstur o.fl.

FYRIR HEIMILIN Í LANDINU

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800 **ORMSSON** ormsson.is

| ORMSSON | ORMSSON | KS | SR · BYGG | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | GEISLI |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| KEFLAVÍK | ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI | SAUÐÁRKRÓKI | SIGLUFIRÐI | AKUREYRI | HÚSAVÍK | VÍK-EGILSSTÖÐUM | PAN-NESKAUPSTAÐ | ÁRVIRKINN-SELFOSSI | VESTMANNAEYJUM |
| SÍMI 421 1535 | SÍMI 456 4751 | SÍMI 455 4500 | SÍMI 467 1559 | SÍMI 461 5000 | SÍMI 464 1515 | SÍMI 471 2038 | SÍMI 477 1900 | SÍMI 480 1160 | SÍMI 481 3333 |

# DAGSKRÁ



**RÚV kl. 17.20**
**HM í handbolta karla (Katar – Brasilía)**
Bein útsending frá setningarleik heimsmeistaramóts karla í handknattleik í Katar.

## Í KVÖLD



**RESTAURANT STARTUP**
**STÖÐ 2 KL. 20.15** Skemmtilegur og spennandi raunveruleikaþáttur í umsjón hins harða og eitursvala Joes Bastianich og veitingahúsaeigandans Tims Love. Í hverjum þætti velja þeir á milli tveggja hópa þáttakenda.



**ALLY McBEAL**
**GULL KL. 20.15** Gamanþættir sem unnu til fjölda verðlauna á sínum tíma. Þættirnir fjalla um lögfræðinginn Ally McBeal og samstarfsfólk hennar en einkalíf þeirra og ástamál eru drepfyndin og stórfurðuleg.



**GROWN UPS 2**
**STÖÐ 2 BÍÓ KL. 20.20** Bráðskemmtileg gamanmynd frá 2013 með Adam Sandler, Kevin James, Chris Rock og David Spade í aðalhlutverkum. Í fyrri myndinni hittust fjórir æskuvinir á ný og slettu ærlega úr klaufunum.

**Bylgjan kl. 19.15**
**90's þátturinn**
Þórunn Erna Clausen og spilar fyrir þig bestu lögin frá 1990-1999.








### STÖÐ 2

**07.00** **Barnatími Stöðvar 2**
**08.05** **The Wonder Years**
**08.30** **Around the World in 80 Plates**
**09.15** **Bold and the Beautiful**
**09.35** **Doctors**
**10.15** **60 mínútur**
**11.00** **Don't Blame the Dog**
**11.50** **Harry's Law**
**12.35** **Nágrannar**
**13.00** **Stepmom**
**15.10** **The O.C**
**15.55** **iCarly**
**16.20** **The New Normal**
**16.45** **How I Met Your Mother**
**17.10** **Bold and the Beautiful**
**17.32** **Nágrannar**
**17.57** **The Simpsons**
**18.23** **Veður**
**18.30** **Fréttir Stöðvar 2**
**18.47** **Íþróttir**
**18.54** **Ísland í dag.**
**19.11** **Veður**
**19.20** **Fóstbræður**
**19.50** **Marry Me** Gamanþættir um parið Annie og Jake sem eru alltaf í þann mund að taka stóra skrefið sambandinu en það kemur alltaf eitthvað uppá.
**20.15** **Restaurant Startup**
**21.00** **NCIS**
**21.45** **Person of Interest**
**22.30** **Crimes That Shook Britain**
**23.20** **Hreinn Skjöldur**
**23.50** **Rizzoli & Isles**
**00.30** **Rizzoli & Isles**
**01.15** **Banshee**
**02.05** **Shameless**
**03.05** **NCIS. New Orleans**
**03.50** **Louie**
**04.15** **Ninja**
**05.40** **Fréttir og Ísland í dag**

### SPORT *besta sætið*

**07.00** **Ipswich - Southampton**
**12.50** **Ísland - Tyrkland**
**14.30** **Tottenham - Newcastle**
**16.10** **Spænsku mörkin 14/15**
**16.40** **Real Madrid - Espanyol**
**18.20** **Ipswich - Southampton**
**20.00** **Upprifjun - MD 2014**
**20.30** **World's Strongest Man 2014**
**21.00** **UFC Unleashed 2014**
**21.45** **West Ham - Everton**
**23.25** **Upprifjun - MD 2014**
**23.55** **World's Strongest Man 2014**
**00.25** **UFC Unleashed 2014**

### SPORT 2 *enski boltinn*

**11.10** **Crystal Palace - Tottenham**
**12.55** **Leicester - Aston Villa**
**14.40** **Football League Show 2014/15**
**15.10** **Messan** Skemmtilegur
**16.35** **Chelsea - Newcastle**
**18.20** **Everton - Man. City**
**20.00** **Premier League World 2014**
**20.30** **Sunderland - Liverpool**
**22.10** **Arsenal - Stoke**
**23.55** **Premier League World 2014**

### ÍNN

**20.00** Hrafnaþing á Vestfjörðum **21.00** Auðlindakistan **21.30** Suðurnesjamagasín

### STÖÐ 3

**18.45** **Top 20 Funniest**
**19.30** **Community 3**
**19.50** **Last Man Standing**
**20.15** **American Idol**
**21.00** **Are You There, Chelsea?**
**21.25** **Supernatural**
**22.10** **True Blood**
**23.05** **Last Man Standing**
**23.25** **American Idol**
**00.10** **Are You There, Chelsea?**
**00.30** **Supernatural**
**01.15** **Tónlistarmyndbönd frá Bravó**

### Krakkastöðin

**07.00** Ben 10**07.25** Kalli á þakinu **07.47** Tommi og Jenni **07.53** Tom and Jerry *(chuck jones)* **08.00** Dóra könnuður**08.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **08.45** Doddi litli og Eyrnastór **08.55** Rasmus Klumpur og félagar **09.00** Áfram Diego, áfram! **09.24** Svampur Sveinsson **09.45** Elías **09.55** UKI **10.00** Brunabílarnir **10.22** Latibær **10.47** Ævintýraferðin **11.00** Ben 10 **11.25** Kalli á þakinu **11.47** Tommi og Jenni **11.53** Tom and Jerry *(chuck jones)* **12.00** Dóra könnuður **12.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **12.45** Doddi litli og Eyrnastór **12.55** Rasmus Klumpur og félagar **13.00** Áfram Diego, áfram! **13.24** Svampur Sveinsson **13.45** Elías **13.55** UKI **14.00** Brunabílarnir **14.22** Latibær **14.44** Ævintýraferðin **15.00** Ben 10 **15.25** Kalli á þakinu **15.47** Tommi og Jenni **15.53** Tom and Jerry *(chuck jones)* **16.00** Dóra könnuður **16.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **16.45** Doddi litli og Eyrnastór **16.55** Rasmus Klumpur og félagar **17.00** Áfram Diego, áfram! **17.24** Svampur Sveinsson**17.45** Elías **17.55** UKI **18.00** Brunabílarnir**18.22** Latibær1 8.44 Ævintýraferðin **19.00** Paranorman **20.30** Sögur fyrir svefninn

### GULLSTÖÐIN

**17.50** **Strákarnir**
**18.15** **Friends**
**18.40** **2 Broke Girls**
**19.05** **Modern Family**
**19.25** **Two and a Half Men**
**19.50** **Go On**
**20.15** **Ally McBeal**
**21.00** **The Following**
**21.45** **The Untold History of the United States**
**22.45** **Prime Suspect**
**00.30** **It's Always Sunny in Philadelphia**
**00.55** **Go On**
**01.15** **Ally McBeal**
**02.00** **The Following**
**02.45** **The Untold History of the United States**
**03.45** **Tónlistarmyndbönd frá Bravó**

### BÍÓSTÖÐIN

**12.20** **LOL**
**14.00** **Cowgirls 'N Angels**
**15.30** **Grown Ups 2**
**17.10** **LOL**
**18.50** **Cowgirls 'N Angels**
**20.20** **Grown Ups 2**
**22.00** **My Week With Marilyn**
**23.40** **Perrier's Bounty**
**01.10** **Sleeping Beauty**
**02.50** **My Week With Marilyn**

### RÚV

**16.00** **Berlínarsaga**
**16.50** **Táknmálsfréttir**
**17.00** **HM-stofan**
**17.20** **HM í handbolta karla** *(Katar-Brasilía)* Bein útsending frá setningarleik heimsmeistaramóts karla í handknattleik í Katar.
**19.00** **Fréttir**
**19.20** **Íþróttir**
**19.30** **Veðurfréttir**
**19.35** **Kastljós**
**20.05** **Ferð til fjár** *(1:6)* Skemmtilegur og öðru vísi þáttur um fjármál. Markmið þáttanna er að bæta fjármálalæsi landsmanna og er fjallað um fjármál einstaklinga og algengar ranghugmyndir um peninga, sparnað og eyðslu ræddar. Umsjón: Helgi Seljan. Leikstjórn: Baldvin Z og Arnór P. Arnarson.
**20.35** **Doll og Em**
**21.00** **Bráð**
**21.50** **Landakort**
**22.00** **Tíufréttir**
**22.15** **Veðurfréttir**
**22.20** **HM-stofan**
**22.40** **Glæpahneigð**
**23.20** **Erfingjarnir**
**00.15** **Kastljós**
**00.40** **Fréttir**
**00.55** **Dagskrárlok**

### SKJÁREINN

**06.00** **Pepsi MAX tónlist**
**08.00** **Everybody Loves Raymond**
**08.20** **Dr. Phil**
**09.00** **The Talk**
**09.45** **Pepsi MAX tónlist**
**14.45** **Cheers**
**15.10** **Family Guy**
**15.30** **Top Chef**
**16.20** **Last Chance to Live**
**17.05** **Vexed**
**17.50** **Dr. Phil**
**18.30** **The Tonight Show**
**19.10** **The Talk**
**19.50** **America's Funniest Home Videos**
**20.15** **Lucky in Love**
**21.45** **How to Get Away with Murder**
**22.30** **The Tonight Show**
**23.20** **Law & Order. SVU**
**00.05** **The Affair**
**00.55** **The Walking Dead**
**01.45** **How to Get Away with Murder**
**02.30** **The Tonight Show**
**03.20** **Pepsi MAX tónlist**

### Golfstöðin

**08.15** **Golfing World 2014**
**09.05** **PGA Tour 2015 - Highlights**
**10.00** **European Tour 2015**
**13.00** **PGA Tour Latinoamerica**
**13.30** **Golfing World 2014**
**14.30** **PGA Tour 2015**
**17.30** **2014 Champions Tour Year**
**18.25** **Inside The PGA Tour 2015**
**18.50** **European Tour 2015**
**21.50** **Inside The PGA Tour 2015**
**22.15** **Golfing World 2014**
**23.05** **PGA Tour 2015 - Highlights**
**00.00** **PGA Tour 2015**

### ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

TENGI

# LÆGRA VERÐ!

## -ÁN VÖRUGJALDA




GÆÐI, ÞJÓNUSTA OG ÁBYRGÐ - ÞAÐ ER TENGI

Smiðjuvegi 76 • Kópavogi • Sími 414 1000 • Baldursnesi 6 • Akureyri • Sími 414 1050

Opið virka daga frá 8-18 laugardaga frá 10-15 • www.tengi.is • tengi@tengi.is

## BESTI BITINN



**„Að sjálfsögðu haggis með kartöflu og rófustöppu, þú færð þér ekki lambasteik þegar er haggis í boði.“**

Pétur Berg Matthíasson, í stjórn í Edinborgarfélagsins.

# Fengu 48 tíma til að gera verk um Charlie

Viktoría Blöndal, nemi í LHÍ, leikstýrði verki um „Je suis Charlie“ á leikhúsfestivali um síðustu helgi.

„Þau héldu að það myndi enginn þora að taka þetta efni, en við tókum bara sénsinn og fórum með það alla leið,“ segir Viktoría Blöndal nemi í leiklistardeild Listaháskóla Íslands.

Hún og einn annar nemi í sömu deild héldu til Noregs í síðustu viku þar sem þau tóku þátt í 48 klukkutíma leikhúsfestivali, þar sem þau völdu sér viðfangsefnið „Je suis Charlie“ sem Viktoría leikstýrði. „Það voru nokkur tilbúin efni sem við máttum velja úr og við tókum þetta. Það var merkilegt að vinna þetta, ekki viku eftir að hryðjuverkin áttu sér stað og að auki að vinna þetta í Noregi eftir Breivik-málið,“ segir Viktoría.

Með henni í hóp voru nokkrir Norðmenn, ásamt fleirum frá Skandinavíu, og segir hún að í undirbúningnum hafi vaknað upp minningar frá ástandinu sem ríkti í Noregi 2010 og þau hafi tengt þetta mikið saman. „Við reyndum að gera þetta eins fallega og við gátum og af 100 prósent virðingu við þetta fólk. Þegar þú deyrð með blýantinn við hönd og segist ekki ætla að gefast upp, ætlar þú þá ekki að segja neitt?“ segir hún.

> **Það var merkilegt að vinna þetta, ekki viku eftir hryðjuverkin áttu sér stað.**

Hópurinn vakti mikla athygli úti og segir blaðamaður í dómi sínum á fréttavefnum sa.no að sig hafi langað til að kasta upp, gráta og fengið gæsahúð á sama tíma, svo magnað hafi verkið verið. - asi



**ÁHRIFARÍKT VERK** Viktoría segir að þau hafi fengið gríðarlega sterk viðbrögð við verkinu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Íslenskt og japanskt raftónlistarsamstarf

Möller Records gefur í dag út plötuna Rivers and Poems sem er þrítugasta útgáfa fyrirtækisins.

Í dag kemur platan Rivers and Poems út en hún er samstarfverkefni Frosta Jónssonar, sem kallar sig Bistro Boy, og japanska sveimtónlistarmannsins Bobuto Suda.

„Þetta er önnur platan sem íslenskur raftónlistarmaður frá Möller Records gerir í samstarfi við japanskan raftónlistarmann,“ segir Árni Grétar sem gerir tónlist undir nafninu Futuregrapher en hann stofnaði Möller Records ásamt Jóhanni Ómarssyni.

Platan er þrítugasta útgáfa Möller Records sem leggur áherslu á að gefa út raftónlist.

„Við stefnum að því að gera þriðju plötuna og ætlum að reyna að gera seríu,“ segir Árni Grétar en hann gaf sjálfur út fyrri plötuna ásamt japanska raftónlistarmanninum Hidekazu Imashige og Veronique Vaka Jacques. „Platan kemur út á geisladisk í takmörkuðu upplagi. En verður líka til sölu á iTunes, á heimasíðunni okkar og öllum helstu söluveitum í heiminum.“

Útgáfunni verður fagnað raftónlistarkvöldinu Heiladans sem Möller Records stendur fyrir á Bravó 29. janúar klukkan níu en þetta er jafnframt fertugasta Heiladans-kvöldið. - gló



**ÁRNI GRÉTAR** Stofnaði Möller Records ásamt Jóhanni Ómarssyni árið 2011. MYND/ADELINELEBROC






# Opna pitsustað með landsliðsfyrirliðanum

Valgeir Gunnlaugsson opnar pitsustaðinn Íslenska flatbakan ásamt handboltamanninum Guðjóni Val Sigurðssyni og Ísak Runólfssyni bakarameistara.

„Við erum bara að leggja lokahönd á staðinn, eins og sést þá er ég bara í vinnugallanum. Svo skiptir maður fljótlega yfir í bakaragallann,“ segir Valgeir Gunnlaugsson, pitsusérfræðingur og rekstrarstjóri.

Hann, ásamt frænda sínum Ísak Runólfssyni bakara og Guðjóni Val Sigurðssyni handboltamanni, opnar pitsustaðinn Íslenska flatbakan í Kópavogi í lok mánaðarins.

Valgeir, eða Valli eins og flestir kalla hann, segir þá félaga langt frá því að vera að finna upp hjólið í pitsugerðinni. „Við ætlum einfaldlega að bæta það sem okkur fannst mega bæta í pitsugerð, vera með framúrskarandi þjónustu og meðal annars bjóða upp á hluti sem venjulega eru ekki á boðstólum á pitsustöðum. Svo erum við líka með einn stærsta eldofn sinnar tegundar á Íslandi í eldhúsinu,“ segir Valli hress.

En hvernig datt þeim í hug að opna saman pitsustað? „Við erum frændur, við Ísak, og hann er einn reynslumesti bakari landsins. Guðjón Valur er frændi unnustu minnar og einhvern tíma í spjalli við hann bar ég þessa hugmynd undir hann, sem honum leist vel á. Hann er meira að hugsa þetta til lengri tíma og fannst spennandi að taka þátt í að byggja upp eitthvað heima á Íslandi. Allt sem Guðjón gerir, það gerir hann vel og við líka,“ segir hann.

Valgeir segir staðinn verða hlýlegan og svolítið „retro“ og sjá þeir um alla hönnun og smíði sjálfir. En mega aðdáendur fyrirliða handboltalandsliðsins eiga von á að geta barið goðið augum þarna? „Ég veit nú ekki hvort hann kemur til með að hoppa í bakaragallann þegar heimsmeistaramótinu lýkur,“ segir Valli og hlær.

Þeir félagar stefna að því að opna staðinn um næstu mánaðamót og geta pitsuhungraðir Íslendingar fylgst með á Facebook-síðu þeirra. adda@frettabladid.is



**ALLT Á FULLU** Valli er enn í vinnugallanum, en ætlar að skipta í bakaragallann áður en langt um líður. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**GUÐJÓN VALUR SIGURÐSSON,** fyrirliði íslenska landsliðsins í handbolta.

> **Ég veit nú ekki hvort hann kemur til með að hoppa í bakaragallann þegar heimsmeistaramótinu lýkur.**

# CCP greiðir fyrir gönguferðir

Sigfríður Sigurðardóttir hjá CCP segir nýja samgöngustefnu fara vel í starfsfólk.

„Nýja samgöngustefnan tók gildi hjá okkur 1. janúar,“ segir Sigfríður Sigurðardóttir, skrifstofustjóri hjá CCP. Nú fá þeir starfsmenn, sem ganga, taka strætó eða hjóla að minnsta kosti þrisvar í viku sjö þúsund krónur skattfrjálst frá fyrirtækinu. „Það eru strax fjölmargir búnir að skrá sig, en ég myndi segja að um 60 prósent af starfsfólkinu gangi eða noti almenningssamgöngur nú þegar. Okkar von er að með þessu muni sá hópur stækka enn frekar,“ segir hún og bætir við: „Með þessu erum við ekki síður að hugsa um umhverfið en heilsuna, en við ætlum að efla okkur enn frekar á því sviði. Ég veit að þetta er svona hjá fleiri fyrirtækjum og hefur fengið frábærar undirtektir og ég hvet fyrirtæki til að taka upp þessa stefnu. Það er ekki bara gott móralskt séð, heldur eru allir hressari.“ Auk styrksins kemur læknir í fyrirtækið frítt einu sinni í viku. Einnig er boðið upp á fatahreinsun, bílaþrif, snyrtingu, hárgreiðslu, nudd og fleira gegn gjaldi. - asi

**7000** Upphæðin fyrir að ganga, hjóla eða taka strætó í vinnuna.



**HRESSIR OG KÆTIR** Sigfríður hvetur fyrirtæki til að taka sér CCP til fyrirmyndar.


ÚTSALA
SÍÐUSTU DAGAR ÚTSÖLUNNAR
25% Kynningar-afsláttur
AF ALLRI GJØCO MÁLNINGU
Allt að 30% afsláttur
Takmarkað magn
AF VÖLDUM BLÁUM BOSCH RAFMAGNSVERKFÆRUM
25% afsláttur
50% afsláttur
AF HI-VIZ VINNUFATNAÐI
Allt að 50% afsláttur
AF VÖLDUM GASGRILLUM
AF ÖLLUM LJÓSUM
90% afsláttur AF ÖLLUM RITFÖNGUM
50% afsláttur AF ALLRI JÓLAVÖRU
40% afsláttur AF ÖLLUM INNI-LEIKFÖNGUM
30% afsláttur AF ÖLLUM LIST-MÁLARAVÖRUM
25% afsláttur AF ÖLLU PRJÓNAGARNI
20% afsláttur AF ÖLLUM PLASTBOXUM
20% afsláttur AF ÖLLUM BÚSÁHÖLDUM
25% afsláttur
Vnr. 65103331
MIX&GO 300W.
5.195 kr.
FULLT VERÐ: 6.911 kr.
25% afsláttur
Vnr. 15400000
ARMATURA OMEGA
eldhústæki.
9.595 kr.
FULLT VERÐ: 12.840 kr.
Krono Original
Harðparket
28% afsláttur
Vnr. 0113452-3
KRONO Original
harðparket, eik eða
hnota, 193x1380x6 mm.
995 kr./m²
FULLT VERÐ: 1.378 kr./m²
30% afsláttur
Vnr. 41750204
Slökkvitæki,
léttvatnstæki, 6 l,
umhverfisvænt.
6 lítra
6.913 kr.
FULLT VERÐ: 9.876 kr.
30% afsláttur
138x70x30 cm
Vnr. 38910030
SMARTY járnhillur,
hámark 4x50 kg,
138x70x30 cm.
2.071 kr.
FULLT VERÐ: 2.959 kr.
Flísar
66% afsláttur
Vnr. 17900120
Gólfflísar,
frostþolnar,
34x34 cm
995 kr./m²
FULLT VERÐ: 2.954 kr./m²
Þetta er aðeins brot
af þeim vörum sem
eru á útsölu
BYKO
BÚÐU BETUR. BORGAÐU MINNA.

FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR

RITSTJÓRN 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is PRENTUN Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

Opið allan sólarhringinn
í Engihjalla, Vesturbergi og Arnarbakka
OPIÐ 24 TÍMA
Iceland

## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Eddan á svið

Leikkonan **Edda Björgvinsdóttir** er þessa dagana á stífum æfingum fyrir nýja leiksýningu. Sýningin ber nafnið Eddan en þar mun hún líta yfir farinn veg og ferilinn. Það verður vafalaust mikið grín og gaman þar sem Edda hefur um árabil verið ein þekktasta gamanleikkona landsins. Frumsýning er í Gamla bíói þann 29. janúar næstkomandi en Eddu til halds og trausts eru þeir Gunnar Hansson og Bergþór Pálsson. Handritið er eftir Eddu sjálfa og Björk Jakobsdóttur en eiginmaður þeirrar síðarnefndu, Gunnar Helgason, leikstýrir. **- vh**



### Moses með nýja plötu

Moses Hightower er þessa dagana í hljóðveri við upptökur á nýrri plötu og í gær hafði hún lokið fimm upptökudögum. Hljómsveitin gaf síðast út Aðra Mósebók sem kom út árið 2012 við mjög góðar undirtektir. Hún seldist vel, auk þess sem hún var kjörin plata ársins af gagnrýnendum Fréttablaðsins. Að auki hlutu forsprakkarnir, Andri Ólafsson og **Steingrímur Teague,** Íslensku tónlistarverðlaunin sem textahöfundar ársins. Hljómsveitin var einnig kjörin lagahöfundur ársins. **- fb**



## Mest lesið VÍSIR

1 Strætóbílstjóri hætti akstri því aldraður farþegi fékk ekki sæti
2 Finnur fyrir því að fólk hugsi „helvítis útlendingur"
3 Neydd með börnin úr öryggi á Íslandi í óvissu vestan hafs
4 Lést 21 árs í bílslysi: „Hún gefur sex manns tækifæri á betra lífi"
5 Sem systkini að lokinni heimsreisu




